# Elliðavatnsblettir
## Húsakönnun

Drífa Kristín Þrastardóttir



**Reykjavík 2025**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 240

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

# Elliðavatnsblettir
## Húsakönnun

Drífa Kristín Þrastardóttir




**Reykjavík 2025**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 240

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Drífa Kristín Þrastardóttir

Mynd á forsíðu:
Mynd tekin til norðurs yfir Helluvatn árið 2015. Sumarbústaðir á Elliðavatnsblettum 1–3.
*Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. FBL GVA 18883. Ljósmyndari Gunnar V. Andrésson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 240
Reykjavík 2025
Öll réttindi áskilin

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

# Efnisyfirlit

Formáli ... 3

1 Saga svæðisins ... 5

1.1 Staðsetning og staðhættir ... 5

1.2 Ágrip af sögu Elliðavatnsjarðar fram til um 1900 ... 7

1.3 Tímabilið 1900–1923: Lögn vatnsveitu frá Gvendarbrunnum – Fyrstu sumarbústaðir í landi Elliðavatnsjarðar ... 9

1.4 Tímabilið 1923–1930: Kaup Reykjavíkurbæjar á Elliðavatnsjörð – Fleiri sumarbústaðir í Elliðavatnslandi ... 16

1.5 Tímabilið 1930–1940: Elliðavatnsblettir – Myndun sumarhúsabyggðar ... 22

1.6 Tímabilið 1940–1957: Hernámsárin og herbúðir – Vistheimili á Elliðavatni – Friðlandið Heiðmörk ... 35

1.7 Tímabilið 1957-1970: Annað byggingarskeið Elliðavatnsbletta ... 39

1.8 Tímabilið eftir 1970: Yngri sumarbústaðir og endurnýjun ... 45

1.9 Staða svæðisins í dag út frá vatnsvernd, skipulagi og eignarhaldi ... 48

2 Skráning menningarminja – Húsakönnun ... 51

2.1 Um lögbundna verndun og skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja ... 51

2.2 Um Húsaskrá Reykjavíkur ... 53

2.3 Húsakönnun ... 54

2.3.1 Könnunarsvæðið: Elliðavatnsblettir í Heiðmörk ... 54

2.3.2 Núverandi byggð á svæðinu – Samantekt ... 55

2.3.3 Verndarstaða og varðveislumat húsa á Elliðavatnblettum ... 57

2.3.3.1 Um hverfisvernd og verndarstöðu húsa gagnvart lögum ... 57

2.3.3.2 Verndarstaða húsa á Elliðavatnsblettum gagnvart lögum ... 59

2.3.3.3 Niðurstöður um varðveislugildi húsa á Elliðavatnsblettum ... 61

2.3.3.4 Tillögur um hverfisvernd húsa á Elliðavatnsblettum ... 63

2.3.3.5 Niðurstöður og ábendingar um heildrænt gildi sumarhúsabyggðar og annarra mannvirkja og minja á Elliðavatnsblettum ... 71

2.3.4 Húsaskrá: Elliðavatnsblettir ... 79

Heimildaskrá ... 107

# Formáli

Hér á eftir fer húsakönnun fyrir Elliðavatnsbletti í Heiðmörk. Um er að ræða sumarbústaðalönd sem liggja innan þess landsvæðis sem áður tilheyrði Elliðavatnsjörð og teljast nú hluti af útivistarsvæðinu Heiðmörk og vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins (sjá mynd 1). Könnunin er unnin að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna fyrirhugaðs niðurrifs nokkurra húsa á svæðinu og í samræmi við tilmæli Minjastofnunar Íslands í umsögn dags. 26.9.2023. Um er að ræða heildarskráningu þeirrar sumarhúsabyggðar sem stendur á svæðinu í dag, þar sem lagt er mat á varðveislugildi húsanna og byggðarinnar í heild, meðal annars út frá byggingar- og menningarsögulegu samhengi.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert húsakannanir[1] í samræmi við ákvæði 37. gr. **skipulagslaga nr. 123/2010**, þar sem segir:[2]

> *Þegar unnið er* ***deiliskipulag í þegar byggðu hverfi*** *skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð* ***húsakönnunar****.*

Ákvæði um skráningu menningarminja er jafnframt að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[3]

Í skipulagsreglugerð er húsakönnun skilgreind sem „[u]pplýsingar um byggð sem fyrir er og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, þar sem m.a. er skoðað byggingar- og menningarsögulegt samhengi“.[4] Húsakönnun er skilgreind á sambærilegan hátt í leiðbeiningum Minjastofnunar sem „byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.“[5]

Tilgangur húsakannana og skráningar menningarminja er að „tryggja verndun og varðveislu menningararfsins. Með gerð húsakannana fæst yfirlit yfir byggingararfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans“ og stuðlar að því að ákvarðanir sem varða verndun og/eða breytingar á byggð eða einstökum húsum byggi á faglegum grunni og séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.[6]

Ágúst 2025<br>María Karen Sigurðardóttir<br>deildarstjóri minjavörslu og rannsókna<br>Borgarsögusafni Reykjavíkur

---

[1] Sjá *Vef.* „Skýrslur“, Borgarsögusafn Reykjavíkur, https://borgarsogusafn.is/skyrslur.
[2] *Vef.* Alþingi. Skipulagslög nr. 123/2010, https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html, 37. gr., 5. mgr.
[3] *Vef.* Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012, https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html.
[4] *Vef.* Ísland.is. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013, 1.3. gr.
[5] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 4.
[6] *Vef.* „Skráning vegna skipulags - húsakönnun - Huginn“, Minjastofnun Íslands, sótt 10.7.2025, https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/skraning-husa-og-mannvirkja.

# 1 Saga svæðisins

## 1.1 Staðsetning og staðhættir

Hér á eftir fer könnun húsa og mannvirkja á *Elliðavatnsblettum* í Heiðmörk. Um er að ræða sumarbústaðalönd sem liggja austan og suðaustanvert við *Elliðavatn*, innan landsvæðis sem áður tilheyrði *Elliðavatnsjörð* (sjá mynd 1). Svæðið telst nú hluti af friðlandinu og útivistarsvæðinu *Heiðmörk* og liggur jafnframt innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins, nánar tiltekið á svæðum sem eru skilgreind sem grannsvæði og öryggissvæði vegna grunnvatns og yfirborðsvatns.

Sumarbústaðalönd eða lóðir sem teljast til Elliðavatnsbletta eru nú 26 talsins, en blettirnir voru áður fleiri og bera núverandi blettir því númer frá 1 upp í 35. Í dag standa hús á 23 blettanna, alls 22 sumarbústaðir og ýmis önnur hús, bátaskýli, skúrar og leifar annarra mannvirkja. Á sjö blettum af þeim sem töldust til Elliðavatnsbletta eru horfin þau sumarhús sem áður stóðu þar og önnur sumarhús hafa ekki verið byggð í stað þeirra.[7] Blettirnir eru misstórir og dreifast um stórt svæði sem liggur frá *Rauðhólum* til suðvestur meðfram austurbakka *Elliðavatns* að *Þingnesi* og til austurs og suðausturs kringum *Helluvatn*, sem er lítið vatn norðaustan Elliðavatns. Byggðin er því fremur gisin en blettirnir liggja þéttast á svæði milli Helluvatns og *Kirkjuhólmatjarnar*, sem liggur suðaustan Helluvatns.




**Mynd 1**. Svæði Elliðavatnsbletta í Heiðmörk, afmörkun bletta sýnd með bláum útlínum (óhnitsett lóðamörk) og rauðum (hnitsett lóðamörk). Númer núverandi bletta merkt inn.[8]

---

[7] Um er að ræða eftirtalin hús: Hús Guðmundar Péturssonar á Elliðavatnsbletti 4, húsið *Litla-Hvamm* á Elliðavatnsbletti 9, hús Baldvins Jónssonar á Elliðavatnsbletti 12, hús Böðvars Péturssonar á Elliðavatnsbletti 19, húsið *Hrauntún* á Elliðavatnsbletti 25 (sá blettur er ekki til í dag), húsið *Bakkasel* á Elliðavatnsbletti 34 og sumarhúsið *Þingnes*, Elliðavatnsbletti 35.

[8] *Vef*. Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/, þekjur: „Myndefni“: „Lágflugsloftmynd 20/7 og 7/8 2024“, „Hús og lóðir“: „Lóðamörk“. Kortavinnsla: DKÞ Borgarsögusafni.

Svæðið hefur tekið miklum breytingum frá því sem var í upphafi 20. aldar, þegar fyrstu sumarhúsin risu þar, en þá var Elliðavatn mun minna en nú og raunar um tvö samtengd vötn að ræða, annars vegar *Vatnsendavatn*, kennt við bæinn Vatnsenda, og hins vegar *Vatnsvatn*, en *Elliðavatnsbær* eða bærinn „á Vatni" eins og einnig var sagt, stóð á tanga norðaustanvert við vatnið.[9] Miklar engjar lágu norðan vatnanna, *Elliðavatnsengjar*. Með byggingu *Elliðavatnsstíflu* á árunum 1923-1928, þegar árnar *Bugða* og *Dimma* voru stíflaðar vegna framkvæmda við *Elliðaárvirkjun*, hækkaði yfirborð vatnanna og þau urðu að einu stóru vatni, *Elliðavatni*. Elliðavatnsengjar fóru þá undir vatn og hluti Þingness, auk þess sem *Helluvatn* stækkaði og *Elliðavatnsáll* eða *Állinn* sem liggur milli vatnanna, breikkaði.[10]




**Mynd 2**. Hluti af korti Benedikts Gröndal frá árinu 1880, sem sýnir vatnafar á svæðinu.[11]

Ásýnd þess svæðis sem fellur undir Elliðavatnsbletti og áður einkenndist að mestu af óræktuðum melum og móum, hefur einnig breyst mikið frá því sem áður var með tilkomu trjáræktar, enda hafa sumarbústaðaeigendur á Elliðavatnsblettum flestir komið upp fjölbreyttum trjágróðri og öðrum plöntum á löndum sínum í gegnum tíðina, auk þess sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur starfað markvisst að trjárækt á svæðinu frá 1950.

Aðgengi að Elliðavatnsblettum er nú um tvo vegi, *Heiðmerkurveg* og *Þingnesveg*. *Heiðmerkurvegur* liggur frá Suðurlandsvegi, framhjá Rauðhólum og norðan og vestan með Helluvatni, yfir Álinn á brú, áfram til suðausturs sunnan við Helluvatn og í beygju til suðurs

[9] Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni", *Lesbók Morgunblaðsins*, 12.2.2000, 10.
[10] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A–G), 124–125; Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, 189–190 (kort Guðlaugs R. Guðmundssonar); *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnasafn, „Elliðavatn". Sjá *Vef*. Nafnið.is; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Rauðhólar: Fornleifaskrá* (skýrsla 217, 2021), 5–6.
[11] Benedikt Gröndal, „Elliða-ár frá upptökum og að árósum 1880" (hluti korts). Hér tekið eftir: Guðmundur Daníelsson, *Elliðaárnar: Paradís Reykjavíkur* (kort aftast í ritinu).

við Kirkjuhólmatjörn.[12] Frá honum liggja vegir, stígar og heimtraðir að Elliðavatnsblettum 1–26. *Þingnesvegur* greinist frá Heiðmerkurvegi eftir að komið er yfir brúna yfir Álinn og liggur til suðurs framhjá Elliðavatnsbæ, áfram meðfram *Heimaási* (*Bæjarási*), löngum ás sem liggur frá norðaustri til suðvesturs austan Elliðavatns, og áfram til suðurs og vesturs út á *Þingnes*, stóran tanga sem gengur út í Elliðavatn að sunnan og skildi áður að Vatnsendavatn og Vatnsvatn. Vestanvert í Heimaási liggja Elliðavatnsblettir 27 og 30, en meðfram Elliðavatni vestan Þingnesvegar eru Elliðavatnsblettir 32–35.

## 1.2 Ágrip af sögu Elliðavatnsjarðar fram til um 1900

Landsvæðið sem hér er til umfjöllunar tilheyrði áður jörðinni Elliðavatni sem heyrði undir Seltjarnarneshrepp, en á árunum 1923-1928 komst jörðin í eigu Reykjavíkurbæjar og var lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með lögum árið 1943.[13]

Fyrstu rituðu heimildir um jörðina Elliðavatn eru í máldaga frá 1234 þar sem segir að Viðeyjarklaustur eigi hálft land jarðarinnar. Elliðavatn var síðan ein þeirra fjölmörgu jarða sem komust í konungseigu með siðaskiptunum. Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var tekin saman í byrjun 18. aldar var þríbýli á jörðinni. Í tíð Innréttinganna eftir miðja 18. öld var sett á stofn fjárræktarbú á Elliðavatni en það leið undir lok eftir að fjárkláði barst til landsins og var formlega lagt niður 1764. Árið 1815 var jörðin seld úr konungseigu.[14]

Árið 1860 keypti Benedikt Sveinsson yfirdómari og alþingismaður jörðina af Guðrúnu Jónsdóttur ekkju fyrri eiganda, Jóns Jónssonar, og flutti þangað búferlum.[15] Benedikt mun hafa ætlað að gera Elliðavatn að stærstu bújörð á Íslandi og hafði þar töluverð umsvif.[16] Meðal hlunninda sem fylgdu jörðinni var nýting Elliðavatnsengja, kvistbeit í hraununum sem tilheyrðu landinu og veiði í Elliðavatni (Vatnsvatni) og ánum Dimmu og Bugðu.[17] Vatni úr Bugðu var veitt á engjarnar til að auka heyfeng og lét Benedikt stífla Dimmu og Bugðu til að bæta engjarnar, en í kjölfarið þornuðu Elliðaárnar með tilheyrandi áhrifum á laxveiðar og af þessu spruttu langvarandi málaferli, svonefnd Elliðaármál.[18] Árið 1874 fór Benedikt Sveinsson frá Elliðavatni eftir að hann var skipaður sýslumaður Þingeyinga og fól Jóni bróður sínum búið, en missti síðan jörðina vegna skulda. Eigendaskipti urðu 1876 þegar jörðin fór til lánveitandans Sæmundar Sæmundssonar í Reykjakoti í Ölfusi. Sæmundur mun hafa flutt að Elliðavatni um 1878, gert þar ýmsar jarðabætur og reist þar tvíloftað steinhús, líklega hús sem seinna var notað sem fjós og stendur enn sem hluti af bæjarhúsum Elliðavatns.[19] Bygging

[12] *Vef.* Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.
[13] *Vef.* Alþingi. Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 52/1943, https://www.althingi.is/lagas/156a/1943052.html.
[14] Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 12.2.2000, 12; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A–G), 125.
[15] *Þjóðólfur*, 25.7.1860, 121; Hannes Þorsteinsson, „Æviágrip Benedikts sýslumanns Sveinssonar“, *Andvari* 25, nr. 1 (1900), 13; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Rauðhólar: Fornleifaskrá* (skýrsla 217, 2021), 8.
[16] Hannes Þorsteinsson, „Æviágrip Benedikts sýslumanns Sveinssonar“, *Andvari* 25, nr. 1 (1900), 13; Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 10.
[17] Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 12.2.2000, 11.
[18] Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 11; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Rauðhólar: Fornleifaskrá* (skýrsla 217, 2021), 12–13.
[19] „Styrktarsjóður Kristjáns konungs hins níunda“, *Búnaðarrit* 15, nr. 1 (1901), 195.

steinhússins á Elliðavatni hefur reyndar yfirleitt verið eignuð Benedikt Sveinssyni.[20] Sonur Benedikts, Ólafur Sveinar Haukur Benediktsson, mun hafa alist upp hjá Sæmundi á Elliðavatni, en sá sorgaratburður varð seinna, eða árið 1900 þegar Ólafur var orðinn bóndi á Vatnsenda, að hann drukknaði í Elliðavatnsál þegar hann var á leið að Elliðavatni til að vera þar viðstaddur úttekt fyrir hönd erfingja Benedikts, sem látist hafði 1899.[21] Í kringum 1896-1900 var ábúandi jarðarinnar Ragnhildur Gísladóttir.[22] Eftir það gekk jörðin kaupum og sölum og skiptist upp í nokkra eignarhluta snemma á 20. öld.[23]




**Mynd 3**. Elliðavatn og nágrenni á korti frá 1908–1909. Hér eru Vatnsendavatn og Vatnsvatn nefnd einu nafni Elliðavatn, en nöfnin á Helluvatni og Hrauntúnstjörn hafa víxlast. Vagnavegir eru merktir með tvöfaldri línu, en aðrar leiðir með einfaldri svartri línu og punktalínu. Sjá má að vegur hefur legið frá Suðurlandsvegi til vesturs í átt að að Helluvatni (hér merkt Hrauntúnstjörn) og greinist þar í tvær leiðir, annars vegar í gegnum Rauðhóla og norðan með Helluvatni og hins vegar milli Helluvatns og Hrauntúnstjarnar að Elliðavatnsbænum og áfram suður með Elliðavatni. Einnig hefur legið vegur frá Baldurshaga meðfram Bugðu og áfram til suðurs að Elliðavatns-bænum þar sem farið hefur verið yfir Álinn.[24]

---

[20] Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 10.

[21] „Fréttir frá Íslandi 1900“, *Skírnir* 75 (1900), 11; „Slysfarir“, *Ísafold*, 6.6.1900, 139; Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 11.

[22] Þ. Guðmundsson, „Betur farið en heima setið“, *Ísafold*, 20.1.1900, 15; Ragnhildur Gísladóttir, „„Betur farið en heima setið““, *Ísafold*, 24.2.1900, 39.

[23] Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hlut“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 11.

[24] Generalstabens topografiske Afdeling, „Reykjavík: 27 Reykjavík N.A.“ 1908, 1:50000. Sjá *Vef.* Landmælingar Íslands, „Kortasafn LMÍ“ (eldri vefur LMÍ), https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/?map=1627.

## 1.3 Tímabilið 1900–1923: Lögn vatnsveitu frá Gvendarbrunnum – Fyrstu sumarbústaðir í landi Elliðavatnsjarðar

Frá 1905 var Elliðavatnsjörð um skeið í eigu Jón Magnússonar bónda.[25] Árið 1907 virðist Páll Stefánsson, áður bóndi að Ási í Holtum, vera sestur að á Elliðavatni og verður síðan eigandi jarðarinnar samkvæmt veðskuldabréfi undirrituðu þann 28. júlí 1910.[26] Á fyrstu árum 20. aldar, hugsanlega í tíð Páls, var aukið við húsakost á bænum og byggt íbúðarhús úr timbri við vesturgafl steinhússins sem áður er nefnt.

Á þessum tíma var að frumkvæði Guðmundar Björnssonar héraðslæknis í Reykjavík farið að ræða þann möguleika að koma upp vatnsveitu fyrir Reykjavík og meðal annars kannaðir möguleikar á að vatnstöku úr Elliðavatni og Elliðaánum. Þegar bæjarstjórn Reykjavíkur keypti Elliðaárnar árið 1906 var það fyrst og fremst gert til þess að tryggja aðgang að vatni fyrir vatnsveitur bæjarins og einnig til mögulegrar virkjunar.[27] Þegar ákveðið var að byrja á vatnsveitunni árið 1907 varð það hins vegar að ráði að taka vatnið úr Gvendarbrunnum. Framkvæmdir hófust árið 1908 og þá um sumarið var búið að leggja vatnspípurnar frá Rauðarárholti upp í Elliðaárdal. Árið 1909 var klárað að leggja pípurnar þaðan og upp í Gvendarbrunna. Síðasti hluti leiðslunnar var lagður meðfram norðurbakka



**Mynd 4**. Ljósmynd tekin í tilefni af vatnsveituframkvæmdum 1908-1909. Yfirverkfræðingur framkvæmdanna, Holgeir A. Hansen, stendur við skurðinn en við hlið hans eru Knud Zimsen þáverandi bæjarverkfræðingur og líklega K.V. Kjögx (hvítklæddur) sem hafði yfirumsjón með greftri lagnaskurðanna. Í baksýn sjást Rauðhólar.[28]

---

[25] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 13, veðbókarvottorð dags. 17.6.1905; veðskuldabréf fyrir jörðinni Elliðavatni dags. 21.6.1905.

[26] „Sláturfélag Suðurlands“, *Fjallkonan* 24, nr. 16 (1907), 63; „Búnaðarfélag Íslands 1910“, *Búnaðarrit* 24, nr. 1 (1910), 349; *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 13, veðskuldabréf fyrir jörðinni Elliðavatni dags. 28.7.1910.

[27] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, 86–95, 103–107; Hilmar Garðarsson, *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, 63–64, 78–93; „Elliðaárnar keyptar handa Reykjavík“, *Ísafold*, 4.8.1906, 199; „Elliðaárnar keyptar“, *Lögrétta* 1, nr. 38 (1906), 150; Árni Óla. „Elliðaármálin“, 65–66; Steingrímur Jónsson: „Laxveiði og fiskirækt í Elliðaánum“, 104.

[28] *Þjóðminjasafn Íslands*. Lpr-1749 (hluti myndar). Ljósmyndari: Pétur Brynjólfsson; Myndatexti (heimild): Hilmar Garðarsson, *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909–1999*, 89–90.

Helluvatns og að hluta til neðan vatnsborðsins og áfram austan með Hrauntúnstjörn suðaustur að endastöðinni við Gvendarbrunna (sjá kort á mynd 21). Voru þetta stærstu verklegu framkvæmdirnar sem ráðist hafði verið í á landinu fram að þessu. Vatni var hleypt í pípurnar frá Gvendarbrunnum þann 2. október 1909 og er stofnun Vatnsveitu Reykjavíkur miðuð við þá dagsetningu.[29]

## *Elliðavatnsblettur 5* – Vatnsveituskúr og sumarhús Brynjúlfs Björnssonar tannlæknis – Byggt 1908 (horfið)

Á meðan á vinnunni við lögn vatnsveitunnar stóð var reist smáhýsi í Norðlingaholti sem þjónaði sem afdrep og bækistöð fyrir þá sem unnu við vatnsveituframkvæmdirnar. Þar gisti meðal annars Holgeir Hansen, danskur verkfræðingur sem hafði yfirumsjón með framkvæmdinni og í kjallara hússins voru geymd áhöld og ýmislegt tilheyrandi vatnsveitunni.[30] Til eru ljósmyndir frá vatnsveituframkvæmdunum teknar af Pétri Brynjólfssyni ljósmyndara og sýnir ein þeirra að öllum líkindum umrætt hús, en fyrir framan það á myndinni eru þrír menn á hestbaki, meðal annars Holgeir Hansen og Knud Zimsen, sem var bæjarverkfræðingur á þeim tíma þegar vatnsveitan var lögð (sjá mynd 5). Á annarri mynd sem til er frá þessum tíma sést að húsið hefur staðið norðanvert í Norðlingaholti, nálægt því þar sem sumarbústaðurinn Litli-Skyggnir var seinna byggður (sjá mynd 6).




**Mynd 5 og 6**. Vinstra megin er ein af ljósmyndum Péturs Brynjólfssonar frá vatnsveituframkvæmdum 1908-1909, þar sem sjá má vatnsveituskúrinn sem síðan var fluttur á sumarbústaðaland norðvestan Helluvatns (Elliðavatnsblett 5). Á hestum eru sömu menn og sjást á mynd 4.[31] Á myndinni hægra megin sést sama hús á sínum upphaflega stað í Norðlingaholti. Til suðvesturs sér yfir ána Bugðu sem lá þá undir holtinu, Oddagerðisnes og Elliðavatnsengjar sem hurfu undir vatn þegar Elliðavatnsstífla var reist á 3. áratugnum.[32]

Á myndunum sést að um var að ræða lítið timburhús með skáþaki og einpósta gluggum með þriggja rúðu römmum, eins og algengt var á þessum tíma. Þegar vatnsveituframkvæmd-unum var lokið keypti Brynjúlfur Björnsson tannlæknir (1879–1954)

[29] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, 110–111, 123 og 131; Hilmar Garðarsson, *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909–1999*, 91–93 og 105–111; Árni Hjartarson og Helgi M. Sigurðsson, *Elliðaárdalur: Perla Reykjavíkur*, 143.
[30] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, 125.
[31] *Þjóðminjasafn*. PBr1-304 (hluti myndar). Ljósmyndari Pétur Brynjólfsson.
[32] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 2057. Ljósmyndari: Magnús Ólafsson.

þetta hús fyrir 500 krónur og flutti það á landskika norðan megin við Álinn milli Elliðavatns og Helluvatns. Var húsið að sögn dregið yfir Elliðavatnsengjar á ís og sett niður á tóftir gamals býlis, *Grundarkots*, sem þar hafði staðið, suðvestan við sporöskjulaga gervigíg sem nefndur var *Hvammurinn* (sjá kort á mynd 6).[33] Brynjúlfur mun hafa gert leigusamning um landið árið 1909 við þáverandi eiganda Elliðavatns, Pál Stefánsson.[34] Húsið notaði Brynjúlfur síðan sem sumarbústað og líklega sem veiðihús, hugsanlega í félagi við aðra í upphafi. Til eru afsöl um sölu Elliðavatnsjarðar frá 1913 og 1914 þar sem kemur fram að Brynjólfur Björnsson tannlæknir og Sveinn Björnsson yfirdómslögmaður (seinna forseti Íslands) eigi hús á jörðinni og borgi 50 kr. í leigu á ári fyrir leiguréttinn ásamt veiðiheimild í Helluvatni.[35]




**Mynd 7**. Hluti af korti sem Rafmagnsveita Reykjavíkur gerði af Rauðhólum árið 1934.[36] Merktur er inn bústaður Brynjúlfs Björnssonar tannlæknis sem stóð á Elliðavatnsbletti 5 og bústaður sem Hallgrímur Tulinius kaupmaður byggði árið 1928 og stendur enn á Elliðavatnsbletti 2.

Líklega er um að ræða eitt elsta sumarbústaðaland í umdæmi Reykjavíkur og virðist hafa verið litið á Brynjúlf sem frumkvöðul í þessu efnum. Í endurminningum Knud Zimsen segir: „Enginn Reykvíkingur hafði áður eignazt sumarbústað utan bæjarlandsins og varð svo enn í langa hríð“.[37] Brynjúlfur var menntaður í Danmörku, þar sem hann lauk fyrstur Íslendinga prófi í tannlækningum, og stundaði framhaldsnám í Sviss og París áður en hann

---

[33] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnasafn, „Elliðavatn“, 19–20. Sjá *Vef*. Nafnið.is.
[34] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf Kristjáns Guðlaugssonar til borgarstjóra, dags. 30.6.1969; askja 14, bréf Kristjáns Guðlaugssonar til rafmagnsstjóra, dags. 18.05.1980.
[35] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, afsöl fyrir Elliðavatnsjörð 1913 og 1914.
[36] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, „Lauslegur uppdráttur af Rauðhólum“, dags. 20.3.1934.
[37] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, 125.

flutti heim til Íslands.[38] Hann virðist einnig hafa verið áhugamaður um stangveiðar og líklega hefur nálægðin við veiðistaðina ráðið staðsetningu sumarbústaðarins, ásamt því að vegur lá að staðnum í gegnum Rauðhóla frá gamla Suðurlandsvegi, svo sem sjá má á korti frá 1909 (sjá mynd 3). Árið 1923 misstu Brynjúlfur og kona hans Anna G. Björnsson (1890–1953) þriggja ára gamlan son sinn, Sverri, í sorglegu slysi rétt hjá bústaðnum. Samkvæmt blaðafregn var drengurinn í fylgd með bróður sínum að sækja mjólk að Elliðavatni „frá sumarbústað þar í grenndinni“ þegar hann datt niður um gat á brú yfir Álinn milli vatnanna og drukknaði.[39] Árið 1924 var gerður samningur um að Brynjúlfi skyldi heimilt að hafa bústað sinn áfram á landinu með sömu skilmálum og réttindum og í upphaflegum leigusamningi við eiganda Elliðavatns, meðan hann og fjölskylda hans þörfnuðust og lysti.[40]

Sumarbústaðalandið var seinna talið sem *Elliðavatnsblettur 5* og þar stóð húsið áfram í eigu Brynjúlfs og síðan afkomenda hans um áratugi. Knud Zimsen hefur á orði í endurminningum sínum frá 1952: „Sumarbústaður þessi stendur enn þar efra, en ekki er hann lengur einn, því að hundruð Reykvíkinga hafa sem kunnugt er farið í fótspor Brynólfs tannlæknis að þessu leyti“.[41] Húsið stóð allt til um 1978 þegar byggður var nýr bústaður austar á landinu.[42] Um skamman tíma stóðu húsin bæði á landinu (sjá mynd 43) en eldra húsið hefur líklega verið fjarlægt fljótlega eftir að hið nýja var reist. Það hús stendur enn á Elliðavatnsbletti 5 og er í eigu afkomanda Brynjúlfs.

## Sumarhús Emils Stands – Byggt um 1910 (horfið)

Árið 1913 seldi Páll Stefánsson Þorleifi Guðmundssyni kaupmanni í Reykjavík jörðina Elliðavatn, samkvæmt afsali undirrituðu 23. janúar það ár.[43] Þar kemur fram að auk húss Brynjúlfs Björnssonar og Sveins Björnssonar, standi einnig á jörðinni timburskúr án lóðaréttinda í eigu Emils Strands. Emil Strand (1874–1931) var norskur kaupmaður og athafnamaður sem flutti til Reykjavíkur frá Ísafirði um 1909 og varð umsvifamikill í bæjarlífinu. Á árunum 1910–1913 eru ýmsar heimildir sem tengja hann við Elliðavatn, svo sem auglýsing sem undirituð er af honum og Páli Stefánssyni á Elliðavatni um veiðirétt í ánni Bugðu og vötnum tilheyrandi Elliðavatni.[44] Ljóst er að skúr Emils í landi Elliðavatns hefur verið sumarhús hans og fjölskyldu hans, því í febrúarlok 1913 birtust fréttir um að sumarhús hans við Elliðavatn hefði brunnið til grunna. Hann hafði þá verið að vinna við að setja forskyggni við dyr hússins, en það slys orðið að lampi féll á gólfið svo að kviknaði í.[45] Til eru ljósmyndir teknar á Elliðavatni af Pétri Brynjólfssyni ljósmyndara, sem sýna að öllum líkindum Emil og fjölskyldu hans við sumarhúsið, en þeir Emil og Pétur þekktust og ráku saman vínveitingaklúbb í húsi Péturs við Hverfisgötu (sjá myndir 8 og 9). Á myndunum sést að þetta hefur verið lítið hús með skáþaki, ekki ósvipað vatnsveituskúr Brynjúlfs Björnssonar,

---

[38] „Brynjúlfur Björnsson tannlæknir – minning“, *Morgunblaðið*, 30.11.1954, 2, 12; Hallur L. Hallsson, „Dánarminning Brynjúlfs Björnssonar“, *Árbók Tannlæknafélags Íslands* 7, nr. 1 (1960), 27.
[39] „Barn drukknar“, *Alþýðublaðið*, 19.7.1923, 1.
[40] *Borgarskjalasafn*: Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, afrit af samningi milli Emils Rokstads og Brynjúlfs Björnssonar, dags. 1.12.1924.
[41] Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: Nokkrar endurminningar Knud Zimsens*, 125.
[42] *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Lýsingabók nr. 17, Elliðavatn (br.nr. 4371), virðingar dags. 16.10.1943 og 21.6.1978.
[43] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, afsal fyrir Elliðavatnsjörð 1913.
[44] Emil Strand og Páll Stefánsson, „Bann“, *Vísir*, 5.7.1912, 16.
[45] „Sumarbústaður brennur til kaldra kola“, *Vísir*, 4.2.1913, 16; „Um láð og lög“, *Norðurland*, 8.2.1913, 10.

og hefur staðið skammt vestan við Elliðavatnsbæinn, yst á tanganum sem bæjarhúsin standa á. Eftir brunann virðist Emil hafa haft ábúð á Elliðavatni um tíma og skráir sig þar til heimilis. Seinna flutti Emil aftur til Noregs með fjölskyldu sinni og lést þar 1931.[46]





**Myndir 8 og 9**. Ljósmyndir sem sýna líklega sumarhús Emils Stands við vatnið skammt vestan við Elliðavatns-bæinn, en það brann árið 1913. Á myndinni vinstra megin, sem tekin var af Pétri Brynjólfssyni, sjást líklega Emil sjálfur og fjölskylda hans og sama fólk virðist vera um borð í bát á myndinni hægra megin.[47]

## Kaup og sala Elliðavatnsjarðar 1913–1923

Sama ár og Þorleifur Guðmundsson keypti jörðina, árið 1913, seldi hann hana aftur og voru kaupendur þá tveir menn, Þórður Sveinsson yfirlæknir Kleppi og Gestur Einarsson bóndi á Hæli í Gnúpverjahreppi.[48] Í desember 1914 seldu þeir Þórður og Gestur hálfa jörðina og voru kaupendurnir fjórir, P.O. Christensen lyfsali, Emil Rokstad, Bjarmalandi í Reykjavík, Eiríkur Einarsson yfirdómslögmaður og Ingimundur Benediktsson bóndi í Kaldárholti Rangárvallasýslu.[49] Gestur Einarsson, Christensen lyfsali og Eiríkur Einarsson virðast á næstu árum hafa selt sína hluti og Emil Rokstað orðið eigandi helmings jarðarinnar. Christen Zimsen konsúll keypti síðan fjórðung úr jörðinni árið 1916.[50] Eftir það áttu Þórður Sveinsson læknir og Ingimundur Benediktsson hvor um sig einn áttunda hluta úr jörðinni, en Ingimundur seldi síðan Reykjavíkurbæ sinn hluta árið 1923.

Eftir að Emil Rokstad (1875–1963) eignaðist meginhluta Elliðavatnsjarðar mun hann hafa tekið yfir búrekstur á jörðinni. Emil var fæddur og uppalinn í Noregi en flutti til Íslands árið 1905 og varð fljótt umsvifamikill athafnamaður í Reykjavík, kom upp stórbúinu *Bjarmalandi* við Laugarnesveg og stofnaði og rak lifrarbræðslu og lýsisvinnslu með Jes Zimsen kaupmanni. Hann kvæntist árið 1912 Jóhönnu Jóhannsdóttur (1887–1977) sem bjó í Laugarnesi og tóku þau að sér tvær fósturdætur, Sigríði Guðmundsdóttur og Sigurveigu Fanneyju Sigurðardóttur. Á Elliðavatni hafði Rokstad bæði kúa- og fjárbúskap og ráðsmenn og fólk í vinnumennsku og nýtti engjar og tún jarðarinnar. Hann mun hafa haft kýr sínar þar á

[46] Emil Strand, „Eggert á Hólmi“, *Vísir*, 25.7.1913, 4; Emil Strand, „Hagaganga“, *Vísir*, 29.7.1913, 2; „Búnaðarfélag Íslands 1914“, *Búnaðarrit* 28, nr. 1 (1914), 310; *Vef*. „Emil Robert Isaksen Strand“, Geni.com, https://www.geni.com/people/Emil-Robert-Strand/6000000030966264883.
[47] *Þjóðminjasafn*. PBr1-305. Ljósmyndari: Pétur Brynjólfsson; Pk/2003-53. Ljósmyndari óskráður.
[48] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, afsal fyrir Elliðavatnsjörð dags. 18.7.1913; Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, skuldabréf fyrir Elliðavatnsjörð dags. 1.11.1913.
[49] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, afsal fyrir Elliðavatnsjörð dags. 15.12.1914.
[50] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnasafn, „Elliðavatn“, 1. Sjá *Vef*. Nafnið.is.

sumrin, en á Bjarmalandi á veturna. Einnig stundaði hann mikið veiði í Elliðavatni og gerði þar tilraunir með silungsrækt.[51]

### *Heimaás, Elliðavatnsblettur 27* – Sumarhús Christens Zimsens – Byggt 1919

Árið 1919, nokkrum árum eftir að Christen Zimsen keypti fjórðungshlut í Elliðavatnsjörð, reisti hann sumarhús í landi jarðarinnar.[52] Húsinu var valinn staður í hlíðinni vestanvert í *Heimaási* skammt suðaustan Elliðavatnsbæjarins og nefnt *Heimaás* eftir staðsetningunni (nú *Elliðavatnsblettur 27*).[53] Christen Zimsen (1882–1932) var sonur Knuds Zimsens kaupmanns og ræðismanns Frakka (1841-1908) og meðal systkina hans voru Jes Zimsen kaupmaður og Knud Zimsen borgarstjóri. Christen starfaði lengst af sem afgreiðslumaður Sameinaða gufuskipafélagsins og átti sæti í stjórnum ýmissa félaga, jafnframt því sem hann var konsúll eða ræðismaður Ítala á Íslandi. Kona hans var dönsk, Johanne, fædd Hartmann (1883–1957) og áttu þau tvö börn, Ellen og Christian.[54] Fjölskyldan bjó á Tjarnargötu 5a en dvaldi í húsi sínu *Heimaási* á sumrin. Hestar voru algengustu fararskjótar í ferðunum á milli og á 4. áratug aldarinnar var reist hesthús á landinu úr torfi og grjóti og standa veggir þess enn (2025) norðaustan bústaðarins. Christen Zimsen lést árið 1932, fimmtugur að aldri, og flutti ekkja hans Johanne þá búferlum til Danmerkur.[55]



**Mynd 10**. Zimsen-fjölskyldan ásamt vinum á ljósmynd frá 1927–1929.[56] Frá vinstri: Rósa Sigfússon hjúkrunarkona, Jóhannes Sigfússon sögukennari, Christen Zimsen konsúll, Christian Zimsen síðar lyfjafræðingur og Johanne Zimsen. Fólkið situr á útgröfnum bekk sem enn sér stað landinu sunnan sumarbústaðarins.

---

[51] Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund*, 175–182; „Dagbókin“, *Morgunblaðið*, 18.3.1915, 2; J. [án kenninafns], „Emil Rokstad“, *Morgunblaðið*, 19.6.1925, 6; Þorsteinn J. Sigurðsson, „85 ára: Emil Rokstad“, *Vísir*, 20.6.1960, 6; Garðar Svavarsson, „Jóhanna Rokstad – Minningarorð“, *Morgunblaðið*, 2.8.1977, 19, 21.
[52] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnasafn, „Elliðavatn“, 2. Sjá *Vef*. Nafnið.is.
[53] Kristinn Zimsen, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 1.5.2025.
[54] „Christen Zimsen konsúll“, *Óðinn* 28, nr. 1–6 (1932), 41; „Christen Zimsen ræðismaður“, *Vísir*, 27.5.1932, 2.
[55] „Christen Zimsen konsúll“, *Óðinn* 28, nr. 1–6 (1932); „Christen Zimsen ræðismaður“, *Vísir*, 27.5.1932, 2; „Dagbók“, *Morgunblaðið*, 21.3.1933, 4.
[56] Ljósmynd í einkaeigu. Kristinn Zimsen, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 1.5.2025.

Bústaðurinn varð síðar eign sonar þeirra, Christians Zimsens lyfsala (1910–1991). Christian lauk námi í lyfjafræði í Kaupmannahöfn 1937 og þar kynntist hann konu sinni Grethe Zimsen lyfjafræðingi (1912–1973) sem hann kvæntist 1938. Eftir nám starfaði hann um skeið erlendis og í Ingólfsapóteki þar til hann flutti til Stykkishólms 1948 og rak þar Stykkishólmsapótek til 1963. Eftir það flutti hann aftur til Reykjavíkur og stofnaði árið 1964 Laugarnesapótek við Kirkjuteig 21, sem hann starfrækti til 1985 þegar hann lét af störfum vegna aldurs. Einnig sat hann í stjórnum ýmissa félaga lyfjafræðinga og fyrirtækisins Pharmaco hf. Zimsen apótekari, eins og hann var gjarnan nefndur, var mikill áhugamaður um bæði fjárrækt og skógrækt og var félagi í Skógræktarfélagi Stykkishólms og Skógræktarfélagi Íslands. Eftir að hann flutti aftur til Reykjavíkur 1963 með konu sinni Grethe og fjórum börnum dvaldi fjölskyldan flest sumur í *Heimaási* og hóf Zimsen þá mikla trjáræktun á landinu og gróðursetti þar fjölbreyttar tegundir.[57] Christian Zimsen þekkti svæðið kringum Elliðavatn manna best og var heimildarmaður við söfnun örnefna fyrir Elliðavatnsjörð árið 1984.[58]



**Mynd 11**. Bústaður Christens Zimsens vestan í *Heimaási*, á mynd sem tekin er fyrir 1930.[59] Í forgrunni er fólk við heyskap en fjær sést bifreið og í fjarska bústaður Brynjúlfs Björnssonar tannlæknis norðanvestan Helluvatns.

Húsið *Heimaás* stendur enn á Elliðavatnsbletti 27 og þar sem hús Brynjúlfs Björnssonar og Emils Strands eru horfin er það nú elsta uppistandandi sumarhús á svæði Elliðavatnsbletta og er líklega eitt elsta sumarhús í umdæmi og nágrenni Reykjavíkur. Það er enn í eigu Zimsen-fjölskyldunnar, en síðustu ár hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur haft af því afnot.

[57] „Christian Zimsen apótekari – Minning“, *Morgunblaðið*, 13.9.1991, 12; Finnbogi Rútur Haraldsson, „Kveðjuorð: Christian Zimsen“, *Morgunblaðið*, 26.9.1991, 41; Axel Sigurðsson, *Lyfjafræðingatal*, bls. 51 og 97; Sigurður Ágústsson, „Minning: Christian Zimsen apótekari“, *Skógræktarritið* 2, nr. 1 (1992), 126.
[58] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnasafn, „Elliðavatn“. Sjá *Vef*. Nafnið.is.
[59] Ljósmynd í einkaeigu. Kristinn Zimsen, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 1.5.2025.

## 1.4 Tímabilið 1923–1930: Kaup Reykjavíkurbæjar á Elliðavatnsjörð – Fleiri sumarbústaðir í Elliðavatnslandi

Árið 1923 keypti Reykjavíkurbær einn áttunda hluta Elliðavatnsjarðar af Ingimundi Benediktssyni, eins og áður er nefnt. Þá hafði bærinn látið virkja Elliðaárnar með fyrsta áfanga *Árbæjarstíflu* og byggingu *Elliðaárstöðvar*, til að mæta aukinni raforkuþörf samfara vexti bæjarins. Elliðaárstöð var tekin í notkun árið 1921 og um leið tók Rafmagnsveita Reykjavíkur til starfa. Til að bregðast við áframhaldandi rafmagnsskorti, safna forða og jafna rennslið í Elliðaánum var fljótlega ákveðið að koma einnig upp miðlunarstíflu fyrir Elliðavatn. Stjórn Rafmagnsveitunnar komst að þeirri niðurstöðu að rafmagnsveitan þyrfti í því augnamiði að fá fullan yfirráðarétt yfir jörðinni Elliðavatni og voru kaup bæjarins á hlut Ingimundar Benediktssonar fyrsta skrefið í þá átt.[60] Árið 1924 var hafist handa við að byggja miðlunarstíflu við Elliðavatn og í fyrstu byggður 600 metra torfgarður á Elliðavatnsengjum.[61]

Árið 1926 bauðst bænum að kaupa Elliðavatnsjörð fyrir 135 þúsund krónur.[62] Emil Rokstad átti þá stærstan hluta jarðarinnar, eða helming, Christen Zimsen konsúll átti fjórðung og Þórður Sveinsson læknir einn áttunda hluta. Bæjarstjórn ákvað að ganga að kaupunum og var kaupsamningurinn undirritaður í júnílok 1926 af Knud Zimsen borgarstjóra fyrir hönd rafmagnsstjórnar og Emil Rokstad fyrir hönd eigenda. Afsal var síðan undirritað ári síðar, þann 30. júní 1927. Reykjavíkurbær varð þá eigandi að allri Elliðavatnsjörð, en undanskilinn var engjapartur í eigu Sigríðar Þorláksdóttur á Rauðará, sem bærinn keypti síðan árið 1928.[63]




**Mynd 12**. Elliðavatn og umhverfi á korti frá 1935, eftir að Elliðavatnsstífla var gerð og yfirborð vatnsins hækkaði. Merktir eru inn vegir á svæðinu og nokkrir bústaðir umhverfis Helluvatn og í Heimaási.[64]

---

[60] „Rafmagnsveitan“, *Morgunblaðið*, 16.3.1923, 4; Sumarliði Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921–1998*, 60–62.
[61] Sumarliði Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921–1998*, 60–63.
[62] „Bæjarfréttir: Elliðavatn“, *Vísir*, 16.7.1926, 3.
[63] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, kaupsamningur um Elliðavatnsjörð dags. 30.6.1926, afsal fyrir Elliðavatnsjörð dags. 30.6.1927; „Kaup á Elliðavatni“, *Morgunblaðið*, 7.5.1926, 4; „Kaupin á Elliðavatni“, *Morgunblaðið*, 7.5.1927, 4; „Elliðavatn“, *Vísir*, 6.5.1927, 3.
[64] Geodetic Institute, „Uppdráttur Íslands: 27 Reykjavík N.A.“ 1936, 1:50000. Sjá *Vef*. Landmælingar Íslands, „Kortasafn LMÍ“ (eldri vefur LMÍ), https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/?map=1628.

Við söluna voru settir þeir skilmálar að seljendurnir þrír skyldu hver um sig fá landskika úr jörðinni undir sumarbústaði. Christen Zimsen skyldi fá að halda því svæði sem hann hefði umgirt og byggt á sumarhús á meðan hann lifði, kona hans og börn. Emil Rokstað var áskilinn réttur til að fá allt að tveggja hektara svæði úr landi jarðarinnar utan túns til að byggja á sumarhús sem honum yrði frjálst til þeirra afnota meðan hann lifði, kona hans og uppeldisdætur tvær. Tekið var fram að hann skyldi nota þennan rétt sinn innan fimm ára ella félli kvöðin niður. Þórði Sveinssyni var sömuleiðis áskilinn réttur til að fá allt að einn hektara til að byggja á sumarhús með sama hætti og hefði hann afnotin meðan hann lifði, kona hans og börn. Þá áskildu Rokstad og Zimsen sér óskertan rétti til silungsveiði í landi jarðarinnar á meðan þeir lifðu, með þeim takmörkunum sem fyrir væru. Samið var við Emil Rokstad um áframhaldandi ábúð á jörðinni til 10 ára, en undanskildar voru engjarnar og allt það land sem áætlað var að færi undir vatn vegna hækkunar stíflugarðsins.[65]

Eftir kaup bæjarins á Elliðavatnsjörð varð Rafmagnsveita Reykjavíkur eigandi og umráðandi Elliðavatnslands. Haldið var áfram stíflugerð við Elliðavatn og byggð þar jarðvegsstífla með timburþili og grjótvörn og var þeim framkvæmdum lokið árið 1928. Við byggingu *Elliðavatnsstíflu* stækkaði Elliðavatn um helming, eins og áður er lýst, og Elliðavatnsengjar fóru undir vatn ásamt hluta af farvegum ánna Dimmu og Bugðu. Þessi gamla stífla er nú komin á kaf því á árunum 1977–1978 var byggð ný og hærri stífla í hennar stað um 30–70 m norðar og hækkaði vatnsborðið þá aftur.[66]

### *Elliðavatnsblettur 3* – Sumarbústaðaland Þórðar Sveinssonar

Þórður Sveinsson yfirlæknir á Kleppi (1874–1946) fékk einn hektara lands undir sumarhús við söluna á Elliðavatnsjörð, en hann byggði ekki sumarhús á landinu í sína tíð. Landið lá suðvestan Rauðhóla, við norðurbakka Helluvatns og í gegnum það lá vegur frá Suðurlandsvegi sem tengdist síðar brúuðum vegi yfir *Elliðavatnsál* eða *Álinn*, áfram suðaustur með Elliðavatni. Hús reis ekki á landinu fyrr en sonur Þórðar, Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður (1919–1998) og kona hans Herdís Þorvaldsdóttir leikkona (1923–2013) byggðu þar sumarbústað árið 1961, en hann brann árið 2004 og nýr bústaður var byggður á grunni hans (sjá umfjöllun í köflum 1.7 og 1.8).

### *Lynghóll, Elliðavatnsblettur 32* – Sumarhús Emils Rokstads – Byggt um 1927

Emil Rokstad virðist fljótlega hafa byggt sumarbústað á landskikanum sem hann fékk við sölu Elliðavatnsjarðar. Litlar heimildir eru þó um bústaðinn frá fyrstu árunum eftir að Rokstad var úthlutað landið. Á korti sem Rafmagnsveita Reykjavíkur lét gera af Elliðavatnslandi árið 1937 (sjá mynd 13) er honum merkt land við austurbakka Elliðavatns, sunnan við tangann sem Elliðavatnsbærinn stendur á. Þar eru teiknuð inn tvö hús og er annað þeirra sumarhúsið *Lynghóll* sem enn stendur á Elliðavatnsbletti 32. Í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er gefið upp byggingarárið 1925 fyrir húsið en af orðalagi kaupsamningsins frá 1926 og afsalsins frá 1927 er ljóst að Emil hefur þá ekki verið búinn að

---

[65] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, kaupsamningur um Elliðavatnsjörð dags. 30.6.1926, afsal fyrir Elliðavatnsjörð dags. 30.6.1927.

[66] Sumarliði Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921–1998*, 60–63; Árni Hjartarson og Helgi M. Sigurðsson, *Elliðaárdalur: Perla Reykjavíkur*, 149.

reisa sumarhús í landi Elliðavatnsjarðar.[67] Líklega hefur hann þó reist hús á landi sínu fljótlega eftir söluna, í það minnsta innan þeirra fimm ára sem samningurinn frá 1926 kvað á um. Hitt húsið sem sést á kortinu frá 1937 stendur norðar og nær Elliðavatnsbænum og er líklega fjárhús úr torfi og grjóti sem tilheyrði Emil og standa hlaðnir veggir þess enn rétt norðan við Elliðavatnsblett 32.




**Mynd 13**. Hluti af korti sem Rafmagnsveita Reykjavíkur lét gera af Elliðavatnslandi árið 1937.[68] Emil Rokstad er merkt land sunnan Elliðavatnsbæjarins og þar sýnd tvö hús. Annað (það sem sunnar stendur) er sumarhúsið *Lynghóll* sem enn stendur á Elliðavatnsbletti 32. Hitt er líklega fjárhús sem Emil byggði, en hlaðnir veggir þess standa enn rétt norðan við blettinn.

Rokstad hélt áfram ábúð á Elliðavatnsjörð eftir söluna, eins og samningur hans við bæjaryfirvöld kvað á um, og þegar 10 ára samningstímabilinu var lokið árið 1937 var gerður við hann samningur um áframhaldandi ábúð til 5 ára.[69] Árið 1940 seldi hann Ólafi Ófeigssyni skipstjóra (1900–1987) sumarbústað sinn í Elliðavatnslandi. Rokstad og Ólafur munu hafa gert með sér samning um að bústaðnum fylgdi um 3000 fermetra lóð úr því sumarbústaðalandi sem Rokstad hefði fengið til afnota.[70] Þó að bæjarráð gerði athugasemdir við söluna, þar sem Emil hefði ekki verið heimilt að selja bústaðinn eða ráðstafa honum til annarra en þeirra sem nefndir voru í afsalinu 1927, virðist sem salan hafi gengið eftir. Bústaðurinn gekk svo kaupum og sölum næstu árin og virðist umráðaréttur yfir lóðinni

---

[67] *Vef*. Vefuppfletti fasteignskrár, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, „Elliðavatnsblettur 32“, https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/fasteign/2057624; *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, afsal fyrir Elliðavatnsjörð dags. 30.6.1927.

[68] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, „Elliðavatnsland“, kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur, dags. okt. 1937.

[69] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 13, bréf Emils Rokstad til Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra dags. 15.2.1937; „Leigusamningur um ábúð á Elliðavatni“ dags. 28.9.1937

[70] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, afsal um sumarbústað milli Emils Rokstad og Ólafs Ófeigssonar dags. 1.6.1944.

umhverfis hann hafa fylgt með, þó að bærinn liti svo á að Rokstad hefði selt bústaðinn án lóðaréttinda.[71] Lóðin fékk síðar heitið Elliðavatnsblettur 32 og þar stendur bústaðurinn enn, eins og áður er nefnt og var lengst af í eigu Karls Lúðvíkssonar apótekara og fjölskyldu hans.

Um það leyti sem Rokstad seldi bústaðinn lá það fyrir að hann myndi hætta búskap á jörðinni og bærinn taka yfir rekstur hennar. Rokstad óskaði þá eftir að fá að reisa íbúðarhús og fjós annars staðar á landinu, en bærinn féllst ekki á að leyfa varanlegar byggingar neins staðar á landinu. Það virðist hafa orðið að samkomulagi að Emil segði lausri ábúð á Elliðavatnsjörð frá fardögum 1941 og flytti af jörðinni, en yrðu heimiluð afnot af landi úr jörðinni milli Bugðu (Hólmsár) og Suðurár og mætti reisa þar bráðabirgðafjósbyggingu. Áfram hefði hann rétt til sumarbústaðalandsins samkvæmt ákvæðum í afsalinu frá 1927.[72] Ekki virðist hafa orðið af byggingu bráðabirgðafjóssins, en Rokstad mun áfram hafa haldið umráðum yfir þeim hluta sumarbústaðalandsins sem hann hélt eftir við sölu bústaðarins, það er að segja landskika norðan sumarbústaðalóðarinnar, þar sem fjárhús hans stóð. Þar var síðan einnig byggt lítið smáhýsi eða íveruhús með skáþaki, sem sést á kortum og loftmyndum frá því eftir 1951 og stóð fram yfir 1975, en það var að sögn kennt við Rokstad og kallað *Rokstadbústaðurinn*.[73] Landskikinn var síðar talinn sem Elliðavatnsblettur 31.[74]

### *Hrauntún* og *Hvammur* – Sumarbústaðir við Hrauntúnstjörn og Kirkjuhólmatjörn – Byggðir fyrir 1926 (horfnir)

Áður en Rafmagnsveitan tók við eignarhaldi á Elliðavatnsjörð veitti Emil Rokstad, sem eigandi og ábúandi, leyfi fyrir byggingu nokkurra sumarbústaða í landi jarðarinnar til viðbótar við þá sem nefndir hafa verið hér að framan. Ásamt bústöðum Brynjúlfs Björnssonar tannlæknis og Christens Zimsens stóðu tveir aðrir sumarbústaðir í landi Elliðavatnsjarðarinnar þegar bænum var boðin jörðin til kaups árið 1926. Í mati sem gert var það ár á jörðinni í tengslum við jarðakaupin er annars vegar nefndur bústaður Svarvars Hjaltesteds o.fl. og hins vegar bústaður Magnúsar Andréssonar o.fl.[75]

Fyrrnefndi bústaðurinn hét *Hrauntún* og stóð á tanga austanvert við Kirkjuhólmatjörn (seinna *Elliðavatnsblettur 25*, sjá kort á mynd 21). Hann var byggður af bræðrunum Svavari Hjaltested (1901–1991) og Kjartani Hjaltested (1902–1983). Hinn bústaðurinn var kallaður *Hvammur* og stóð við lítinn vog inn úr Hrauntúnstjörn sunnanverðri, mjög skammt frá Gvendarbrunnum. Hann var reistur af Magnúsi Andréssyni (1904–1966). Ekki eru eldri heimildir um þessa tvo bústaði en jarðarmatið sem gert var 1926 en í heimild frá 1931 kemur fram að Emil Rokstad hafi leyft eigendunum að reisa þá á svæðinu.[76] Eftir að Rafmagnsveita

---

[71] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréfaskipti eigenda og bæjaryfirvalda um fyrrum sumarbústað Emils Rokstad dags. 29.4.1944, 30.4. 1943, 8.5.1943 og 12.5.1943; afsal um fyrrum sumarbústað Emils Rokstad dags. 15.5.1944.
[72] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, bréfaskipti milli Steindórs Gunnlaugssonar lögfræðings f.h. Emils Rokstad og borgarstjóra og bæjaryfirvalda dags. 9.5.1941, 14.5.1941, 19.5.1941, 20.5.1941, 21.5.1941, 3.6.1941 og 21.6.1941,
[73] Kristín Heiða Kristinsdóttir, „Skrifandi veiðivörður í skóginum“, *Morgunblaðið*, 8.9.2007, 30; Unnur Jökulsdóttir, símtal við DKÞ, Borgarsögusafni, 30.4.2025.
[74] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, kort yfir Elliðavatnsbletti, stimlað með dags. 1.1.1970.
[75] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, matsgerð Guðjóns Guðlaugssonar og Einars Helgasonar dags. 22.9.1926.
[76] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, bréf Magnúsar Andréssonar og Svavars Hjaltested til rafmagnsstjórans í Reykjavík dags. 4.4.1931.

Reykjavíkur tók við eignarhaldi á Elliðavatnslandi fengu eigendur *Hrauntúns* og *Hvamms* leyfi Rafmagnsveit-unnar til að girða eins hektara svæði um hvorn bústað og greiddu síðan leigu fyrir lönd sín.[77]

Vinskapur var á milli eigenda bústaðanna tveggja og samgangur líklega mikill milli *Hrauntúns* og *Hvamms*, enda stutt á milli. Magnús Andrésson, sem starfaði sem fulltrúi hjá O. Johnson & Kaaber á þessum tíma og varð seinna stofnandi og meðeigandi þegar fyrirtækið var gert að hlutafélagi og síðar forstjóri þess, var mikill íþrótta- og útivistarmaður á sínum yngri árum.[78] Það var Kjartan Hjaltested einnig, en Kjartan starfaði sem fulltrúi og síðar afgreiðslustjóri hjá Eimskipafélaginu.[79] Voru þeir Magnús og Kjartan meðal annars ferðafélagar í ýmsum skíðaferðum yfir hálendi og jökla og sátu báðir í stjórn Skíðafélags Reykjavíkur.[80] Svavar Hjaltested var einn af stofnendum og útgefendum vikublaðsins Fálkans, áhugaljósmyndari og seinna um árabil fulltrúi hjá Almennum tryggingum hf. Hjónin Svavar og Lára Hjaltested (1913-2009) og Kjartan og Vilborg Hjaltested (1908–2004) samnýttu sinn bústað og í minningagreinum kemur fram að þau hafi eytt þar saman ófáum sumrum við mikinn gestagang og gleði.[81]



**Mynd 14**. Bústaður Svavars og Kjartans Hjaltested, *Hrauntún*, sem stóð á Elliðavatnsbletti 25 við Kirkjuhólmatjörn fram á 10. áratug 20. aldar. Ljósmynd frá 1946.[82]

---

[77] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, bréf bæjarstjórnar til Magnúsar Andréssonar dags. 30.6.1930; bréf Magnúsar Andréssonar og Svavars Hjaltested til rafmagnsstjórans í Reykjavík dags. 4.4.1931; Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra til bæjarverkfræðingsins í Reykjavík dags. 13.4.1945.

[78] Ólafur Ó. Johnson, „Magnús Andrésson forstjóri: Minning", *Morgunblaðið*, 20.12.1966, 14.

[79] „Minning: Kjartan Hjaltested fv. afgreiðslustjóri", *Morgunblaðið*, 8.11.1983, 39.

[80] „Til lands og sjávar: Þrír ungir Reykvíkingar", *Norðlingur* 1, nr. 16. (1928–1929), 4; „Dagbók: Jökulferð", *Morgunblaðið*, 9.4.1936, 8; „Stefán G. Björnsson formaður Skíðafjelagsins", *Morgunblaðið*, 26.11.1947, 8; Ólafur Ó. Johnson, „Magnús Andrésson forstjóri: Minning", *Morgunblaðið*, 20.12.1966, 14; „Minning: Kjartan Hjaltested fv. afgreiðslustjóri", *Morgunblaðið*, 8.11.1983, 39.

[81] „Minning: Svavar Hjaltested skrifstofustjóri", *Morgunblaðið*, 20.9.1991, 33; „Vilborg Hjaltested", *Morgunblaðið*, 11.11.2004, 43.

[82] *Þjóðminjasafn*. Lpr/2009-4-412. Ljósmyndari: Ásta Svanhildur Guðmundsdóttir.

Bústaðurinn *Hrauntún* var sérstætt lítið hús, með mörgum útskotum, stórum smárúðugluggum og sýnilegu bindingsverki (sjá mynd 14). Bletturinn sem það stóð á fékk númer sem einn af Elliðavatnsblettum (*Elliðavatnsblettur 25)* enda virðist húsið hafa staðið allt fram til 1990 samkvæmt loftmynd af svæðinu frá þeim tíma, en er horfið á loftmynd frá 1991.[83] Bræðurnir ræktuðu tré og annan gróður á landinu og hlóðu skjólveggi ofan við bústaðinn, sem enn setja mark sitt á staðinn.[84]

Um 1937 virðist bústaðurinn *Hvammur* hafa verið kominn í eigu Kristins Guðjónssonar (1907-1990), sem var þá skrifstofustjóri Vélsmiðjunnar Héðins en seinna forstjóri Stálumbúða hf. (sjá mynd 21).[85] Bústaðurinn hverfur snemma úr heimildum og virðist síðast nefndur í skrám yfir sumarbústaði á svæðinu og eigendur þeirra árið 1945. Þá sést hann ekki á kortum og loftmyndum sem til eru á svæðinu frá 1951 og síðar og hefur líklega verið fjarlægður vegna nálægðar við Gvendarbrunna.

### *Runnur, Elliðavatnsblettur 2* – Sumarhús Hallgríms Tulinius – Byggt 1928

Fljótlega eftir að Rafmagnsveita Reykjavíkur tók við eignarhaldi á Elliðavatnslandi bættist við einn sumarbústaður á svæðinu. Það var sumarbústaður sem Hallgrímur Tulinius kaupmaður (1896–1963) byggði á landskika norðaustanvert við Helluvatn sumarið 1928. Í maí það ár fór Hallgrímur þess á leit við Rafmagnsveituna að fá landið leigt undir sumarbústað og tók fram að hann hefði þegar fengið fyrir því jákvæð viðbrögð ábúandans Emils Rokstads. Hallgrímur virðist þá fljótlega hafa byrjað að reisa húsið og í ágúst sama ár samþykkti stjórn Rafmagnsveitunnar að leigja honum landið til 15 ára.[86]




**Myndir 15 og 16**. Húsið *Runnur* á Elliðavatnsbletti 2 austan Helluvatns á ljósmyndum frá 1930–1939 (v.m.) og 1946 (h.m.). Á báðum ljósmyndum sést fólk að njóta náttúru og útivistar á svæðinu.[87]

---

[83] *Vef.* Skjalasafn Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/. Aðaluppdrættir. „Elliðavatnsblettur 3“, fræðslustofa Skógræktarfélags Reykjavíkur. Yfirlitsmynd gerð af Arkþing, dags. nóv. 1991, BN004398; *Vef.* Loftmyndasjá, Náttúrufræðistofnun, https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja, „Sögulegar loftmyndir 1990–1999“.
[84] „Vilborg Hjaltested“, *Morgunblaðið*, 11.11.2004, 43.
[85] „Kristinn Guðjónsson forstjóri – Minning“, *Morgunblaðið*, 9.10.1990, 50–51.
[86] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, bréf Hallgríms Tulinius til rafmagnsstjórnar dags. 8.5.1928; handskrifuð nóta með afgreiðslum rafmagnsstjórnar dags. 8.8. og 19.8.1928.
[87] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 2000 14-C39. Ljósmyndari: Jón Árnason prentari ; *Þjóðminjasafn*. Lpr/2009-3-288. Ljósmyndari: Ásta Svanhildur Guðmundsdóttir.

Hallgrímur var umsvifamikill kaupsýslumaður í sína tíð, meðeigandi innflutningsfyrirtækisins H. Benediktsson & co. á þessum tíma og einn af stofnendum Sjóvartryggingafélags Íslands og Shell hf. á Íslandi sem var stofnað árið 1928.[88] Hallgrímur var einn af fáum hér á landi sem áttu einkabifreið á þessum tíma, en í júní þetta ár varð sá sorglegi atburður, þegar Hallgrímur og fjölskylda hans voru á leið í sumarbústaðinn við Helluvatn, að bifreiðin lenti utan í vegarkanti innst í Sogamýri og farþegarnir köstuðust út með þeim afleiðingum að eiginkona Hallgríms, Hrefna Tulinius (1893–1928) lést.[89]

Hús Hallgríms, sem nefnt var *Runnur* og stendur enn á Elliðavatnsbletti 2, er reisulegt timburhús með bröttu mænisþaki og tveimur einkennandi útskotum á suðvesturhlið með burstum og stórum margskiptum gluggum. Að sögn er það tilsniðið norskt einingahús, en ekki hafa fundist neinar heimildir því til staðfestingar og húsið ber ýmis einkenni sem algeng voru í sumarhúsum og útivistarskálum á þessum tíma. Árið 1938 keypti Karl Þorsteins (1901–1987) ræðismaður og stórkaupmaður húsið af Hallgrími og er það enn í eigu og notkun fjölskyldu hans sem hefur fært húsið aftur til upprunalegs útlits eftir breytingar sem gerðar voru á því á 5. áratugnum og síðar.





**Myndir 17 og 18**. Myndir frá framkvæmdum við húsið *Runn* á Elliðavatnsbletti 2 árið 1997, þegar klætt var með lóðréttri borðaklæðningu yfir lárétta svarta borðaklæðningu sem verið hafði á húsinu frá um 1989.[90]

## 1.5 Tímabilið 1930–1940: Elliðavatnsblettir – Myndun sumarhúsabyggðar

Á 4. áratugi 20. aldar bættust við allmargir sumarbústaðir í landi Elliðavatnsjarðar og má segja að þá hafi orðið til vísir að þeirri sumarbústaðabyggð á svæðinu sem síðar átti eftir að vaxa og þéttast.

Saga Elliðavatnsbletta tilheyrir víðara samhengi sumarhúsabyggða sem spruttu upp víða í landi Reykjavíkur á fyrri hluta 20. aldar á landskikum og erfðafestublettum sem skipt var úr jörðum þeirra býla sem tilheyrðu eða lágu í jaðri borgarlandsins. Það var einkum á kreppuárunum um og eftir 1930 og svo aftur á árum seinni heimsstyrjaldar sem þessar byggðir breiddu úr sér og þéttust. Þá sköpuðust ýmsar aðstæður og forsendur fyrir slíkri byggð í jaðri Reykjavíkur. Á kreppuárunum, þegar framboð á matvöru og mjólkurvörum var

[88] „Hallgrímur A. Tulinius, stórkaupmaður – Minningarorð", *Morgunblaðið* 16.3.1963, 8.
[89] „Hörmulegt bifreiðarslys", *Alþýðublaðið*, 26.6.1928, 2; „Sorglegt slys", *Ísland*, 30.6.1928, 4.
[90] Ljósmyndir í einkaeigu. Ingi R. Ingason, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, mars 2024.

takmarkað, vildu bæjaryfirvöld til dæmis hvetja bæjarbúa til þess að taka landskika og garðlönd til ræktunar og húsdýrahalds í nágrenni við þéttbýlið og tryggja þannig nægt framboð af landbúnaðarafurðum. Miklir fólksflutningar voru líka til höfuðstaðarins úr dreifbýlinu á 3. og 4. áratugnum með tilheyrandi húsnæðisskorti og auknum þrengslum í þéttbýlinu. Með vaxandi borgarstétt og reglubundnari vinnu- og hvíldartíma hjá mörgum starfsstéttum sköpuðust á sama tíma auknar aðstæður fyrir frístundir og frjálslegri lífsstíl. Hverskyns útivist varð eftirsóknarverð og vinsælt varð að fara í stuttar skemmtiferðir út úr bænum með bifreiðum, sem gáfu nýtt frelsi til ferðalaga. Fyrir efnaminna fólk voru meðal annars skipulagðar fastar áætlunarferðir yfir sumarið í Baldurshaga og Rauðhóla.[91]



**Mynd 19**. Loftmynd tekin um 1970–1980 til suðurs yfir Rauðavatn og Elliðavatn. Neðst sést sumarhúsabyggð ofan Rauðavatns, en á milli vatnanna eru sumarhúsabyggðir á Baldurshagablettum norðvestan Rauðhóla og í Klapparholti, þar sem Norðlingaholtshverfi er nú.[92]

Á sama tíma varð vinsælt meðal efnameiri bæjarbúa og millistéttarfólks að eignast afdrep til hvíldar og frístunda í hæfilegri fjarlægð við þéttbýlið. Sumarhúsabyggðir tóku þá myndast meðal annars á *Ártúnsblettum*, *Árbæjarblettum* og í *Elliðaárdal*, á *Selásblettum* þar sem Árbæjar- og Seláshverfi eru nú, á *Baldurshagablettum* nálægt Rauðhólum og *Klapparholti* þar sem Norðlingaholtshverfi er nú, við Hólmsá og Suðurá í *Hólmslandi* og við *Elliðavatn*.[93] Strætisvagnar Reykjavíkur hófu akstur árið 1932 og óku frá upphafi inn að Elliðaárstöð og seinna allt austur að Lögbergi við Lækjarbotna (Lögbergsvagninn) og nýttu margir sumarbústaðaeigendur sér þessar ferðir.[94] Á kreppuárunum og í húsnæðisleysi

[91] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, síðari hluti, 208 (myndatexti), 225–227.
[92] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 RVK ÁRB 003 1-1. Ljósmyndari: Björgvin Pálsson.
[93] Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir, *Byggðakönnun: Borgarhluti 7 – Árbær* (skýrsla 183, 2017), 27–38.
[94] Guðlaugur Jónsson, *Saga Strætisvagna Reykjavíkur 1931–1967*, 45, 61, 170; *Vef*. Skjalasafn Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, „Borgarsögusafn Reykjavíkur“, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5001-Borgarsögusafn-Reykjavíkur/, „Reykjavík 1932 – Leiðir strætisvagna – bakhlið“.

stríðsáranna og eftirstríðsáranna voru margir sumarbústaðir og önnur lítil íveruhús á þessum svæðum tekin til heilsársbúsetu og á stríðsárunum var fólk af öryggisástæðum hvatt til að dvelja sumarlangt í bústöðum sínum utan þéttbýlisins. Víðast hvar véku þessar sumarhúsabyggðir síðan fyrir skipulagðri íbúðabyggð eftir því sem hún færðist austar í borgarlandinu á áratugunum eftir stríð, en einstök hús og minjar um þessa byggð standa eftir, einkum á þeim svæðum sem haldist hafa sem útivistarsvæði, þó að stefna borgaryfirvalda hafi einnig verið sú að öll byggð skuli vera víkjandi á þeim svæðum.



**Mynd 20**. Horft til norðausturs yfir Elliðavatn á ljósmynd frá 1951.[95] Fremst sjást smáhýsi og sumarbústaðir í Vatnsendalandi norðvestan vatnsins, en handan vatnsins má greina dreifða byggð í Elliðavatnslandi og Elliðavatnsbæinn lengst til hægri.

Í landi Elliðavatnsjarðar risu ellefu sumarbústaðir á árunum 1930–1940. Á þessu tímabili, eða árið 1933, var *Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna* einnig úthlutað landi vestan til í Rauðhólum sem félagið ætlaði að nýta til sumardvalar, skemmtunar og ræktunar fyrir félagsmenn sína. Þar voru síðan haldnar útisamkomur og reistur skáli, sem seinna var afhentur undir starfsemi sumardvalarheimilisins *Vorboðans*.[96] Árið 1938 var *Þingstúku Reykjavíkur* svo úthlutað landi til umráða úr Elliðavatnsjörð sunnavert við Kirkjuhólmatjörn, vestan við land Svavars og Kjartans Hjaltested (*Hrauntún*, Elliðavatnsbletti 25) og skammt frá Gvendarbrunnum. Var staðurinn nefndur *Jaðar*. Sumarið og haustið 1938 lögðu templarar veg að landinu frá brúnni sem lá yfir Álinn milli Helluvatns og Elliðavatns, til suðausturs framhjá Helluvatni og Kirkjuhólmatjörn og var hann kallaður Templaravegur (á þeim slóðum þar sem Heiðmerkurvegur er nú). Á landinu reis fljótlega bráðabirgðahús og seinna stærri bygging sem hýsti sumardvalarheimili templara og heimavistarskóla á vegum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 1946–1973.[97]

---

[95] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. VIG 0927 002 1-2 (hluti myndar). Ljósmyndari: Sigurhans Vignir.
[96] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf stjórnar Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna til bæjarráðs dags. 10.5.1933; bréf Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra til bæjarráðs dags. 19.5.1933; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Rauðhólar: Fornleifaskrá* (skýrsla 217, 2021), 10; Drífa Kristín Þrastardóttir, *Húsakönnun: Grandavegur – Eiðagrandi – Hringbraut – Framnesvegur* (skýrsla 114, 2004), 18.
[97] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréfaskipti milli stjórnar „Landnáms Templara Jaðri", rafmagnsstjórans í Reykjavík og borgarstjóra, frá tímabilinu 1941–1946; bréf Jónasar Jónassonar til




**Mynd 21**. Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 1937 af sumarbústaðalöndum í Elliðavatnslandi.[98] Sýnd eru þau lönd sem leigusamningar höfðu verið gerðir um og þeir bústaðir sem reistir höfðu verið á þessum tíma, ásamt nöfnum eigenda.

Sumarbústaðirnir sem reistir voru í Elliðavatnslandi á þessu tímabili voru ýmist byggðir á leigulandi sem Rafmagnsveita Reykjavíkur úthlutaði og fékk greidda leigu fyrir eða með leyfi Emils Rokstads ábúanda jarðarinnar og þá án þess að samið hefði verið í upphafi við Rafmagnsveituna eða bæjarráð um land eða leigu. Árið 1938, þegar samningur um ábúð Rokstads hafði verið endurnýjaður til fimm ára, fól bæjarráð Rafmagnsveitunni að ganga eftir því að menn reistu ekki sumarbústaði í landi Elliðavatns án leyfis eða án þess að greiða leigu.[99] Gerði Rafmagnsveitan þá átak í skráningu og kortlagningu bústaðanna og mæltist til þess við Emil Rokstad að hann sæi til þess að sumarbústaðaeigendur á svæðinu gerðu

---

bæjarráðs dags. 31.10.1938 ; „Landnám Templara“, *Boðberinn* 1, nr. 1 (1938), 5–6; „Templarar hafa í hyggju að byggja stórhýsi í Reykjavík“, *Vísir*, 7.9.1938, 4.

98 *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, „Elliðavatnsland“, kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur, dags. okt. 1937.

99 *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf borgarstjórans í Reykjavík til rafmagnsstjóra dags. 3.10.1938.

ráðstafanir til að fá leigusamning og greiddu áfallna leigu.[100] Í kjölfarið sendu flestir sumarbústaðaeigendurnir umsóknir um leigulönd til bæjarráðs eða Rafmagnsveitunnar og gerðu grein fyrir þeim spildum og húsbyggingum sem þeir höfðu fengið leyfi fyrir hjá Rokstad. Rafmagnsveitan lét á þessum tíma gera kort yfir sumarbústaðalönd og húsbyggingar í Elliðavatnslandi, með nöfnum þeirra sem þá höfðu fengið spildur úr landinu (sjá mynd 21). Á árunum 1939–1940 voru einnig teknar saman skrár yfir sumarbústaðalöndin og -eigendurna að beiðni hreppstjóra Seltjarnarneshrepps og fasteignamatsnefndar Kjósarsýslu, vegna endurskoðunar fasteignamats Elliðavatnsjarðar.[101] Út frá þessum heimildum má rekja upphaf og eignarhald þeirra sumarbústaða sem reistir voru á Elliðavatnsblettum á þessu tímabili. Eigendurnir virðast hafa tilheyrt nokkuð breiðum þjóðfélagshópi og ýmsum starfsstéttum, en algeng var að þeir væru af stétt iðnaðarmanna. Einnig voru þar meðal annarra embættismenn, læknar, lyfsalar og kaupmenn.


EMIL ROKSTAD
P. O. BOX 175
TELEGR.ADR.: ROKSTAD
TELEFON 3392

Nýjir sumarbústaðir í Elliðavatnslandi

Reykjavík (Iceland) 193

Sigurjón Jónsson Elliðavatni
Magnús Jónsson Engabæ
Hjalti Lýðsson Grettisgötu 64
Guðmundur Kristjánsson Óðinsgötu 6 B
Guðmundur Bjarnleifsson
Baldvin Jónsson Þórsgötu 17
Jónas Jónasson skósmiður

23/9/38.
E. Rokstad


Sumarbústaðalönd við eystri enda Elliðavatns

Land það, sem Benedikt Eyþórsson hefir til umráða, er vel girt og mikil vinna hefir verið lögð í ræktun og híbýli eru góð.

Sverrir Magnússon, lyfjafræðingur er eftir því sem bezt er vitað talinn eigandi næsta lands. Hefir það gengið kaupum og sölum lengi. Hús er sæmilegt á lóðinni en rækt í minna lagi. Landið er girt torfgörðum.

Næst er lóð Baldvins Jónssonar, girt torfgörðum og lóðin í sæmilegri rækt. Gott hús er á lóðinni.

Næst í sömu röð er Karl Jónsson, læknir. Sú lóð hefir haft eigendaskifti og er nú lögð vinna í hús og lóð. Lóðin er girt.

Um allar þessar lóðir má segja, að þær eru undarlegar í laginu og erfitt að búa til skipulag, sem þær mundu prýða í sinni núverandi mynd, en stendur þó til bóta með tiltölulega lítilli fyrirhöfn.

Lóð Mínervu Jósteinsdóttir er umlukt háum torfgarði og lögun lóðarinnar takmarkast af 4 sæmilega beinum línum. Hús og ræktun eru í sæmilegu standi.

Lóð Hjalta Lýðssonar er vel girt, húsakynni góð og mikil vinna lögð í ræktun.

Hús Fanneyjar Benónýsdóttur hefir staðið um 12 ár. Landið er ekki girt og ekkert hefir verið ræktað, en loforð mun vera fyrir hendi um einhverja lóð og húsið ekki byggt í leyfisleysi frá hendi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Lækjamót við Suðurlandsbraut – Sigurjón Jónsson er ~~hálfs~~ heils árs bústaður og sendir Bæjarsjóður Reykjavíkur skattareikninga á þetta nafn og heimilisfang. Lóðin er ræktuð eftir því sem hægt er og vel hýst, en erfitt verður að koma henni inn í skipulag með núverandi lögun.

Lóð Arnbjörns Óskarssonar er vel girt, ræktuð og húsuð en einkennileg í laginu. Þarf að bæta við hana 0,3 ha. þegar hætt er að hugsa um fjörubeit við Elliðavatn.

Yfirleitt hefir þetta fólk lagt meira erfiði og alúð við að yrkja blettina en ástæða er til að hugsast fáist greitt með öðru en ánægjunni af vel unnu starfi. Gæti verið athugandi hvort ekki bæri að hjálpa öðrum til að gera hið sama og kippa því í lag, sem hér hefir verið ábótavant til þess að heildarsvipur Heiðmerkur verði fallegur.

Virðingarfyllst,

**Myndir 22 og 23**. Skjöl úr fórum Rafmagnsveitu Reykjavíkur um sumarbústaðaeigendur á Elliðavatnsblettum um 1938.[102]

Hér verður greint stuttlega frá þeim sumarbústöðum sem reistir voru á tímabilinu, en nánari umfjöllun má finna í meðfylgjandi húsaskrá.

---

[100] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Emils Rokstad með lista yfir eigendur sumarbústaða í Elliðavatnslandi dags. 23.9.1938; bréf Rafmagnsveitunnar til Emils Rokstad dags. 6.10.1938.

[101] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf hreppstjóra Seltjarnarneshrepps til rafmagnsstjóra dags. 22.11.1939; „Sumarbústaðalönd við eystri enda Elliðavatns“, ódags. skrá; bréf rafmagnsstjóra til hreppstjóra Seltjarnarneshrepps dags. 28.11.1939; bréf fasteignamatsnefndar Kjósarsýslu til Rafmagnsveitunnar dags. 22.1.1940; bréf rafmagnsstjóra til fasteignamatnsnefndar Kjósarsýslu dags. 5.2.1940.

[102] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Emils Rokstad með lista yfir eigendur sumarbústaða í Elliðavatnslandi dags. 23.9.1938; „Sumarbústaðalönd við eystri enda Elliðavatns“, ódags. skrá.

### *Leifsstaðir*, Elliðavatnsblettur 11 – Byggt upp úr 1930

Eitt fyrsta húsið sem reis á svæðinu á þessu tímabili var hús sem Guðmundur Kristjánsson myndskeri (1901–1979) og síðar bóndi á Hörðubóli í Dalasýslu byggði upp úr 1930 ásamt norskri konu sinni Beatrice Marie Stokke, á landskika sem seinna var talinn sem *Elliðavatnsblettur 11*.[103] Guðmundur seldi Karli Jónssyni lækni (1896–1980) húsið um 1937–1938, en Guðmundur hafði m.a. lært myndskurð hjá bróður Karls, Ríkharði Jónssyni.[104] Karl hófst fljótlega handa við ýmsa uppbyggingu á landinu og dvaldist þar síðan sumarlangt á hverju ári með konu sinni Gudrunu Margrethe Jónsson hjúkrunarkonu (1906–1972) og tveimur sonum þeirra. Meðal annars voru gerðar viðbyggingar við bústaðinn, byggt bátaskýli á landinu og seinna (1965) annar lítill bústaður til vetrardvalar, en eldra húsið var óeinangrað og of kalt til að dvelja í því á veturna. Húsin á landinu hafa verið í eigu annars sonar hjónanna, Leifs Karlssonar, frá 1986 og hefur hann meðal annars ritað grein um lífið í sumarbústöðunum á Elliðavatnsblettum.[105]



**Mynd 24**. Mynd tekin til suðvesturs yfir Helluvatn. Bústaðir og skúrar við suðurbakka vatnsins: Lengst til vinstri bátaskýli á Elliðavatnsbletti 14, þá bústaðurinn Hvammur á Elliðavatnsbletti 13 (seinna stækkaður mikið), fyrir miðju bústaður Baldvins Jónssonar á Elliðavatnsbletti 12 (brann um 1965–1970), hægra megin bústaður Karls Jónssonar á Elliðavatnsbletti 11 og sameiginlegt bátaskýli eigenda á Elliðavatnsblettum 11 og 12.[106]

### *Þingnes*, Elliðavatnsblettur 35 – Byggt um 1932 (horfið)

Árið 1932 leigði bæjarstjórn Hauki Vigfússyni bankaritari (1910–1981), sem seinna varð forstöðumaður veðdeildar Landsbankans, hálfs hektara land undir sumarbústað á Þingnesi sem gengur inn í Elliðavatn sunnanvert. Þar virðist hann fljótlega hafa byggt sumarbústað og síðar bátaskýli. Á Þingnesi er þekktur minjastaður þar sem meðal annars er að finna minjar sem taldar eru tengjast þinghaldi og var nýlega búið að friðlýsa þær á þessum tíma.[107] Bústaðurinn var í eigu Hauks til 1951, þegar Gunnar Hall kaupmaður (1909–1970) keypti hann og sendi rafmagnsstjóri honum þá bréf um að gæta þeirra friðunarákvæða sem giltu um fornleifarnar á landinu.[108] Nokkrum árum síðar var bústaðurinn kominn í eigu Einars

[103] Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað", *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 70.
[104] Ingiberg J. Hannesson, „Guðmundur Kristjánsson Hörðubóli", *Íslendingaþættir Tímans*, 1.9.1979, 1; „Dánarfregnir", *Vísir*, 19.6.1979, 20.
[105] Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað", *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 62–72.
[106] Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað", *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 72 (mynd og myndatexti).
[107] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 13, skjal um friðlýsingu mannvirkjaleifa á Þingnesi dags. 25.10.1930, undirritað af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði.
[108] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 13, bréf rafmagnsstjóra til Gunnar Hall dags. 25.7.1951; bréf rafmagnsstjóra til Steingríms Pálssonar bústjóra á Elliðavatni dags. 25.7.1951.

Kristjánssonar heildsala (1907–1980). Um 1993 eignuðust bústaðinn þeir Þorbjörn Broddason, Björn Marteinsson og Sigurður Jakobsson og seinna Guðmundur Kr. Unnsteinsson, en í ársbyrjun 2022 brann hann, og eftir standa nú einungis leifar af steyptum undirstöðum hússins og timburpallur, auk bátaskýlisins.

### *Hólakot,* Elliðavatnsblettur 1 – Byggt 1932

Á sama tíma og Haukur Vigfússon fékk leigt land á Þingnesi (árið 1932) samþykkti bæjarstjórn að leigja Magnúsi Jochumssyni póstmeistari (1889–1973) land austanvert við Helluvatn, við hliðina á landi Hallgríms Tulinius (Elliðavatnsbletti 2). Þar reisti Magnús lítið bústað með skáþaki og veröndum umhverfis (sjá mynd 25). Húsið var síðan í eigu Magnúsar Jochumssonar og fjölskyldu hans fram á 9. áratug 20. aldar. Árið 1986 keypti núverandi eigandi húsið og lét byggja á það nýja og hærri rishæð með tveimur kvistum og svölum og um leið var húsið stækkað með viðbyggingum.



**Mynd 25**. Mynd tekin til norðausturs yfir Helluvatn 1975–1981. Á austurbakka vatnsins má greina hús Magnúsar Jochumssonar á Elliðavatnsbletti 1, í þeirri mynd sem það var allt fram á 9. áratug 20. aldar.[109]

### *Elliðabrekka,* Elliðavatnsblettur 26 – Byggt 1935

Um 1935 byggðu hjónin Fanný Benónýsdóttir (1896–1975) og Georg Thordal Finnsson (1884–1936), kaupmaður í Vörubúðinni í Reykjavík, sér lítinn bústað í norðurhlíð Heimaáss, og munu hafa haft til þess munnlegt leyfi frá Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra.[110] Georg lést fljótlega eftir að bústaðurinn var reistur en húsið var áfram í eigu Fanneyjar og fjölskyldu

[109] *Þjóðminjasafn*. AK4b-2-36. Ljósmyndari: Ari Kárason.
[110] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Emils Rokstads til rafmagnsstjóra dags. 6.10.1938; „Sumarbústaðalönd við eystri enda Elliðavatns“, ódags. skrá.

allt til ársins 2023. Eftir lát Georgs starfrækti Fanný verslunina Vörubúðina áfram um skeið en árið 1940 stofnaði hún Sængurfatagerðina sem hún rak síðan um árabil í húsi sínu við Hverfisgötu 57a. Fanný var þekkt fyrir dugnað og margvíslegan stuðning við ýmis málefni og góðgerðarmál.[111]

### *Hvammur*, Elliðavatnsblettur 13 – Byggt 1936/1956

Um 1936 eða nokkru fyrr var reist lítið sumarhús sunnanvert við Helluvatn, á landi sem seinna var talið sem Elliðavatnsblettur 13, en ekki er ljóst af heimildum hver byggði það hús enda virðist það hafa verið byggt án leyfis Rafmagnsveitunnar. Það var lítið timburhús með lágreistu mænisþaki og sólskála við suðurgafl (sjá mynd 24). Árið 1937 keypti Lyffræðingafélag (nú Lyfjafræðingafélag) Íslands húsið og fékk leigðan landskika umhverfis það með samþykkt Rafmagnsveitunnar og bæjarráðs. Þar hugðist félagið gera tilraunir með ræktun ræktun ýmissa jurta til lyfjagerðar og koma sér upp samastað til frístunda og „hollrar útivinnu“ fyrir félagsmenn sína.[112] Árið 1938 keypti Sverrir Magnússon lyfsali (1909–1990) húsið af félaginu, en hann var þá formaður félagsins. Eftir heimkomu frá námi í Bandaríkjunum 1944–1947 rak Sverrir um árabil Hafnarfjarðarapótek í húsi sínu við Standgötu 34 í Hafnarfirði, en hann og kona hans Ingibjörg Sigurjónsdóttir lyfjafræðingur (1914–1986) gáfu síðar Hafnarfjarðarbæ húsið undir menningar- og listamiðstöðina Hafnarborg.[113]




**Myndir 26 og 27**. Húsið *Hvammur* á Elliðavatnsbletti 13 á myndum frá 1962–1981 (v.m.) og 1959 (h.m.), þegar búið var að stækka það og byggja í núverandi mynd.[114] Á myndinni vinstra megin sést einnig bátaskýli sem stóð vestan við húsið, en var rifið um 2000. Í bakgrunni sést húsið á Elliðavatnsbletti 14, sem var rifið 1997 þegar nýr bústaður var byggður á sama stað.

---

[111] Ólafur Skúlason, „Fanný Benónýs“, *Íslendingaþættir Tímans*, 3.4.1976, 6–7; „Hjördís Georgsdóttir“, *Morgunblaðið*, 10.5.2013, 28.
[112] *Borgarskjalasafn*. Málasafn borgarstjóra. Askja 667, bréf Lyffræðingafélags Íslands til bæjarráðs dags. 9.4.1937; bréf Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra til bæjarráðs dags. 15.4.1937; bréf bæjarráðs til rafmagnsstjóra dags. 20.4.1937.
[113] „Sverrir Magnússon lyfsali – Minning“, *Morgunblaðið*, 1.7.1990, C-hluti, 14.
[114] *Þjóðminjasafn*. AK4b-2-6. Ljósmyndari: Ari Kárason; *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. INÓ 008 009 4-6. Ljósmyndari: Ingibjörg Ólafsdóttir.

Árið 1956 voru Sverrir og Ingibjörg búin að stækka húsið og breyta því í núverandi mynd, sem háreist holsteinshús með strikaðri múrsteinshúð á annarri hlið, bröttu risi og útbyggingu með svipmiklum burstum og gluggum og háum hellulögðum skorsteini.[115] Húsið hefur mjög sérstæðan svip og er af húsagerð sem er fágæt hér á landi og ber með sér erlend áhrif og sérkenni sem eru meðal annars algeng í bandarískum úthverfa- og sumarhúsum.frá 3. og 4. ártugnum (sjá kafla 2.3.3.4). Ekki er ólíklegt að Sverrir hafi kynnst slíkri húsagerð á námsárum sínum í Bandaríkjunum. Sverrir og Ingibjörg dvöldu flest sumur í bústaðnum, byggðu þar bátaskýli og prýddu landið með trjágróðri og öðrum gróðri. Sverrir ánafnaði Lyfjafræðisafninu húsið áður en hann lést árið 1990 en félagið seldi það Sigurði Guðna Jónssyni lyfsala (1940–2008) sama ár. Það er nú í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

### Elliðavatnsblettur 12 – Byggt 1937 (horfið)

Nokkur hús risu á svæðinu árið 1937. Eitt þeirra var sumarbústaður sem Baldvin Jónsson vélsmiður (1905–1988) byggði á bletti næst vestan við land Lyffræðingafélagsins og mun hafa fengið til þess leyfi Emils Rokstads. Baldvin sótti svo um leyfi bæjarráðs fyrir bústaðnum í janúar 1939.[116] Baldvin var jafnan kenndur við verksmiðjuna Sylgju sem hann stofnaði á 4. áratugnum og framleiddi ýmiskonar sylgjur, hnappa o.fl. en var síðan breytt í viðgerðarverkstæði á stríðsárunum og rekið sem slíkt um árabil í bakhúsi við Laufásveg 19. Á 6. áratugnum fann Baldvin upp og smíðaði vélar til dúnhreinsunar sem víða voru notaðar með góðum árangri við hreinsun æðardúns. Kona hans var Guðborg Guðmundsdóttir (1909–1980) og áttu þau þrjú börn.[117] Hús þeirra á Elliðavatnsbletti 12 var lítið timburhús með lágreistu mænisþaki og stóð það á blettinum miðjum (sjá mynd 24). Upp úr 1960 voru Sverrir Magnússon og Ingibjörg Sigurjónsdóttir orðnir leigjendur beggja blettanna, nr. 12 og 13, og eftir 1971 virðist húsið sem þarna stóð vera horfið og mun það hafa brunnið.[118] Árið 2000 var reistur geymsluskúr norðaustanvert á landinu, sem stendur þar enn.

### Elliðavatnsblettur 23 – Byggt 1937 (horfið)

Um svipað leyti og Baldvin Jónsson byggði sitt hús, reistu hjónin Jónas Jónasson skósmiður (1897–1964) og Mínerva Jósteinsdóttir (1896–1971) sér bústað lítið eitt sunnar, en á milli húsanna var skömmu síðar lagður vegurinn austur að Jaðri (þar sem Heiðmerkurvegur er nú), þar sem Þingstúka Reykjavíkur fékk um þetta leyti land úr Elliðavatnsjörð. Jónas og Mínerva reistu bústaðinn með leyfi Emils Rokstads og girtu landið af með háum torfgörðum sem enn umkringja það, en árið 1938 sótti Jónas um leyfi bæjarráðs til afnota á landinu.[119] Húsið var lítið borða- og pappaklætt timburhús á hlöðnum grjótgrunni. Jónas og Mínerva áttu fimm börn og dvaldi fjölskyldan löngum stundum í bústaðnum. Árið 1958 seldi Mínerva elstu dóttur

---

[115] *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Lýsingabók nr. 17, Elliðavatn, Hvammur (br.nr. 4368), virðingar dags. 16.10.1943 og 10.12.1956.
[116] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Baldvins Jónssonar til bæjarráðs dags. 23.1.1939.
[117] „Þingeyskur hugvitsmaður fann upp dúnhreinsivélina“, *Dagur*, 15.8.1956, 8; Sigurlaug Bjarnadóttir, „Minning: Baldvin Jónsson“, *Morgunblaðið*, 12.2.1988, 41; Eysteinn G. Gíslason, „Um brautryðjendur og dúnframleiðslu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 16.4.1994, 4.
[118] Leifur Karlsson, símtal við DKÞ, Borgarsögusafni, 26.2.2025.
[119] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Jónasar Jónassonar til bæjarráðs dags. 31.10.1938.

þeirra, Elínu Júlíönu (1914–2005), bústaðinn. Í hennar tíð var byggt nýtt hús vestan við og líklega samtengt við eldra húsið og er það vesturhluti núverandi húss (sjá kafla 1.7.), en upphaflega húsið var rifið um 2004.

### *Grænahlíð*, Elliðavatnsblettur 30 – Byggt 1937

Einn af þeim bústöðum sem risu á svæðinu um 1937 var hús Hjalta Lýðssonar kaupmanns (1900–1976) sem hann byggði í vesturhlíð Heimaáss, suður af bústað Christens Zimsens, með leyfi Emils Rokstads. Árið 1938 sótti hann svo til bæjarráðs að fá leigða spilduna umhverfis bústaðinn, sem hann hafði þá girt af.[120] Hjalti hafði byrjað starfsferil sinn árið 1916 sem vinnumaður hjá Emil Rokstad, en hélt árið 1921 til Noregs til að kynna sér niðursuðu og reykingu matvæla og kynntist þar konu sinni, Elviru Pauline (1906–2005) sem hann kvænist 1927 og eignuðust þau hjónin þrjú börn. Hjalti varð umsvifamikill kjötkaupmaður eftir 1930 og rak um árabil kjötverslanir á nokkrum stöðum í Reykjavík. Árið 1949 var hann meðal stofnenda Stjörnubíós og forstjóri þess þar til skömmu áður en hann lést.[121] Bústaðurinn, sem var nefndur *Grænahlíð*, var seinna stækkaður og einnig byggð önnur mannvirki á landinu, meðal annars útsýnisturn sem stóð efst á Heimaási þar sem útsýni var til allra átta. Einnig flutti Hjalti á landið stóra hraungrýtisdranga úr Rauðhólum, sem standa þar enn og setja mikinn svip á umhverfið.[122] Húsið er enn í eigu fjölskyldunnar.




**Myndir 28 og 29**. Hraungrýtisdrangar úr Rauðhólum á Elliðavatnsbletti 30.[123]

### *Litli-Hvammur*, Elliðavatnsblettur 9 – Byggt 1938 (horfið)

Vorið 1938 reisti Guðmundur Bjarnleifsson reiðhjólasmiður (1904–1982) sumarbústað með leyfi Emils Rokstads skammt norðan við brúna sem lá yfir Álinn milli Elliðavatns og Helluvatns. Í nóvember sama ár fór Guðmundur þess á leit við bæjarráð að fá á leigu hálfs hektara landskika undir sumarbústaðinn.[124] Guðmundur starfaði í reiðhjólaverksmiðjunni

---

[120] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Hjalta Lýðssonar til bæjarráðs dags. 29.10.1938.

[121] „Hjalti Lýðsson forstjóri látinn", *Morgunblaðið*, 17.7.1976, 2; „Hjalti Lýðsson forstjóri – Minning", *Morgunblaðið* 22.7.1976, 27; Oddur Guðjónsson, „Hjalti Lýðsson", *Íslendingaþættir Tímans*, 4.9.1976, 4–5; „Elvira Pauline Lýðsson", *Morgunblaðið*, 2.11.2005, 39.

[122] „Hjalti Lýðsson forstjóri – Minning", *Morgunblaðið* 22.7.1976, 27; Oddur Guðjónsson, „Hjalti Lýðsson", *Íslendingaþættir Tímans*, 4.9.1976, 5.

[123] Myndir teknar við vettvangskönnun, mars 2024. DKÞ, Borgarsögusafni.

[124] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Guðmundar Bjarnleifssonar til bæjarráðs dags. 5.11.1938; bréf Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra til bæjarverkfræðingsins í Reykjavík dags. 13.4.1945.

Erninum og seinna hjá Fálkanum. Kona hans var Ágústa Magnúsdóttir (1899–1982) og áttu þau eina dóttur. Ekki er kunnugt um fleiri atriði í sögu bústaðarins eða eigenda hans, utan þess að á 8. áratugnum var hann kominn í eigu Ingibjargar Jónsdóttur. Bústaðurinn sést á loftmyndum sem til eru af svæðinu fram til 2017, en 2018 er hann horfinn af grunni sínum. Í maí það ár brann til grunna sumarbústaður við Elliðavatn, nálægt Elliðavatnsbænum, og hefur þar án vafa verið um að ræða bústaðinn á Elliðavatnsbletti 9.[125]

### *Lækjamót,* Elliðavatnsblettur 33 – Byggt 1938

Sumarið 1938 reis einn bústaður til viðbótar á svæðinu, þegar Sigurjón Jónsson byggði hús á landskika við suðausturbakka Elliðavatns, með leyfi Emils Rokstads. Sigurjón sótti svo um leyfi bæjarráðs til afnota á landspildunni í október sama ár.[126] Húsið var timburhús á steypukjallara og virðist hafa þjónað sem heilsársbústaður Sigurjóns, skráður við Suðurlandsbraut. Ekki finnast nánari deili á Sigurjóni í heimildum um húsið, en hugsanlega er um að ræða Sigurjón Jónsson fyrrverandi héraðslækni á Dalvík (1872–1955), sem flutti ásamt konu sinni Sigríði Ólafsdóttur (1875–1952) til Reykjavíkur árið 1938, en þau bjuggu eftir 1946 á heimili dóttur sinnar Elínar að Reykjavegi 24 í Laugardal.[127] Önnur dóttir þeirra, Ingibjörg Sigurjónsdóttir lyfjafræðingur (1914-1986), átti seinna sumarbústaðinn *Hvamm* á Elliðavatnsbletti 13. Um 1946 eignuðust húsið hjónin Gunnlaugur Eggertsson Briem ráðuneytisstjóri (1903–1999) og Þóra Garðarsdóttir Briem (1905–1999) og reistu þau við það viðbyggingu. Í dag er húsið enn í eigu afkomenda þeirra.

### Elliðavatnsblettur 14 – Byggt 1939 (horfið)

Vorið 1939 reisti byggði Benedikt Eyþórsson húsgagna- og skíðasmiður (1902–1992) sumarbústað með leyfi Emils Rokstads á bletti sunnan við Helluvatn, næst austan við land Sverris Magnússonar lyfsala (Elliðavatnsblett 13). Benedikt fór þess á leit við Rafmagnsveituna sama vor að fá landið á leigu.[128] Húsið var timburhús á steyptum grunni með lágu risi (sjá mynd 24). Benedikt, eða Skíða-Bensi eins og var gjarnan nefndur, var húsgagnasmiður og skíðasmiður, sem lærði iðn sína í Noregi. Hann rak verkstæði í bakhúsi við Vatnsstíg 3 undir nafninu „Húsgögn og skíði“ þar sem hann framleiddi m.a. skíði. Kona hans Astrid Eyþórsson (1903–1993) var norsk og áttu þau þrjú börn.[129] Þau hjón áttu húsið til um 1951 og dvöldu þar yfir sumartímann ásamt fjölskyldu sinni og ræktuðu upp landið. Eftir 1951 var húsið í eigu Óskars Thorberg Jónssonar bakara (1900–1957) og konu hans Edith Thorberg Jónsson (1901–1987) í um áratug, en eftir það skipti það oft um eigendur. Árið 1996

[125] *Vef.* „Bústaður við Elliðavatn brann til grunna“, mbl.is, 6.5.2018; „Sumarbústaður brann til grunna“, *Morgunblaðið*, 7.5.2018, 11.
[126] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Sigurjóns Jónssonar til bæjarráðs dags. 31.10.1938.
[127] Gísli Kristjánsson, „Frú Sigríður Ólafsdóttir – Minningarorð“, *Morgunblaðið*, 10.1.1952, 8: Sigurbjörn A. Gíslason, „Sigurjón Jónsson fyrrv. héraðslæknir – minning“, *Morgunblaðið*, 24.9.1955, 2.
[128] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Benedikts Eyþórssonar til Rafmagnsveitunnar dags. 2.5.1939.
[129] „Skíðaverkstæði Benedikts Eyþórssonar“, *Þjóðviljinn*, 9.12.1937, 4; Siv [H. Franksdóttir], „Benedikt Eyþórsson – Minning“, *Morgunblaðið*, 23.6.1992, 30; Auður og Sif [án kenninafna], „Hjónaminning: Astrid Eyþórsson og Benedikt Eyþórsson“, *Morgunblaðið*, 10.8.1993, 36.

eignaðist Birgir Reynisson húsið, sem þá mun hafa verið illa farið, og fékk hann árið 1997 leyfi til að rífa það og byggja nýtt og nokkuð stærra sumarhús á sama stað (sjá kafla 1.8).

### Lífið á Elliðavatnsblettum

Af þeim frásögnum og minningabrotum sem til eru um dvöl fólks í sumarbústöðunum á Elliðavatnsblettum á þessum tíma og fram eftir 20. öld er ljóst að algengast var að þeir sem áttu þar bústaði eyddu þar bróðurparti sumars ásamt fjölskyldum sínum og legðu mikla vinnu og allar sínar frístundir í gróðursetningu og aðra ræktun og mótun landsins. Flestir fluttu í sumarbústaði sína á hverju vori og dvöldu þar allt sumarið þar til skólar byrjuðu aftur að hausti, en fjölskyldufeðurnir sóttu vinnu til Reykjavíkur og ferðuðust á milli dag hvern, sumir með einkabílum en flestir „gengu niður á Suðurlandsveg á morgnana til að taka strætó í vinnuna í bænum og keyptu inn á leið sinni uppeftir aftur.“[130] Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar var jafnvel sérstaklega mælst til þess við barnafólk í Reykjavík að það flytti úr bænum yfir sumartímann, vegna hættu sem var talin af loftárásum og hafði það meðal annars áhrif á sumarbústaðalífið á Elliðavatnsblettum.[131] „Í stríðsbyrjun var því þarna komið ærið fjölskrúðugt smábæjarlíf sumarlangt“ og víða samgangur á milli bústaða, eins og lýst er í grein Leifs Karlssonar, sonar Karls Jónssonar læknis á Elliðavatnsbletti 11.[132] Margir höfðu báta og bátaskýli þar sem löndin lágu að vatni og stunduðu þar siglingar og veiðar. Kartöflur og matjurtir ræktuðu margir á blettum sínum og komu upp kartöflugeymslum og öðrum skúrum, en mjólk var sótt daglega á Elliðavatnsbýlið.




**Myndir 30 og 31**. Hópur barna og ungmenna við Helluvatn árið 1946 (v.m.), húsið Runnur á Elliðavatnsbletti 2 í baksýn. Lirfur tíndar af birkihríslum á Elliðavatnsbletti 11 (h.m.).[133]

---

[130] Ragna M. Þorsteins, „Þóra Magnúsdóttir“, *Morgunblaðið*, 26.2.2016, 24; Auður og Sif [án kenninafna], „Hjónaminning: Astrid Eyþórsson og Benedikt Eyþórsson“, *Morgunblaðið*, 10.8.1993, 36; Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað“, *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 63–64.

[131] Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað“, *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 63–64; *Vef.* „Þurfa að fjarlægja húsin fyrir áramót“, mbl.is, 15.12.2012.

[132] Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað“, *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 64.

[133] *Þjóðminjasafn*. Lpr/2009-3-289. Ljósmyndari: Ásta Svanhildur Guðmundsdóttir; Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað“, *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 70 (mynd og myndatexti).

Börn sumarbústaðaeigendanna ólust að miklu leyti upp í sumarbústaðabyggðinni við Elliðavatn og Helluvatn og nutu þess frelsis og nálægðar við náttúruna sem svæðið bauð upp á. Leifur Karlsson segir frá helstu leiksvæðum barnanna á svæðinu, meðal annars sandgryfju vestan við blett nr. 11, þar sem tekin hafði verið möl í vegagerð um svæðið og þar sem börnin bjuggu til sína eigin vegi og brýr. „Íþróttamiðstöð“ krakkanna var austan við Heimaás, „þar sem núverandi Heiðmerkurvegur byrjar út frá Jaðarsveginum“: „Þarna fundum við okkur þokkalega sléttan mel milli hárra rofabarða. Var hann grjóthreinsaður og afmarkaður með grjóti. Þjónaði melurinn okkur bæði sem knattspyrnu- og frjálsíþróttavöllur. … Allt er svæði þetta nú þakið lúpínu og trjágróðri. Enn markar þó fyrir vellinum.“[134] Ragna Þorsteins, dóttir hjónanna sem áttu bústaðinn *Runn* á Elliðavatnsbletti 2, rifjar einnig upp æskuminningar af svæðinu í minningagrein um vinkonu sína Þóru Magnúsdóttur, sem var dóttir hjónanna á næsta bletti, Elliðavatnsbletti 1: „Leiksvæðið stækkaði eftir því sem við eltumst: Aðgrunnt vatnið í víkunum framan við bústaðina, hólarnir og engin út frá þeim þar sem gengu hestar sem stundum var riðið berbakt um svæðið“.[135]

Greinilegt er af minningargreinum um frumbýlinga á svæðinu að flestir höfðu þeir mikinn áhuga á garðrækt og skógrækt, enda sér þess greinileg merki á svæðinu í dag þar sem fjölskrúðugur trjágróður hefur vaxið upp á flestum blettanna, þar sem upphaflega var mólendi að mestu og melar. Þar sem fé gekk laust um svæðið framan af komu flestir upp fjárheldum girðingum eða vegghleðslum kringum bletti sína og var torf og grjóthellur úr nágrenninu nýtt í slíkar og aðrar hleðslur á blettunum, einnig í skjólveggi og stéttir.[136]




**Myndir 32 og 33**. Myndir frá fjölskyldu Karls Lúðvíkssonar og Svanhildar Jóhönnu Þorsteinsdóttur sem áttu húsið *Lynghól* á Elliðavatnsbletti 32. Karl Lúðvíksson ásamt Gissuri Bergsteinssyni mági sínum (v.m.). Í baksýn sést húsið *Grænahlíð* á Elliðavatnsbletti 30. Fjölskyldan í skírnarveislu sem haldin var á *Lynghól* 1967 (h.m.).[137]

Margir bústaðanna á Elliðavatnsblettum hafa haldist í eigu sömu fjölskyldnanna frá upphafi og fram á síðustu ár. Gegnumgangandi í minningagreinum um frumbýlinga á svæðinu og afkomendur þeirra eru hlýjar minningar um samverustundir í bústöðunum og lýsingar á

134 Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað“, *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 67.
135 Ragna M. Þorsteins, „Þóra Magnúsdóttir“, *Morgunblaðið*, 26.2.2016, 24–25.
136 Sjá m.a.: Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað“, *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 71–72.
137 Ljósmyndir í einkaeigu. Guðrún Helga Stefánsdóttir, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 2.5.2025.

þeirri miklu vinnu og væntumþykju sem eigendur þeirra lögðu í að gera lönd sín að þeim sælureitum og griðastöðum sem lýst er. Í minningagrein um hjónin Benedikt og Astrid Eyþórsson á Elliðavatnsbletti 14 er ein slík lýsing: „Amma og afi áttu sumarbústað við Elliðavatn, Helluvatnsmegin. Hann var þeirra sælustaður á sumrin. Bústaðinn byggði afi ásamt góðum mönnum eins og til dæmis föður sínum, sem var honum ómetanleg hjálp. Afi vann þar allar sínar frístundir og ræktaði landið og gróðursetti. Þar var amma öll sumur með börnin en afi fór á milli til og frá vinnu. Þar var oft mannmargt, mikið sungið og spilað á gítar eða dansað." Mörg önnur dæmi mætti tiltaka og ljóst að kynslóðir Reykvíkinga hafa bundist svæðinu sterkum böndum í gegnum dvöl sína í sumarbústöðunum á Elliðavatnsblettum.

## 1.6 Tímabilið 1940–1957: Hernámsárin og herbúðir – Vistheimili á Elliðavatni – Friðlandið Heiðmörk

Á árum seinni heimsstyrjaldar og eftirstríðsárunum virðist að mestu hafa orðið hlé á byggingu nýrra sumarbústaða á Elliðavatnsblettum, en einn bústaður var þó líklega byggður á Elliðavatnsbletti 4 norðan Helluvatns árið 1945 (sjá umfjöllun hér fyrir neðan). Það ár var einnig ákveðið í bæjarráði að gera leigusamninga við þá bústaðaeigendur sem áður höfðu byggt á leyfi frá fyrri ábúanda Elliðavatnsjarðar og höfðu ekki fram að þessu haft leigusamning eða greitt bænum eða Rafmagnsveitunni leigu. Um leið voru blettirnir mældir upp.[138] Jafnframt var gert ráð fyrir að leggja rafmagn um landið og bústaðaeigendum boðið að fá heimtaug í hús sín.[139] Ýmsar breytingar höfðu orðið á svæðinu á stríðsárunum og urðu einnig á eftirstríðsárunum, sem greint verður stuttlega frá í eftirfarandi köflum.

### Elliðavatnsblettur 4 – Byggt 1946 (horfið)

Í júní 1945 samþykkti bæjarráð að verða við umsókn Guðmundur Péturssonar (1904–1972) símritara og loftskeytamanns um land undir sumarbústað norðanvert við Helluvatn.[140] Guðmundur mun fljótlega hafa byggt bústað á landinu en árið 1956 byggði sonur hans, Pétur Guðmundsson flugvallarstjóri (1928–2014), þar nýjan bústað með leyfi föður síns sem hafði nokkru áður fjarlægt eldri bústaðinn sem hafði þá staðið þar í um tíu ár.[141] Árið 2015 var húsið komið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur sem fékk það ár leyfi byggingarfulltrúa til að rífa húsið.[142]

### *Camp Tinker* – Herbúðir í Rauðhólum

Á styrjaldarárunum var komið upp bandarískum herbúðum, *Camp Tinker*, í Rauðhólum þegar þangað var flutt miðstöð ratsjáreftirlits flughersins árið 1943. Herbúðirnar samanstóðu af um

---

[138] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf rafmagnsstjóra til bæjarverkfræðings dags. 13.4.1945; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 22.6.1945; bréf Rafmagnsveitunnar til bústaðaeigenda dags. 11.7.1945.
[139] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf rafmagnsstjóra til bæjarráðs dags. 5.4.1945; bréf Rafmagnsveitunnar til bústaðaeigenda dags. 11.7.1945.
[140] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf rafmagnsstjóra til bæjarráðs dags. 12.6.1945; bréf bæjarráðs til rafmagnsstjóra dags. 22.6.1945.
[141] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Péturs Guðmundssonar til Rafmagnsveitunnar með umsókn um endurnýjun leigusamnings dags. 22.10.1979. Sjá einnig: *Vef.* Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, þekjur: „Saga og þróun": „Reykjavík árið 1954" / „Reykjavík árið 1965".
[142] *Borgarskjalasafn*. Byggingarnefnd (B-skjöl). Elliðavatnsblettur 4, B/15712, afgreiðslubréf byggingarfulltrúa dags. 20.11.2015.

70 herbröggum og fleiri mannvirkjum af öðrum gerðum. Þaðan var loftvörnum stjórnað til ársins 1944, eða þar til öll starfsemi ratsjárstöðvarinnar fluttist til Keflavíkurflugvallar. Í Rauðhólum eru því víða ummerki eftir umsvif hersins s.s. skotgrafir, braggar, steyptir grunnar og gólfplötur.[143] Á þessum tíma hófst einnig stórfellt malarnám og efnistaka í Rauðhólum og þaðan fluttir tugþúsundir rúmmetra af rauðamöl á flugvallarsvæðið í Vatnsmýri og í vegi og götu borgarinnar.[144] Þá mun einnig hafa orðið til sú vegartenging sem er frá Rauðhólum norðan með Helluvatni að brúnni yfir Álinn, með einhverjum seinni tíma breytingum á þeim vegi.[145] Einnig eru heimildir um að möl og grjóthnullungum úr Rauðhólum hafi eftir þetta mikla rask verið komið fyrir á nokkrum sumarbústaðalóðum á svæðinu, meðal annars á Elliðavatnsbletti 3 og Elliðavatnsbletti 30, eins og áður er nefnt.[146]



**Mynd 34**. Myndir frá hernámsárunum sem sýna suðurhluta *Camp Tinker* í Rauðhólum. Í fjarska sjást hús við suðurbakka Helluvatns og ofarlega til hægri sést Elliðavatnsbýlið sem stendur á tanga við Elliðavatn.[147]

Á þeim sumarbústaðablettum sem lágu næst Rauðhólum og athafnasvæði setuliðsins hefur eflaust orðið mest ónæði og rask á hernámstímanum. Fram kemur í einni heimild að setuliðið hafi gengið illa um svæðið nálægt sumarbústað Brynjúlfs Björnssonar á Elliðavatnsbletti 5 og meðal annars brotið girðinguna umhverfis landið og farið um það með skriðdrekum og beltavélum sem olli miklu jarðraski.[148] Rétt neðan landsins, niðri við bakka Helluvatns, reisti setuliðið dæluskúr þar sem vatn var tekið úr gömlu leiðslunni frá Gvendarbrunnum og dælt upp í *Camp Tinker*. Var skúrinn vaktaður allan sólarhringinn.[149] Til eru frásagnir um samskipti hermannanna og barnanna á Elliðavatnsblettum á þessum tíma, sem stundum heimsóttu kampinn og fengu þar kaffi, sælgæti eða tyggjóplötur.[150]

---

143 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Rauðhólar: Fornleifaskrá* (skýrsla 217, 2021), 12; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 124–125; Friðþór Eydal, *Kampar í Kópavogi*, 33; Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, „Erlend nöfn á Innnesjum", *Orð og tunga* 19 (2017), 199.
144 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Rauðhólar: Fornleifaskrá* (skýrsla 217, 2021), 10.
145 Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað", *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 66.
146 *Borgarskjalasafn*. Borgarverkfræðingur. Askja 239, bréf Gunnlaugs Þórðarsonar til byggingarfulltrúans í Reykjavík dags. 24.6.1996; „Hjalti Lýðsson forstjóri – Minning", *Morgunblaðið* 22.7.1976, 27; Oddur Guðjónsson, „Hjalti Lýðsson", *Íslendingaþættir Tímans*, 4.9.1976, 5.
147 Hér tekið eftir: Friðþór Eydal. *Kampar í Kópavogi*, 32–33. Ljósmyndari: Art Livergood liðsmaður ratsjárstöðvarinnar.
148 *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Kristjáns Guðlaugssonar til Aðalsteins Guðjohnsen rafmagnsstjóra dags. 18.5.1980.
149 Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað", *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 69.
150 Leifur Jónsson, „Minningar úr sumarbústað", *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 69; Ragna M. Þorsteins, „Þóra Magnúsdóttir", *Morgunblaðið*, 26.2.2016, 25.

## Vistheimli geðsjúkra á Elliðavatni 1942–1963

Á þessu tímabili var komið upp hæli eða vistheimili fyrir geðsjúka karlmenn á Elliðavatni. Eftir að Emil Rokstad hafði sagt lausri ábúð og hætt búskap á jörðinni árið 1941 og bærinn tekið við afnotum af henni var ákveðið að koma upp slíku hæli á Elliðavatni og reka það í nánu sambandi við geðveikrahælið á Kleppi. Auglýst var eftir hjónum eða karlmanni sem taka vildi að sér forstöðu hælisins í dagblöðum í apríl 1942 og virðist hælið hafa tekið til starfa fljótlega eftir það. Í starfið voru ráðin hjónin Steingrímur Pálsson (1894–1974) og Kristín Jónsdóttir (1895–1992) sem fluttu að Elliðavatni og bjuggu þar síðan og störfuðu við hælið í þá rúmu tvo áratugi sem það var rekið. Vorið 1963 var vistheimilið leyst upp og fólkið sem þar dvaldi flutt á sambærilegt heimili að Arnarholti á Kjalarnesi.[151]




**Mynd 35**. Kort af svæðinu, unnið eftir korti breska hersins frá 1941.[152]

## Friðlandið *Heiðmörk* verður til

Upp úr miðjum 4. áratug 20. aldar fóru að þróast hugmyndir um að gera svæðið austan og sunnan Elliðavatns að útivistarsvæði og friðlandi. Árið 1938 sendi Skógræktarfélag Íslands bæjarráði Reykjavíkur bréf þess erindis að það hlutaðist til um að skógarleifar í landi Elliðavatns og á hlutum jarðanna Hólms og Vatnsenda yrðu friðaðar gegn ágangi sauðfjár. Um leið vakti félagið athygli á að Elliðavatnsland gæti orðið ákjósanlegasti „þjóðgarður“ fyrir íbúa Reykjavíkur, sem legðu mikið „í sölurnar til þess að komast „á gras“ að sumrinu“. Til þess að koma þessu í kring þyrfti þó að taka Elliðavatnsjörð úr ábúð og girða landið og

---

[151] „Forstöðumannsstarf“, *Morgunblaðið*, 28.4.1942, 4; „Hagur hinna verst settu stórum bættur“, *Morgunblaðið*, 11.1.1946, 2; „Vistheimilið að Elliðavatni hætt störfum“, *Alþýðublaðið*, 30.8.1963, 16.

[152] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, „Veiðkort að Elliðavatni – From að map by 19th Field Survey 1941“.

„stöðva alla úthlutun lands undir sumarbústaði“ á svæðinu. Með því væri ekki átt við að óhugsandi væri að sumarbústaðir yrðu innan takmarka „þjóðgarðsins“, heldur þyrfti fyrst að „athuga heildarnotkun landsins, hvernig hún sé ráðlegust, áður en meira er gert að því, en orðið er, að láta góða bletti úr landinu til afnota fyrir einstaka menn eða félög“.[153] Fleiri bentu á að óheppilegt væri að sumarbústaðir væru á svæðinu, en á móti kæmi að líklega myndi fólkið sem ætti þá gera þar „ýmislegt til fegurðarauka sjer til yndis“ meðan það nyti þeirra.[154]



**Mynd 36**. Bústaðir í kringum Helluvatn á loftmynd frá 1951.[155]

Þrátt fyrir að styrjöld og hernám skyllu á fylgdi Skógræktarfélag Íslands málinu eftir árið 1941 með útgáfu bæklings sem bar heitið *Heiðmörk: Friðland Reykvíkinga ofan Elliðavatns*.[156] Þar var enn hvatt til þess að landið yrði friðað og gert að útivistarsvæði. Þar kom fyrst fram tillaga Sigurðar Nordals prófessors um að gefa friðlandinu nafnið *Heiðmörk*. Jafnframt var hafin fjársöfnun til kaupa á girðingarefni, sem vorið 1944 var afhent bæjarstjórn.[157] Árið 1946 var Skógræktarfélag Reykjavíkur stofnað og kom það í þess hlut að halda áfram að vinna að framgangi málsins. Árið 1947 samþykkti bæjarstjórn svo tillögu

[153] „Verður framtíðar skemtistaður Reykvíkinga í landi Elliðavatns? Tillögur stjórnar Skógræktarfélagsins“, *Vísir*, 6.10.1938, 3.
[154] Maggi Júl. Magnús, „Sumarland Reykvíkinga: Síðari grein“, *Morgunblaðið*, 21.3.1941, 5.
[155] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15.
[156] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 13, *Heiðmörk: Friðland Reykvíkinga ofan Elliðavatns*. Reykjavík: Skógræktarfélag Íslands, 1941.
[157] *Borgarskjalasafn*. Borgarverkfræðingur. Askja 95, „Fræðasetrið á Elliðavatni og friðlandið Heiðmörk“, ódags. samantekt Skógræktarfélags Reykjavíkur; „Heiðmörk“, *Vísir*, 5.5.1941, 2.

borgarstjóra um að Heiðmörk yrði friðland Reykvíkinga og 1948 var Skógræktarfélagi Reykjavíkur falið að friða landið. Sama ár hófust framkvæmdir við að girða landið og vorið 1949 var hafist handa við gróðursetning trjáplantna á svæðinu og var það í höndum sjálfboðaliða úr Skógræktarfélagi Reykjavíkur en á næsta vori unnu að gróðursetningu sjálfboðaliðar úr ýmsum átthaga- og menningarfélögum í Reykjavík, svokallaðir landnemar. Þann 25. júní 1950 var Heiðmörk formlega vígð sem friðland Reykvíkinga.[158]



**Mynd 37**. Helluvatn og svæðið austan Elliðavatns á loftmynd frá 1956. Engir bústaðir eru enn risnir á blettunum suðaustan Helluvatns (Elliðavatnsblettum 15–21) sem úthlutað var árið 1957 og síðar.[159]

## 1.7 Tímabilið 1957-1970: Annað byggingarskeið Elliðavatnsbletta

Eftir langt hlé á byggingu sumarbústaða í landi Elliðavatns í tíð hernáms og síðan á meðan unnið var að stofnun friðlands í Heiðmörk tóku Rafmagnsveitunni að berast umsóknir á ný um sumarbústaðalönd á svæðinu upp úr miðjum 6. áratug aldarinnar. Árið 1957 var því ákveðið í samráði við skipulagsstjóra bæjarins og ráðsmann Elliðavatnsbúsins að úthluta

[158] Stefán Jónsson, „Kópavogur og Heiðmörk“, *Heima er bezt* 16, nr. 9. (1966), 322–324; Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 12; *Borgarskjalasafn*. Borgarverkfræðingur. Askja 95, „Fræðasetrið á Elliðavatni og friðlandið Heiðmörk“, ódags. samantekt Skógræktarfélags Reykjavíkur.
[159] *Vef*. Loftmyndasjá, Náttúrufræðistofnun, https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja, „Fluglínur 1956–1961“, „Reykjanes, 1956“.

nokkrum blettum á svæðinu suðaustan Helluvatns.[160] Þetta voru þeir blettir sem seinna voru númeraðir sem Elliðavatnsblettir 15–21. Meðal þeirra sem fengu lóðir við þessa úthlutun voru nokkrir starfsmenn Rafmagnsveitunnar. Á 7. áratugnum bættust einnig við nokkrir sumarbústaðir norðan Helluvatns og annars staðar á svæðinu og má segja að þetta tímabil hafi verið annað uppbyggingarskeið sumarbústaðabyggðar á Elliðavatnsblettum.

### Elliðavatnsblettur 15

Elliðavatnsbletti 15 var úthlutað til Halls Þorleifssonar (1893–1974) fulltrúa hjá Rafmagnsveitunni. Hann sótti fyrst um lóð á svæðinu árið 1952 og var einn þeirra sem fengu bletti á svæðinu suðvestan Helluvatns eftir að ákveðið var að úthluta þar lóðum á árunum 1957–1960. Hallur virðist þó aldrei hafa byggt sumarhús á landinu, en á loftmyndum má greina þar litla skúrbyggingu á 8. áratugnum.[161]

### Elliðavatnsblettur 17 – Byggt 1957

Hjónunum Halldóru Jónsdóttur (1918–1979) og Sveini V. Lýðssyni (1919–2005) rafvirkja og eftirlitsmanni hjá Rafmagnsveitunni var úthlutað austasta blettinum suðaustan Helluvatns, nálægt árkvísl Kirkjuhólmaár, og þau virðast hafa byggt þar bústað ásamt bátaskýli á árunum 1957–1958 og standa þau hús enn á landinu.[162]

### Elliðavatnsblettur 18 – Byggt 1958

Jónasi Guðlaugssyni (1915–1973) rafvirkjameistara og fulltrúa hjá Rafmagnsveitunni, var úthlutað Elliðavatnsbletti 18 í kringum 1957 og byggði hann þar bústað sem sýndur er á korti Rafmagnsveitunnar af svæðinu frá 1958.[163] Eftir lát Jónasar var húsið í eigu Karítasar Kristbjörnsdóttur (1913–1998) ekkju hans og seinna sonar þeirra, Gunnars Jónassonar. Síðustu ár hefur það verið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur sem fyrirhugar að rífa það.

### *Brjánsholt*, Elliðavatnsblettur 20 – Byggt 1958

Brian D. Holt (1921–2000) fulltrúa í breska sendiráðinu, var gefinn kostur á lóð sunnanvert á svæðinu, nálægt Kirkjuhólmatjörn, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs sumarið 1958.[164] Brian virðist þegar hafa byggt bústað á landinu og er hann merktur inn á kort af svæðinu frá 1958. Brian var írskur en kom til Íslands með breska herliðinu árið 1944 og kvæntist íslenskri konu,

---

[160] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, „Varðandi úthlutun landa undir sumarbústaði við Elliðavatn", bréf rafmagnsstjóra dags. 23.5.1957; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 27.7.1957.
[161] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf Sigurðar Ólafssonar til rafmagnsstjóra dags. 20.5.1957; bréf rafmagnsstjóra til borgarstjóra dags. 27.9.1957; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 10.8.1958; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 23.1.1960; *Vef*. Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, þekjur: „Saga og þróun": „Reykjavík árið 1971" / „Reykjavík árið 1975".
[162] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf Sigurðar Ólafssonar til rafmagnsstjóra dags. 20.5.1957; „Varðandi úthlutun landa undir sumarbústaði við Elliðavatn", bréf rafmagnsstjóra dags. 23.5.1957; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 27.7.1957 og 5.8.1959; „Sveinn Valdimar Lýðsson", *Morgunblaðið*, 7.3.2005, 24.
[163] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf Sigurðar Ólafssonar til rafmagnsstjóra dags. 20.5.1957; „Varðandi úthlutun landa undir sumarbústaði við Elliðavatn", bréf rafmagnsstjóra dags. 23.5.1957; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 27.7.1957 og 5.8.1959; „Jónas Guðlaugsson fulltrúi – Kveðja", *Morgunblaðið*, 8.3.1973, 25.
[164] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf Sigurðar Ólafssonar til rafmagnsstjóra dags. 20.5.1957; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 27.7.1957.

Guðrúnu Friðriksdóttur Holt (1926–2006). Árið 1951 var hann ráðinn til starfa hjá breska sendiráðinu á Íslandi, fyrst sem prókonsúll, en varð síðan vararæðismaður og loks ræðismaður 1968 og gegndi því starfi til 1982. Fjölskyldan eyddi miklum hluta af tómstundum sínum í sumarbústaðnum við Helluvatn og þar lagði Brian stund á garðyrkju og ræktun. Bústaðurinn var nefndur *Brjánsholt* og mun Ásgeir Ásgeirsson forseti vera höfundur nafnsins.[165]

## *Bakkasel,* Elliðavatnsblettur 34 – Byggt 1958 (horfið)

Á þessum tíma var byggður einn bústaður suðaustanvert við Elliðavatn, á bletti sem var seinna talinn númer 34. Þann bústað átti Þorkell Valdimarsson (1932–2014) og er hann sýndur á korti Rafmagnsveitunnar frá 1958. Það var þó ekki fyrr en í mars 1959 sem Þorkell sótti um að fá leigt land undir sumarbústaðinn, sem hann kallaði *Bakkasel*. Þorkell var síðan meðal fjögurra annarra sem bæjarráð samþykkti að úthluta landi til í janúar1960.[166] Þorkell var sonur Valdimars Þórðarsonar kaupmanns og rak á þessum tíma umboðs- og innflutningsverslun, en stundaði jafnframt nám í Bandaríkjunum.[167] Árið 1963 seldi hann Sigurði B. Valdimarssyni bústaðinn.[168] Þessi bústaður stóð við austurbakka Elliðavatns allt til 2020, þegar hann eyðilagðist í bruna og var rifinn.




**Mynd 38**. Kort Rafmagnsveitu Reykjavíkur af sumarbústaðalöndum við Elliðavatn árið 1958.[169]

---

[165] Árni Gunnarsson, „Hér hef ég verið í 17 ár og hér mun ég verða: Árni Gunnarsson fréttamaður ræðir við Brian Holt ræðismann Breta á Íslandi“. *Vikan* 28, nr. 7. (1966), 41; „Andlát: Brian D. Holt“, *Morgunblaðið,* 5.10.2000, 6.

[166] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf V. Þórðarsonar f.h. Þorkels Valdimarssonar til rafmagnsstjóra dags. 4.3.1959; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 23.1.1960.

[167] „Þorkell Valdimarsson“, *Morgunblaðið,* 8.2.2014, 44.

[168] „Skjöl innfærð í afsals- og veðmálabækur Reykjavíkur“, *Kaupsýslutíðindi* 33, nr. 18 (1963), 7.

[169] *Umhverfis- og skipulagssvið*. Landupplýsingar. Kortasafn. Rafmagnsveita Reykjavíkur, „Sumarbústaðalönd við Elliðavatn“, kort dags. 22.12.1958, safnnr. II-15-5-20.

### Elliðavatnsblettur 21 – Byggt 1959

Bæjarráð samþykkti í ágúst 1959 ráðstöfun sumarbústaðalands til Kristjáns Oddssonar (1912–1989) sem starfaði hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur í rúm 40 ár, lengst af sem línumaður.[170] Ekki er fullljóst hvenær Kristján byggði bústaðinn sem enn stendur á landinu, en gera má ráð fyrir að það hafi verið fljótlega eftir að landinu var úthlutað. Eins og flestir aðrir bústaðaeigendur á svæðinu hófu Kristján og kona hans Sigrún Kristjánsdóttir tannsmiður (1916–1991 stórfellda gróðursetningu trjáplantna í landi sínu og áttu þannig þátt í að græða upp svæðið. Frá 1989 hefur bústaðurinn verið í eigu Ísaks Þóris Þorkelssonar plötu- og ketilsmíðameistara.

### Elliðavatnsblettur 23 – Byggt 1959

Á þessum tíma var bústaðurinn á Elliðavatnsbletti 23 stækkaður með viðbyggingu sem stendur nú sem elsti hluti núverandi húss á lóðinni. Mínerva Jósteinsdóttir seldi bústaðinn árið 1958 elstu dóttur sinni, Elínu Júlíönu Jónasdóttur (1914–2005) og í hennar tíð var byggt nýtt hús vestan við og líklega samtengt við eldra húsið. Ekki finnast nákvæmar heimildir um hvenær það var byggt, en líklega fljótlega eftir að Elín eignaðist bústaðinn. Seinna var svo einnig flutt bátaskýli á landið. Sigurður Sigfússon og Erna Hermannsdóttir eignuðust bústaðinn 1989 og fengu á árunum 2004–2005 leyfi til að rífa elsta hluta hans og byggja í staðinn nýja nútímalegri viðbyggingu með léttri tengibyggingu við eldri viðbygginguna.

### Elliðavatnsblettur 19 – Byggt 1960 (horfið)

Böðvar Pétursson kennari var einn þeirra sem fengu úthlutað landi suðvestan Helluvatns á þessum tíma.[171] Skipulagsstjóri og rafmagnsstjóri mæltu með að umsókn hans um land yrði samþykkt haustið 1957.[172] Landið er merkt honum á korti Rafmagnsveitunnar frá 1958 en ekki teiknað þar inn hús. Ljóst er þó að Böðvar reisti hús á landinu fyrir 1960 því í október það ár seldi hann Gunnari Jóhannssyni bústað sinn og þá var loks gerður formlegur leigusamningur um landið.[173] Árið 1967 keypti Guðný Guðjónsdóttir bústaðinn en árið 1980 var Svanhildur Halldórsdóttir (1918–1993) orðin eigandi hans og var hann síðan í eigu fjölskyldu hennar. Bústaðurinn virðist af loftmyndum að dæma hafa verið fjarlægður eftir júlí 2022 en eftir stendur geymsluskúr suðaustanvert á landinu.

### *Helluvík* , Elliðavatnsblettur 3 – Byggt 1961 (horfið)

Í byrjun 7. áratugarins var loks reistur sumarbústaður á landinu sem Þórði Sveinssyni yfirlækni á Kleppi hafði verið úthlutað norðanvert við Helluvatn við söluna á Elliðavatnsjörð 1927. Eftir lát Þórðar var kona hans Ellen Sveinsson skráð fyrir landinu og seinna sonur þeirra Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður (1919–1998). Gunnlaugur og kona hans Herdís

---

[170] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf Sigurðar Ólafssonar til rafmagnsstjóra dags. 20.5.1957; bréf rafmagnsstjóra dags. 23.5.1957; bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 5.8.1959; Magnús Oddsson, „Kristján Franklín Oddsson – Minning“, *Morgunblaðið*, C-hluti, 23.4.1989, 24.

[171] Tveir kennarar að nafni Böðvar Pétursson voru samtíða í Reykjavík á þessum tíma, einn f. 1896 og d. 1967, hinn f. 1899 og d. 1983.

[172] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf skipulagsstjóra til bæjarráðs dags. 25.9.1957; bréf rafmagnsstjóra til borgarstjóra dags. 27.9.1957.

[173] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, afsal fyrir sumarbústað Böðvars Péturssonar dags. 8.10.1960.

Þorvaldsdóttir leikkona (1923–2013) byggðu bústað á landinu árið 1961, með samþykki byggingarnefndar og leyfi Ellenar og systkina Gunnlaugs.[174] Gunnlaugi mun hafa verið uppálagt af borgarinnar hálfu að færa þá einnig veginn sem lá í gegnum landið út fyrir spilduna. Við gerð vegarins notaði hann meðal annars til uppfyllingar eða undirstöðu niðurbrotin braggagólf úr herskálahverfi Breta í Rauðhólum.[175] Bústaðurinn var byggður eftir teikningu Þorvaldar S. Þorvaldssonar, bróður Herdísar, sem stundaði þá nám í arkitektúr í Kaupmannahöfn og vann teikninguna sem námsverkefni. Gunnlaugur hafði keypt þrjá verslunarglugga úr gömlu húsi við Austurstræti 18, sem hýsti Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar og var rifið 1960, og voru þeir eða rúðurnar nýttar í bústaðinn og húsið í raun teiknað út frá málum þeirra.[176] Bústaðnum var valinn staður milli tveggja gervigíga niðri við vatnið og var hann fullbyggður í desember 1961. Þetta var timburhús með skáþaki á steyptum kjallara og undir því var bátaskýli og uppspretta með aðgangi að fersku vatni. Um sama leyti og bústaðurinn var reistur gróðursettu eigendurnir fjölda trjáa á svæðinu og voru flest þeirra flutt af framkvæmdasvæðum í borginni þar sem verið var að reisa nýja íbúðarbyggð.[177] Seinna voru ýmis önnur mannvirki reist á landinu, meðal annars leikmyndir úr kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar, sonar Gunnlaugs og Herdísar.[178] Eftir lát Gunnlaugs 1998 tók Hrafn við bústaðnum, en í febrúar 2004 eyðilagðist hann að mestu í eldi.[179] Í september 2004 fékk Hrafn





**Myndir 39 og 40**. Myndir úr viðtali við eigendur bústaðarins á Elliðavatnsbletti 3 sem birtist í *Morgunblaðinu* 1961.[180] Dæturnar Snædís og Tinna í báti framan við bústaðinn (v.m.). Innan úr setustofu bústaðarins (h.m.).

---

[174] *Borgarskjalasafn*. Byggingarnefnd (B-skjöl). Elliðavatnsvegur 101 (Elliðavatnsblettur 3), B/7504, byggingarleyfisumsókn Guðlaugs Þórðarsonar dags. 20.7.1961; afgreiðslubréf byggingarfulltrúa dags. 4.8.1961.
[175] *Borgarskjalasafn*. Borgarverkfræðingur. Askja 239, bréf Gunnlaugs Þórðarsonar til byggingarfulltrúa dags. 24.6.1996.
[176]E[lín] Pá[lmadóttir], „Litli kofinn varð að fallegum sumarbústað", *Morgunblaðið*, 30.7.1961, 16; „Grjótið bjargaði trjánum", 16, *Morgunblaðið*, 23.8.1964, 21; Þorvaldur S. Þorvaldsson, „Gunnlaugur Þórðarson", *Morgunblaðið*, 29.5.1998, 48.
[177] E[lín] Pá[lmadóttir], „Litli kofinn varð að fallegum sumarbústað", *Morgunblaðið*, 30.7.1961, 16; „Grjótið bjargaði trjánum", *Morgunblaðið*, 23.8.1964, 21.
[178] *Borgarskjalasafn*. Borgarverkfræðingur. Askja 239, bréf Gunnlaugs Þórðarsonar til byggingarfulltrúa dags. 24.6.1996.
[179] „Bústaður Hrafns brann", *DV*, 17.2.2004, 6.
[180] E[lín] Pá[lmadóttir], „Litli kofinn varð að fallegum sumarbústað", *Morgunblaðið*, 30.7.1961, 16 (myndir og myndatexti).

leyfi til að byggja nýtt sumarhús á kjallara og sökklum eldra hússins sem eftir stóðu eftir brunann.[181]

## Elliðavatnsblettur 10 – Byggt 1965

Árið 1965 var líklega byggt nýtt hús á Elliðavatnsbletti 10, í Stekkjarholti sem liggur norðan við brúna yfir *Álinn* milli Elliðavatns og Helluvatns. Axel Herskind (1896–1948) lyfjafræðingur og framkvæmdastjóri Efnagerðar Reykjavíkur hafði fengið afnot af blettinum í kringum 1945 og dvalið þar við veiðar á sumrin ásamt ásamt konu sinni Ástu Þórarinsdóttur (seinna Möller) (1911–1971). Er hann lést 1948 voru þau hjónin að byggja bústað á landinu, sem var ófullgerður, en er þó merktur inn á kort af svæðinu frá 1951 og 1957.[182] Árið 1958 fékk seinni eiginmaður Ástu, Víglundur Möller (1910–1987) skrifstofustjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, landið á áframhaldandi leigu en framseldi leigusamninginn árið 1963 til Valtýs Lúðvíkssonar rafvirkjameistara (1922–1969).[183] Valtýr byggði þar líklega nýtt hús á sama stað og það eldra, sem ekkja hans Kristín Lára Kristinsdóttir (1916–2006) eignaðist síðan og síðar dóttir þeirra, Ragnheiður Valtýsdóttir (1949–2017). Síðustu ár hefur það verið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur sem fyrirhugar að rífa það.



**Mynd 41**. Horft yfir hús í Vatnsendalandi og til suðausturs yfir Elliðavatn á ljósmynd frá 1989.[184] Hinum megin vatnsins má greina Elliðavatnsbæinn (h.m) og bústaði í Elliðavatnslandi (v.m.), meðal annars á Elliðavatnbletti 1, Elliðavatnsbletti 2 og Elliðavatnbletti 10.

---

[181] *Borgarskjalasafn*. Byggingarnefnd (B-skjöl). Elliðavatnsblettur 3, B/15837, ýmis skjöl; Elliðavatnsblettur 101 (Elliðavatnsblettur 3), B/13562, ýmis skjöl; *Vef*. Skjalasafn Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/. Aðaluppdrættir. „Elliðavatnsblettur 3". Teikningar undirritaðar af Þorvaldi S. Þorvaldssyni, BN029876, sþ. 21.9.2004.

[182] P.S., „Minningarorð um Axel Herkind", *Alþýðublaðið*, 27.4.1948, 7.

[183] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 10.9.1958; leigusamningur um Elliðavatnsblett 10 dags. 1.6.1960 og áritun á honum dags. 14.3.1963.

[184] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. EIJ Elliðavatn - yfirlitsmyndir 19890531-004. Ljósmyndari: Eiríkur Jónsson.

### Elliðavatnsblettur 6 – Byggt 1966

Á árunum 1964-1966 reis einn sumarbústaður í jaðri Rauðhóla, norðan vegarins meðfram Helluvatni. Það var bústaður sem Steingrímur Pálsson (1894–1974) reisti á landi sem hann fékk um það leyti sem hann og kona hans Kristín Jónsdóttir (1895–1992) létu af störfum sem ráðsmenn vistheimilisins á Elliðavatni. Þar sem húsið stendur voru áður braggar sem tilheyrðu braggahverfinu *Camp Tinker* í Rauðhólum og var bústaðurinn byggður á grunni þeirra. Síðustu ár hefur húsið verið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur sem fyrirhugar að rífa það.

### Elliðavatnsjörð og Skógræktarfélag Reykjavíkur frá 1963

Eftir að vistheimilið á Elliðavatni var lagt niður 1963 var Skógræktarfélagi Reykjavíkur falin varðveisla Elliðavatnsjarðar og var túnum og heimalandi býlisins þá bætt við friðland Heiðmerkur, sem og Rauðhólum sem voru friðaðir sem náttúruvætti árið 1961. Félagið fékk Elliðavatnsbæinn til notkunar fyrir skógræktarstarfsemi sína í Heiðmörk og umsjón með friðlandinu og varð bærinn aðsetur umsjónarmanns Heiðmerkur, sem hafði eftirlit með svæðinu. Árið 2004 flutti Skógræktarfélagið alla starfsemi sína í Heiðmörk og hefur bærinn síðan verið notaður undir skrifstofur félagsins og félagsstarfsemi.[185]

## 1.8 Tímabilið eftir 1970: Yngri sumarbústaðir og endurnýjun

Eftir 7. áratug 20. aldar var hætt að úthluta nýjum sumarbústaðalöndum á svæðinu og frá 1970 hafa einungis örfáir sumarbústaðir eða önnur hús bæst við á þeim blettum sem fyrir voru og hafa sum þeirra verið byggð í stað eldri bústaða sem voru rifnir.

### *Agnarshús,* Elliðavatnsblettur 3 – Byggt 1971

Á Elliðavatnsbletti 3, landinu sem Þórður Sveinsson fékk í sinn hlut árið 1927, var annar bústaður reistur snemma á 8. áratugi aldarinnar, skammt vestan við bústað Gunnlaugs Þórðarsonar og Herdísar Þorvaldsdóttur. Þennan bústað reisti annað af börnum Þórðar og Ellenar Sveinssonar, Agnar Þórðarson rithöfundur og bókavörður (1917–2006) ásamt konu sinni Hildigunni Hjálmarsdóttur (1920–2022). Um var að ræða lítið dagveruhús úr timbri, án rafmagns, vatnslagnar og frárennslis. Á árunum 2008–2010 var húsið endurbætt eða endurgert og þá byggt við það til norðurs. Húsið er enn í eigu fjölskyldu Agnars og Hildigunnar.[186]

### Elliðavatnsblettur 16 – Byggt 1973

Sigurður Ólafsson (1901–1970) verkfræðingur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur var einn þeirra sem fengu land á leigu suðaustanvert við Helluvatn árið 1960, en hann byggði ekki hús þar.

---

[185] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, bréf Skógræktarfélags Reykjavíkur til borgarstjórnar dags. 13.9.1962; bréf borgarstjóra til Skógræktarfélagsins dags. 24.6.1963; „Rauðhólarnir friðlýstir og bann lagt við jarðraski þar“, *Morgunblaðið*, 1.2.1961, 24; „Í dag“, *Morgunblaðið*, 3.2.1961, 5; „Innlendir viðburðir: Landsvæði í nágrenni Reykjavíkur friðlýst“, *Morgunblaðið*, 24.12.1961, Jólablað III, 55; „Heiðmerkurgirðingin stækkuð“, *Vísir*, 12.6.1964, 4; „Stöð Skógræktarfélagsins við Rauðavatn breytt í lystigarð“, *Þjóðviljinn*, 22.6.1966, 5; S Stefán Jónsson, „Kópavogur og Heiðmörk“, *Heima er bezt* 16, nr. 9. (1966), 322; Gísli Sigurðsson, „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hluti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 12; *Vef*. „Elliðavatnsbær“, Skógræktarfélag Reykjavíkur, https://heidmork.is/svaedin-okkar/ellidavatnsbaer/.

[186] *Borgarskjalasafn*. Byggingarnefnd (B-skjöl). Elliðavatnsblettur 101 (Elliðavatnsblettur 3), B/13562, ýmis skjöl; „Agnar Þórðarson“, *Morgunblaðið*, 25.8.2006, 44; *Vef*. „Hildigunnur Hjálmarsdóttir“, mbl.is., 30.3.2022, https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1805529/.

Eftir lát hans mun ekkja hans Rebekka Ágústsdóttir (1899–1981) hafa fengið landinu skipt í tvo hluta og hélt hún öðrum hlutanum en Reynir Eyjólfsson (1916–1987) kaupmaður fékk hinn hlutann. Reynir stofnaði matvöruverslunina Reynisbúð árið 1955 og rak í 30 ár á horni Ásvallagötu og Bræðraborgarstígs. Á sínum hluta landsins hóf Reynir byggingu bústaðar árið 1970. Veturinn 1970–1971 hófst vinna við lagningu nýrrar aðalæðar frá Gvendarbrunnum, meðal annars sunnan með Helluvatni og um blettinn númer 16. Við framkvæmdirnar skekktist bústaðurinn vegna sprenginga á klöpp í nágrenninu svo að það þurfti að endurbyggja hann að miklu leyti og laga undirstöðurnar. Um tíma stóð skúr vestar á landinu, sem hugsanlega hefur verið reistur sem vinnuskúr vegna lagnaframkvæmdanna. Við bústaðinn stendur neðsti hluti flaggstangar sem áður mun hafa staðið við Gúttó í Vonarstræti og var að sögn notuð þegar bláhvíti fáninn var dreginn þar að húni. Húsið er enn í eigu fjölskyldu Reynis.[187]




**Mynd 42**. Lega nýrrar aðalæðar frá Gvendarbrunnum sýnd á korti Vatnsveitu Reykjavíkur frá 1969.[188] Meðal annars má sjá hvernig æðin liggur um og meðfram sumarbústaðalöndum suðaustan Helluvatns.

---

[187] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf borgarstjóra til rafmagnsstjóra dags. 10.9.1958 og 23.1.1960; bréf Þórodds Th. Sigurðssonar vatnsveitustjóra til borgarráðs dags. 12.12.1969; askja 13, Vatnsveita Reykjavíkur, „Aðalæð frá Gvendarbrunnum“, kort dags. 11.12.1969; „Reynir Eyjólfsson kaupmaður“, *Morgunblaðið*, 12.2.1987, 48–49; *Borgarsögusafn*. Skjala- og gagnasafn, húsvernd. Elliðavatnsblettur 16, Jóhann Reynisson, „Elliðavatnsblettur 16“, greinargerð send Borgarsögusafni dags. 23.4.2024.

[188] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 13, Vatnsveita Reykjavíkur, „Aðalæð frá Gvendarbrunnum“, kort dags. 11.12.1969.

## Elliðavatnsblettur 5 – Byggt 1978

Á Elliðavatnsbletti 5 norðan Helluvatns, stóð lítill bústaður sem upphaflega var vatnsveituskúr og Brynjúlfur Björnsson tannlæknir hafði komið þar fyrir árið 1909 og breytt í sumarbústað, eins og áður er sagt frá. Húsið var notað um áratugabil sem sumarbústaður Brynjúlfs og konu hans Önnu G. Björnsson (1890–1953) og barna þeirra og mun tvisvar hafa verið byggt við það. Eftir lát Brynjúlfs 1954, var bústaðurinn í eigu sonar hans Björns Br. Björnsson tannlæknis (1910–1972) um tíma en á 7. áratug aldarinnar var hann kominn í eigu Bergþóru, dóttur Brynjúlfs (1908–1987) og manns hennar Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns (1906–1982). Þá var hafin trjárækt á landinu og gróðursettur þar mikill fjöldi trjáplantna. Árið 1978 byggðu Bergþóra og Kristján svo nýtt hús nálægt austurmörkum landsins.[189] Á ljósmynd sem er líklega tekin fljótlega eftir að nýja húsið var byggt má sjá að bæði húsin hafa staðið á landinu um tíma, en síðan var gamla húsið fjarlægt (sjá mynd 43). Eftir lát Bergþóru 1987 varð húsið eign barna hennar tveggja og stendur enn á landinu.



**Mynd 43**. Ljósmynd tekin til norðurs yfir Helluvatn, líklega um 1978 þegar búið var að reisa nýjan sumarbústað á Elliðavatnsbletti 5 (h.m.) og eldra hús Brynjúlfs Björnssonar (v.m.) hafði ekki enn verið fjarlægt.[190] Lengra í burtu sér í þak sumardvalarheimilisins *Vorboðans* í Rauðhólum.

## Elliðavatnsblettur 14 – Byggt 1998

Á Elliðavatnsbletti 14 sunnan Helluvatns, stóð bústaður sem Benedikt Eyþórsson húsgagna- og skíðasmiður byggði árið 1939. Árið 1996 eignaðist Birgir Reynisson húsið, sem þá mun hafa verið illa farið, og fékk hann árið 1997 leyfi til að rífa það og byggja nýtt og nokkuð stærra sumarhús á sama stað og var það fullbyggt í árslok 1998.[191] Á landinu standa enn tvö

[189] *Borgarskjalasafn*. Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 15, bréf Kristjáns Guðlaugssonar til borgarstjóra dags. 30.6.1969; askja 14, bréf Kristjáns Guðlaugssonar til rafmagnsstjóra dags. 18.05.1980.
[190] *Þjóðminjasafn*. AK4b-2-32 (hluti myndar). Ljósmyndari: Ari Kárason. Merkingar: DKÞ, Borgarsögusafni.
[191] *Borgarskjalasafn*. Byggingarnefnd (B-skjöl). Elliðavatnsblettur 14, B/14152, ýmis skjöl.

eldri hús, annars vegar geymsluskúr austanvert við sumarhúsið frá því fyrir 1951 og hins vegar bátaskýli, sem stendur norðar og nær vatninu og var hugsanlega byggt 1976 í stað eldra bátaskýlis.

### Elliðavatnsblettur 12 – Byggt 2000

Á Elliðavatnsbletti 12 stóð áður sumarbústaður sem Baldvin Jónsson í Sylgju reisti um 1937, en hann mun hafa brunnið í kringum 1965–1970.[192] Um það leyti fór leiguréttur á landinu til Sverris Magnússonar og Ingibjargar Sigurjónsdóttur sem leigðu næsta blett austan við þennan. Ekki var reistur nýr bústaður á landinu eftir það, en á lóðarhluta næst Helluvatni var reistur geymsluskúr árið 2000, sem stendur þar enn.[193]

### Elliðavatnblettur 3 – Byggt 2009

Hús Gunnlaugs Þórðarsonar og Herdísar Þorvaldsdóttir sem byggt var á landi Þórðar Sveinssonar norðan Helluvatns árið 1961 eyðilagðist að mestu í eldi árið 2004, en kjallari með bátaskýli stóð eftir. Sama ár fékk Hrafn Gunnlaugsson leyfi til að byggja nýtt sumarhús á kjallara og sökklum eldra hússins, að hluta úr steinsteypu og að hluta úr timbri. Teikningar að húsinu gerði Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt, sem einnig hafði teiknað eldra húsið.[194]

## 1.9 Staða svæðisins í dag út frá vatnsvernd, skipulagi og eignarhaldi

Frá því að hætt var að mestu að úthluta sumarbústaðalöndum og byggja nýja sumarbústaði á Elliðavatnsblettum um 1980 hafa orðið nokkrar veigamiklar breytingar á stöðu svæðisins út frá skipulagi, vatnsvernd og eignarhaldi, sem hér verður stuttlega greint frá.

### Vatnsvernd

Allt frá því að vatnsleiðslan var lögð frá Gvendarbrunnum á árunum 1908–1909 og Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa hefur aðalvatnsból Reykvíkinga verið við Gvendarbrunna, en í seinni tíð hafa meðal annars einnig verið tekin til notkunar vatnsból við Myllulækjartjörn sunnan Elliðavatns og Vatnsendakrika sem einnig er á Heiðmerkursvæðinu. Frá 1997 hefur mestur hluti Heiðmerkur verið skilgreindur sem vatnsverndarsvæði en þá var gefin út sameiginleg stefna allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um verndarsvæði vatnsbóla. Stefnan var síðan endurnýjuð með nýrri samþykkt 2015 sem tók við af hinni eldri, ásamt uppdrætti með afmörkun verndarsvæðanna.[195] Þar eru meðal annars skilgreind brunnsvæði vatnsbóla, grannsvæði, fjarsvæði og öryggissvæði og settar fram reglur um framkvæmdir, mengunarvarnir o.fl. á svæðunum. Samkvæmt þeirri afmörkun verndarsvæðanna sem sýnd er á uppdrættinum frá 2015 og í Borgarvefsjá falla sumarhúsalóðir á Elliðavatnsblettum innan grannsvæða vatnsverndar eða öryggissvæða vegna

---

[192] Leifur Karlsson, símtal við DKÞ, Borgarsögusafni, 26.2.2025.
[193] *Borgarskjalasafn*. Byggingarnefnd (B-skjöl). Elliðavatnsblettur 12, B/14871, ýmis skjöl.
[194] *Borgarskjalasafn*. Byggingarnefnd (B-skjöl). Elliðavatnsblettur 3, B/15837, ýmis skjöl; Elliðavatnsblettur 101 (Elliðavatnsblettur 3), B/13562, ýmis skjöl; *Vef*. Skjalasafn Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/. Aðaluppdrættir. „Elliðavatnsblettur 3“. Teikningar undirritaðar af Þorvaldi S. Þorvaldssyni, BN029876, sþ. 21.9.2004.
[195] *Vef*. Ísland.is, Stjórnartíðindi, Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015, https://island.is/stjornartidindi/nr/85ea6132-ad45-4dab-88ec-b0621e493ff4.

grunnvatns og yfirborðsvatns (sjá mynd 44). Vegna aukinna öryggiskrafna um fráveitu á svæðinu kostuðu flestir sumarhúsaeigendur á Elliðavatnsblettum framkvæmdir við nýjar rotþrær á löndum sínum í kringum árið 2005.




**Mynd 44**. Afmörkun vatnsverndarsvæða suðaustan Elliðavatns í Borgarvefsjá.[196] Elliðavatnsblettir eru merktir með rauðum punktum.

## Orkuveita Reykjavíkur eigandi Elliðavatnsjarðar

Frá árinu 2004 hefur Orkuveita Reykjavíkur verið eigandi Elliðavatnsjarðar, en Orkuveitan varð til árið 1999 með sameiningu Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitur Reykjavíkur og síðan einnig Vatnsveitu Reykjavíkur árið 2000 og varð síðan sameignarfyrirtæki þriggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar. Árið 2004 var gerð eignaryfirlýsing þar sem Elliðavatnsjörð var lýst eign Orkuveitu Reykjavíkur, en áður var Reykjavíkurborg þinglýstur eigandi jarðarinnar.

Eftir að Orkuveitan var eigandi Elliðavatnsjarðar árið 2004 voru samningar um landspildur undir 21 sumarbústað á Elliðavatnsblettum endurnýjaðir eða framlengdir til sjö ára með þeim skilmálum að eigendurnir myndu að leigutímanum liðnum fjarlægja húsin, en fimm lóðarleiguhafar gerðu ekki nýjan samning. Stefna Orkuveitunnar hefur verið sú að nauðsynlegt sé að sumarbústaðir á svæðinu hverfi þaðan vegna vatnsverndarsjónarmiða. Samningarnir við sumarbústaðaeigendurna voru síðan framlengdir um eitt ár árið 2011, til árloka 2012 og lítur Orkuveitan svo á að leigusamningar hafi ekki gilt síðan. Síðan hafa staðið

[196] *Vef.* Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/, loftmynd 2025, þekjur: „Hús og lóðir“: „húsnr. á loftmynd“, „Náttúrufar“: „Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins“.

yfir deilur og málaferli milli Orkuveitunnar og sumarbústaðaeigenda á svæðinu um framtíð leigulóðanna og sumarbústaðanna sem á þeim standa.[197]

## Aðalskipulag – Græni trefillinn

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur er Heiðmörk skilgreind sem opið svæði (OP 16) og jafnframt sem hluti af Græna treflinum (T), sem telst opið svæði til sérstakra nota. Græni trefillinn er samfellt skógræktar- og útivistarsvæði sem myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Þar er lögð áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar og ósnortinna náttúrusvæða. Um byggð og mannvirki innan Græna trefilsins segir meðal annars í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:[198]

> *Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa innan Græna trefilsins en viðhalda má og endurnýja núverandi sumarhús á svæðinu. Með því er átt við að lagfæra má hús eða endurbyggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús.*

---

[197] Egill Ólafsson, „Gert að fjarlægja 20 sumarhús“, *Morgunblaðið*, 15.12.2012, 26; *Vef.* „Þurfa að fjarlægja húsin fyrir áramót“, mbl.is, 15.12.2012; *Vef.* Garðar Örn Úlfarsson, „Eigandi sumarhúss segir Orkuveituna sýna vígtennurnar“, visir.is., 27.10.2015; *Vef.* Garðar Örn Úlfarsson, „Eigendur bústaða ætla ekki að víkja“, visir.is, 28.12.2015; *Vef.* Garðar Örn Úlfarsson, „Vonast eftir sátt við Elliðavatn“, visir.is., 6.1.2016; *Vef.* Margrét Björk Jónsdóttir, „Ég get ekki séð að við séum fyrir neinum“, visir.is, 4.12.2023.

[198] *Vef.* Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, Reykjavíkurborg, https://reykjavik.is/adalskipulag. B2: Græna borgin, 94–95 og 112–113.

# 2 Skráning menningarminja – Húsakönnun

## 2.1 Um lögbundna verndun og skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Þegar unnið er að skipulagsgerð á vegum sveitarfélags gilda ákveðin lagaákvæði, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar um skráningu, umfjöllun og ákvarðanatöku um fornleifar og byggingararf, sem hér er greint frá.

Um skráningu *húsa og mannvirkja* vegna deiliskipulags gilda annars vegar **lög um menningarminjar nr. 80/2012**[199] ásamt **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019** og hins vegar ákvæði **skipulagslaga nr. 123/2010** um gerð húsakannana.

Samkvæmt **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** (16. gr.) skal skráning *fornleifa, húsa og mannvirkja* fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og hefur sett reglur þar sem skilgreindar eru kröfur stofnunarinnar um skráningu fyrir hvert skipulagsstig.[200]

Ákvæði um *verndun og varðveislu húsa og mannvirkja* er að finna í VII. kafla laganna, 29.–33. gr. Frá því að lögin tóku gildi 2013 og fram til ársloka 2022 kvað 29. gr. laganna á um að öll hús 100 ára og eldri væru friðuð en samkvæmt breytingu á lögunum sem tók gildi 1. janúar 2023[201] eru nú *öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr friðuð* (sjá 1. gr.). Um þessi hús gildir eftirfarandi ákvæði:

> Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig varð þá breyting á 30. gr. laganna um verndun annarra húsa og mannvirkja, sem kveður nú á um *umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1940 eða fyrr* (gilti áður um hús byggð 1925 eða fyrr) (sjá 2. gr.):

> Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru [1940] eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Í **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019** er fjallað um skráningu *friðaðra, friðlýstra og varðveisluverðra* húsa og mannvirkja og þar segir um skráningu vegna deiliskipulags (4. gr.):

> Skrá skal friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirki á deiliskipulagsreit í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu, sbr. einnig húsakönnun skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á deiliskipulagsuppdrætti skal sýna staðsetningu húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar og umfang þeirra.

Um skráningu *fornleifa* vegna deiliskipulags segir í **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja** (4. gr.):

---

[199] *Vef.* Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012, https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html.
[200] *Vef.* Ísland.is, Stjórnartíðindi. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019, https://island.is/stjornartidindi/nr/b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b.
[201] *Vef.* Alþingi. Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022, https://www.althingi.is/altext/stjt/2022.126.html.

> Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Minjastofnun hefur gefið út staðla fyrir skráningu fornleifa sem stofnunin gerir kröfu um að farið sé eftir svo fornleifaskráning í tengslum við skipulagsgerð teljist fullnægjandi.[202]

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013**[203] er einnig greint frá því hvernig fjalla skuli um *friðun og verndun* svæða og einstakra menningarminja og mannvirkja í deiliskipulagi (5.3.2.17 gr.):

> Gera skal grein fyrir gildandi stefnu aðalskipulags og ákvæðum laga um friðun og vernd þ.m.t. um náttúruvernd, minjavernd, vatnsvernd og hverfisvernd.
>
> Afmarka skal verndarsvæði og merkja friðaðar og friðlýstar menningarminjar sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar og gera grein fyrir skilmálum sem um þau gilda.
>
> Setja skal nánari skilmála um framkvæmdir og umgengni á viðkomandi svæðum eftir því sem tilefni þykir til, innan þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í aðalskipulagi og lög heimila.

Í **skipulagslögum nr. 123/2010**[204] er kveðið á um gerð *húsakönnunar* vegna deiliskipulags en samkvæmt lögunum skal húsakönnun taka til *allrar byggðar og einstakra bygginga* í þegar byggðum hverfum sem verið er að skipuleggja (37. gr.):

> Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er eftirfarandi skilgreining á húsakönnun (1.3. gr.):

> Upplýsingar um byggð sem fyrir er og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, þar sem m.a. er skoðað byggingar- og menningarsögulegt samhengi.

Minjastofnun Íslands hefur gefið út rafrænt skráningarform og **leiðbeiningar** sem nota skal við skráningu húsa og gerð húsakannana. Í leiðbeiningaritinu er eftirfarandi skilgreining á húsakönnun:[205]

> Húsakönnun: Byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er nánar kveðið á um að í deiliskipulagi skuli setja *markmið og skilmála um verndun og viðhald* byggðar og bygginga *á grunni húsakannana* (5.3.2.1. gr.):

> Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar.

Þar er jafnframt greint frá heimild til að setja í deiliskipulag ákvæði um *hverfisvernd* eldri byggðar og minja sem byggir á 12 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 (5.3.2.17 gr.):

> Heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar, gróður eða annað vegna sögulegs,

---

202 Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.
203 *Vef*. Ísland.is. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013.
204 *Vef*. Alþingi. Skipulagslög nr. 123/2010, https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html.
205 Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 4.

> náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni.

Tekið er sérstaklega fram í sömu grein (5.3.2.17 gr.) að: „[á]kvörðun um hverfisvernd húsa, götumynda og byggðarmynsturs skal m.a. byggja á húsakönnun.“

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber lög um menningarminjar (28. grein):[206]

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Með skráningu húsa og mannvirkja fæst yfirlit yfir byggingararfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans og stuðlar að því að ákvarðanir sem varða verndun eða breytingar á byggð eða einstökum húsum byggi á faglegum grunni og séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.[207]

## 2.2 Um Húsaskrá Reykjavíkur

*Húsaskrá Reykjavíkur* er gagnagrunnur um hús í Reykjavík, sem haldið er utan um á Borgarsögusafni Reykjavíkur (áður Árbæjarsafni / Minjasafni Reykjavíkur). Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra. *Við skráningu í Húsaskrá Reykjavíkur er unnið eftir leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.*[208] *Húsaskráin er undirstaða þeirrar vinnu sem felst í gerð húsakannana og mats á varðveislugildi húsa og byggðaheilda, sem leggja skal til grundvallar við gerð deiliskipulags í þegar byggðum hverfum, samkvæmt skipulagslögum.*

Húsaskráin byggir á margvíslegum heimildum og frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig

---

[206] *Vef.* Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
[207] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 5.
[208] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir: *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*.

prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi, svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar, hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sagan er skráð af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

## 2.3 Húsakönnun

Borgarsögusafn vinnur húsakannanir í samræmi við ákvæði skipulagslaga, skipulagsreglugerð og leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana, sem greint er frá hér að framan (sjá kafla 2.1).

### 2.3.1 Könnunarsvæðið: Elliðavatnsblettir í Heiðmörk

Þessi húsakönnun tekur til sumarbústaða og annarra mannvirkja á Elliðavatnsblettum í Heiðmörk. Ekki er um að ræða skýrt afmarkað skipulagssvæði heldur allar þær sumarbústaðalóðir sem skráðar eru sem Elliðavatnsblettir í fasteignaskrá og þar sem í dag standa sumarhús eða önnur mannvirki (sjá mynd 45).[209] Elliðavatnsblettir liggja innan þess landsvæðis sem áður tilheyrði Elliðavatnsjörð og teljast nú hluti af útivistarsvæðinu Heiðmörk og vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Könnunin er unnin að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna fyrirhugaðs niðurrifs nokkurra húsa á svæðinu og í samræmi við tilmæli

[209] *Vef.* Vefuppfletti fasteignskrár, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, „Elliðavatnsblettir“, https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit/Elli%C3%B0avatnsblettir.

Minjastofnunar Íslands í umsögn dags. 26.9.2023. Um er að ræða heildarskráningu þeirrar sumarhúsabyggðar sem stendur á svæðinu í dag, þar sem lagt er mat á varðveislugildi húsanna og byggðarinnar í heild, meðal annars út frá byggingar- og menningarsögulegu samhengi. Slík skoðun er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um breytingar á eldri byggð og húsum og tryggja að mikilvægar menningarminjar fari ekki forgörðum. ***Sumarbústaðalönd eða lóðir sem teljast til Elliðavatnsbletta eru nú 26 talsins og í dag standa hús á 23 þeirra, alls 22 sumarbústaðir og ýmis önnur hús, bátaskýli, skúrar og leifar annarra mannvirkja***.




**Mynd 45**. Svæði Elliðavatnsbletta í Heiðmörk, afmörkun bletta sýnd með bláum útlínum (óhnitsett lóðamörk) og rauðum (hnitsett lóðamörk). Númer núverandi bletta merkt inn.[210]

## 2.3.2 Núverandi byggð á svæðinu – Samantekt

Saga Elliðavatnsbletta tilheyrir víðara samhengi sumarhúsabyggða sem spruttu upp víða í landi Reykjavíkur á fyrri hluta 20. aldar á landskikum og erfðafestublettum sem skipt var úr jörðum þeirra býla sem tilheyrðu eða lágu í jaðri borgarlandsins. Það var einkum á kreppuárunum, um og eftir 1930 og á árum seinni heimsstyrjaldar sem þessar byggðir breiddu úr sér og þéttust. Víðast hvar hefur þessi byggð síðan vikið fyrir skipulagðri íbúðabyggð eftir því sem hún hefur færst austar í borgarlandinu, en einstök hús og minjar um þessa byggð standa eftir, einkum á þeim svæðum sem haldist hafa sem útivistarsvæði, þó að stefna borgaryfirvalda hafi einnig verið sú að byggð skuli vera víkjandi á þeim svæðum.

Saga sumarbústaðalanda úr Elliðavatnsjörð nær allt aftur til ***1909*** þegar fyrsta blettinum var úthlutað úr jörðinni og þangað fluttur vatnsveituskúr sem nýttur var sem sumarbústaður. Árið

[210] *Vef.* Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/, loftmynd 2025, þekjur: „Hús og lóðir“: „Lóðamörk“. Kortavinnsla: DKÞ Borgarsögusafni.

1919 reisti einn af þáverandi eigendum Elliðavatnsjarðar, Christen Zimsen, sér bústað í landi jarðarinnar og árið 1927 var honum og tveimur meðeigendum hans, Emil Rokstad og Þórði Sveinssyni, úthlutað sumarbústaðalöndum úr Elliðavatnsjörð þegar þeir seldu Reykjavíkurbæ jörðina. Fljótlega var farið að útdeila fleiri blettum úr landi jarðarinnar og ***frá þessu upphafstímabili sumarhúsabyggðar á svæðinu, árunum 1919-1945, standa enn níu sumarhús og eitt bátaskýli***, þar af eitt hús telst að stofni til frá þessum tíma en var aukið og byggt í nýrri mynd á 6. áratugnum. Mörg þessara húsa voru byggð af einstaklingum sem tilheyrðu iðnaðarmannastétt en allmargir húsbyggjendur og eigendur sumarhúsa á svæðinu tilheyrðu efnameiri stéttum samfélagsins, m.a. kaupmannastétt, læknastétt og embættismannastétt.

***Frá seinna uppbyggingartímabili byggðarinnar, árunum 1957-1970, standa átta sumarhús og tvö bátaskýli.*** Nokkur þessara húsa voru reist af starfsmönnum Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem þá hafði tekið yfir umsjón með landi Elliðavatnsjarðar.

***Sumarbústaðir reistir á svæðinu eftir 1970 eru fimm talsins, auk tveggja geymsluskúra og eins bátaskýlis.***

Á sjö blettum af þeim sem töldust til Elliðavatnsbletta eru horfin þau sumarhús sem áður stóðu þar og önnur sumarhús hafa ekki verið byggð í staðinn,[211] en í þremur tilvikum standa eftir önnur hús á lóðunum (bátaskýli og tveir geymsluskúrar). Á nokkrum blettum hafa ný sumarhús verið byggð í stað eldri húsa.

Yfirleitt er ókunnugt um höfunda húsanna, þar sem teikningar eru sjaldnast varðveittar af þeim og í mörgum tilfellum hafa eigendurnir sjálfir líklega hannað hús sín og þær viðbyggingar og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim í gegnum tíðina.

***Hús á Elliðavatnsblettum – Raðað eftir byggingarári***

| Staðfang | Sérheiti | Notkun | Byggingarár | Byggingarefni |
|---|---|---|---|---|
| Elliðavatnsblettur 27 | *Heimaás* | Sumarbústaður | 1919 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 32 | *Lynghóll* | Sumarbústaður | 1927 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 2 | *Runnur* | Sumarbústaður | 1928 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 11 (mhl. 01) | *Leifsstaðir* | Sumarbústaður | 1930 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 1 | *Hólakot* | Sumarbústaður | 1932 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 26 | *Elliðabrekka* | Sumarbústaður | 1935 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 13 | *Hvammur* | Sumarbústaður | 1936/1956 | Timbur/holsteinn |
| Elliðavatnsblettur 30 | *Grænahlíð* | Sumarbústaður | 1937 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 33 | *Lækjamót* | Sumarbústaður | 1938 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 35 (mhl. 02) | *Þingnes* | Bátaskýli | 1945 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 17 | | Sumarbústaður<br>Bátaskýli | 1957<br>1957 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 20 | *Brjánsholt* | Sumarbústaður | 1957 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 18 | | Sumarbústaður | 1958 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 21 | | Sumarbústaður | 1959 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 23 | | Sumarbústaður | 1960-1970 | Timbur |

[211] Um er að ræða eftirtalin hús: Hús Guðmundar Péturssonar á Elliðavatnsbletti 4, húsið *Litla-Hvamm* á Elliðavatnsbletti 9, hús Baldvins Jónssonar á Elliðavatnsbletti 12, hús Böðvars Péturssonar á Elliðavatnsbletti 19, húsið *Hrauntún* á Elliðavatnsbletti 25 (sá blettur er ekki til í dag), húsið *Bakkasel* á Elliðavatnsbletti 34 og sumarhúsið *Þingnes*, Elliðavatnsbletti 35.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Bátaskýli | 1959 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 10 | | Sumarbústaður | 1965 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 11 (mhl. 02) | *Leifsstaðir* | Sumarbústaður | 1965 | Holsteinn/torfhl. |
| Elliðavatnsblettur 6 | | Sumarbústaður | 1966 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 3 (mhl. 02) | *Agnarshús* | Sumarbústaður | 1971 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 16 | | Sumarbústaður | 1973 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 5 | | Sumarbústaður | 1978 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 19 | | Geymsluskúr | 1980-1990 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 14 | | Sumarbústaður<br>Bátaskýli | 1998<br>1976 | Timbur<br>Timbur |
| Elliðavatnsblettur 12 | | Geymsluskúr | 2000 | Timbur |
| Elliðavatnsblettur 3 | *Helluvík* | Sumarbústaður | 2009 | Steinst./timbur |

## 2.3.3 Verndarstaða og varðveislumat húsa á Elliðavatnblettum

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir núverandi verndarstöðu húsa, niðurstöðum varðveislumats og tillögum Borgarsögusafns um hverfisvernd húsa á Elliðavatnblettum í Reykjavík.

### 2.3.3.1 Um hverfisvernd og verndarstöðu húsa gagnvart lögum

Í varðveislumati húsakannana er gerð grein fyrir *verndarstöðu* húsa og mannvirkja á viðkomandi svæði gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi sveitarfélags, þ.e. hvort hús eru friðlýst, friðuð, umsagnarskyld eða hverfisvernduð. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem byggð eru 1923 og fyrr byggir á lögum um menningarminjar. Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1940 og fyrr.[212]

Í húsakönnunum eru, eftir ástæðum og þá grundvelli varðveislumats og niðurstaða um varðveislugildi, einnig gerðar tillögur um *hverfisvernd* húsa eða heilda sem síðan geta hlotið samþykkt eða staðfestingu í deiliskipulagi. Hverfisvernd byggir á skilgreiningu og heimildum sem kveðið er á um í skipulagslögum[213] og skipulagsreglugerð, þar sem segir:[214]

> Heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar, gróður eða annað vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni. Ákvörðun um hverfisvernd húsa, götumynda og byggðarmynsturs skal m.a. byggja á húsakönnun.

Stefna um hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík birtist meðal annars í borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi. Í ***Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040*** er sett fram núgildandi borgarverndarstefna og skilgreindir þeir verndarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda í Reykjavík:[215]

---

212 *Vef*. Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
213 *Vef*. Alþingi. Skipulagslög nr. 123/2010 , 2. gr. og 12. gr.
214 *Vef*. Ísland.is. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
215 *Vef*. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, Reykjavíkurborg, https://reykjavik.is/adalskipulag, Greinargerð, 140–143 („Borgarvernd“); Viðaukar, 52 („Viðauki 8. Skilgreining verndarflokka vegna borgarverndar“); B2: Borg fyrir fólk, 164–167.

## Verndarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012

### *Friðlýst hús og mannvirki* – **BLÁR FLOKKUR**

Í þessum flokki eru hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.[216] Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst. Um friðlýsingu segir í 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.“ Í 5. gr. segir jafnframt: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“ [217]

### *Friðuð hús og mannvirki* – **FJÓLUBLÁR FLOKKUR**

Í þessum flokki eru öll hús og mannvirki sem ***byggð voru árið 1923 eða fyrr***, samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. „Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“[218] Áður gilti friðun um öll hús og mannvirki 100 ára og eldri en með breytingu á lögunum sem tók gildi 1. janúar 2023 var ákvæðinu um friðun húsa breytt og miðast það nú við árið 1923.[219]

### *Umsagnarskyld hús* – **APPELSÍNUGULUR FLOKKUR**

Í þessum flokki eru hús og mannvirki sem hvorki eru friðuð né friðlýst en ***byggð 1940 eða fyrr*** og kirkjur reistar 1940, samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum þeirra er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.[220] Áður gilti ákvæðið um hús og mannvirki byggð 1925 eða fyrr en með breytingu á lögunum sem tók gildi 1. janúar 2023 var ákvæðinu breytt og miðast það nú (2025) við árið 1940.[221]

## Verndarflokkar hverfisverndar

### *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* – **RAUÐUR FLOKKUR**

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[222]

### *Samstæður húsa og heildir* – **GULUR FLOKKUR**

Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[223]

---

[216] Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: *Vef.* „Friðlýst hús og mannvirki“, Minjastofnun Íslands, https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki.
[217] *Vef.* Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 5. gr., 18. gr., 31 gr.
[218] *Vef.* Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 29. gr.
[219] *Vef.* Alþingi. Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 nr. 126/2022.
[220] *Vef.* Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 30. gr.
[221] *Vef.* Alþingi. Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 nr. 126/2022.
[222] Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda. Sjá: Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*
[223] Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða. Sjá: Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar.*

### 2.3.3.2 Verndarstaða húsa á Elliðavatnsblettum gagnvart lögum

*Á Elliðavatnsblettum standa nú* ***níu hús eða mannvirki sem eru friðuð eða umsagnarskyld*** *samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.*

#### FJÓLUBLÁR FLOKKUR: Friðuð hús – byggð 1923 og fyrr

- **Elliðavatnsblettur 27, *Heimaás* – b. 1919**

#### APPELSÍNUGULUR FLOKKUR: Umsagnarskyld hús – byggð 1924-1940[224]

- **Elliðavatnsblettur 1, *Hólakot* – b. 1932**
- **Elliðavatnsblettur 2, *Runnur* – b. 1928**
- **Elliðavatnsblettur 11, *Leifsstaðir* – b. 1930**
- **Elliðavatnsblettur 13, *Hvammur* – b. 1936/1956**
- **Elliðavatnblettur 26, *Elliðabrekka* – 1935**
- **Elliðavatnsblettur 30, *Grænahlíð* – b. 1937**
- **Elliðavatnsblettur 32, *Lynghóll* – b. 1927**
- **Elliðavatnsblettur 33, *Lækjamót* – b. 1938**

#### Húsverndarkort – Lögvernduð hús og mannvirki á Elliðavatnsblettum[225]




---

[224] Athygli er vakin á að nú (2025) er til meðferðar á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um menningarminjar sem miðar að því að afnumin verði umsagnarskylda húsa sem byggð eru á tímabilinu 1924–1940. Sjá *Vef*. Alþingi, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (Umsagnarskylda húsa og mannvirkja), 226. mál, 156. löggjafarþing 2025, https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/156/226/?ltg=156&mnr=226.

[225] Kort sótt af: *Vef*. Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla: DKÞ, Borgarsögusafni.


11
12
13
14
16
17
23
18
19
21
20
Heiðmerkurvegur
Þingnesvegur
Hús og mannvirki vernduð skv. lögum
Friðlýst hús og mannvirki
Friðuð hús, byggð 1923 og fyrr
Umsagnarskyld hús, byggð 1924-1940


Elliðavatn
23
26
32
27
30
33
Þingnes
35
Þingnesvegur
Hús og mannvirki vernduð skv. lögum
Friðlýst hús og mannvirki
Friðuð hús, byggð 1923 og fyrr
Umsagnarskyld hús, byggð 1924-1940

### 2.3.3.3 Niðurstöður um varðveislugildi húsa á Elliðavatnsblettum

*Ljóst er að **svæði Elliðavatnsbletta er í heild sinni mjög ríkt af sögu og minjum** sem tengjast bæði Elliðavatnsbýli og þeirri sumarbústaðabyggð sem reis í landi jarðarinnar á fyrri hluta 20. aldar og fram á 7. áratuginn.*

Elstu sumarhúsin og sumarbústaðablettirnir hafa ***sterka tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar***, en þeim var úthlutað til þeirra þriggja manna sem seldu Reykjavíkurbæ jörðina og þar byggðu tveir þeirra sér bústaði, Christen Zimsen á Elliðavatnsbletti 27 (*Heimaás*) og Emil Rokstad á Elliðavatnsbletti 32 (*Lynghóll*). Fljótlega var farið að útdeila fleiri blettum úr landi jarðarinnar og ***frá þessu upphafstímabili sumarhúsabyggðar á svæðinu, fram til um 1945, standa enn níu sumarhús og eitt bátaskýli.***

Í ljósi þess að sumarhúsabyggðir, eins og önnur byggð á erfðafestublettum og ræktunarlöndum í Reykjavík frá fyrri hluta 20. aldar, hefur að mestu þurft að víkja úr borgarlandinu fyrir skipulagðri íbúðabyggð, er mikilvægt að halda því til haga að ***Elliðavatnsblettir eru líklega elsta heildstæða sumarhúsabyggðin sem enn má finna í landi Reykjavíkur og að öllum líkindum ein sú elsta á landinu***.

Við varðveislumat á uppistandandi húsum og mannvirkjum á svæðinu hefur verið unnið eftir leiðbeiningum Minjastofnunar um varðveislumat húsa sem tekur til fimm þátta sem skoðaðir eru og metnir með gildið *lágt*, *miðlungs* eða *hátt*. Þessir þættir eru *byggingarlistalegt gildi*, *menningarsögulegt gildi*, *umhverfisgildi*, *upprunaleiki* og *ástand*.[226] Núverandi tæknilegt ástand bygginga vegur ekki eins þungt og aðrir þættir varðveislumats og er ekki metið sérstaklega í húsakönnunum Borgarsögusafns.

Niðurstaða um *varðveislugildi húss* byggir á *samanlögðum þessum þáttum*, þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst og reiknast sem *lágt*, *miðlungs* eða *hátt*.

Varðveislumat og tillögur Borgarsögusafns um verndun og varðveislu byggðar og húsa eru byggðar á faglegu og heildrænu mati með almannahagsmuni og málsvörn menningarminja að leiðarljósi, en taka ekki mið af öðrum hagsmunum, opinberum eða einkahagsmunum.

***Samkvæmt niðurstöðum varðveislumatsins hafa fjögur hús á Elliðavatnsblettum hátt varðveislugildi út frá öllum fjórum meginþáttum varðveislumats***. Nítján hús hafa miðlungs varðveislugildi og tvö teljast hafa lágt varðveislugildi.

Á eftirfarandi kortum má sjá niðurstöður um varðveislugildi húsa á Elliðavatnsblettum og í meðfylgjandi húsaskrá er að finna fjórþætt varðveislumat með rökstuðningi og niðurstöðu fyrir hvert og eitt hús.

[226] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 33–34, 42.

## Kort yfir varðveislugildi húsa á Elliðavatnsblettum[227]







[227] Kort sótt af: *Vef*. Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla: DKÞ, Borgarsögusafni.




### 2.3.3.4 Tillögur um hverfisvernd húsa á Elliðavatnsblettum

*Samkvæmt niðurstöðum varðveislumats hafa* ***fjögur hús*** *á Elliðavatnsblettum* ***hátt og ótvírætt varðveislugildi út frá öllum fjórum meginþáttum varðveislumats****. Borgarsögusafn gerir tillögu um að* ***þau verði vernduð með hverfisvernd í skipulagi*** *og leggur til að* ***leitað verði leiða til að þau fái að standa áfram á sínum stað til framtíðar****.*

Um er að ræða hús sem í dag heyra jafnframt undir friðun eða umsagnarskyldu samkvæmt lögum um menningarminjar en athygli skal vakin á því að nú (2025) er til meðferðar á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um menningarminjar sem miðar að því að afnumin verði umsagnarskylda húsa sem byggð eru á tímabilinu 1924-1940.[228]

**RAUÐUR FLOKKUR: Einstök hús, húsaraðir og götumyndir** sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Fyrir hús sem vernduð eru í rauðum flokki gilda þau almennu verndarákvæði og áhersluatriði sem í eldri húsverndarstefnu[229] eiga við um rauðan flokk: *Byggingar sem lagt er til að friða*, grænan flokk: *Verndun 20. aldar bygginga* og dökkgulan flokk: *Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi.*

- *Heildarsvipmót götumyndar, húsaraðar eða húsa nýtur verndar*
- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*

---

[228] *Vef.* Alþingi, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (Umsagnarskylda húsa og mannvirkja), 226. mál, 156. löggjafarþing 2025, https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/156/226/?ltg=156&mnr=226.

[229] Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar.*

- *Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*
- *Útlit húsa verði fært til upprunalegs horfs, þar sem breytingar eru til lýta.*

- **Elliðavatnsblettur 2, *Runnur* – b. 1928**
  Húsið hefur *hátt varðveislugildi*. Það er eitt af elstu húsunum á svæðinu, *fágætt og vel varðveitt dæmi um hús af sinni gerð* og hefur mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Húsið er *umsagnarskylt vegna aldurs* skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það hefur jafnframt ótvírætt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig *hverfisverndað í rauðum flokki*.
  - *Mikilvægt er að húsið fái að standa áfram á sínum stað og að því sé viðhaldið enda er það þýðingarmikill hluti af sögu svæðisins og staðaranda og umhverfi við Elliðavatn og nágrenni.*
  - *Mikilvægt er að horft sé til heildstæðs upprunalegs útlits og einkenna hússins við breytingar og endurbætur, þ.m.t. upprunalegrar gluggasetningar, gluggagerðar, klæðningar og þakgerðar.*
  - *Ástæða er til að gæta jafnframt að öðrum vitnisburði um notkun og ræktun sumarbústaðalandsins í skipulagi og framkvæmdum, svo sem hlöðnum görðum, ummerkjum um matjurtarækt og trjágróðri.*





**Myndir 46, 47 og 48**. Húsið *Runnur* Elliðavatnsbletti 2 og umhverfi þess á ljósmyndum frá ýmsum tímum.[230]

[230] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 2000 14-C38, mynd tekin um 1930. Ljósmyndari Jón Árnason prentari; Mynd í einkaeigu, tekin um 1945. Ljósmyndari ókunnur; *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. FBL GVA 18883, mynd tekin 2015 (hluti). Ljósmyndari Gunnar V. Andrésson.



**Mynd 49**. Húsið *Runnur* Elliðavatnsbletti 2 árið 2024.[231]

- **Elliðavatnsblettur 13, *Hvammur* – b. 1936/1956**
  Húsið hefur *hátt varðveislugildi*. Það er *vel varðveitt dæmi um hús af fágætri húsagerð hér á landi sem ber með sér erlend áhrif og sérkenni*, er vandað að innri og ytri gerð og hefur mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Húsið er *umsagnarskylt vegna aldurs* skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, en það hefur jafnframt ótvírætt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig *hverfisverndað í rauðum flokki.*
    - *Mikilvægt er að húsið fái að standa áfram á sínum stað og að því sé viðhaldið enda er það þýðingarmikill hluti af sögu svæðisins og staðaranda og umhverfi við Elliðavatn og nágrenni.*
    - *Mikilvægt er að horft sé til heildstæðs núverandi útlits og einkenna hússins við breytingar og endurbætur, þ.m.t. gluggasetningar, gluggagerða, klæðningar og þakgerðar.*
    - *Ástæða er til að gæta jafnframt að öðrum vitnisburði um notkun og ræktun sumarbústaðalandsins í skipulagi og framkvæmdum, eins og hliði, heimtröð, hlöðnum torfveggjum og trjágróðri.*

[231] Mynd tekin í vettvangsferð í mars 2024, DKÞ Borgarsögusafni.





**Myndir 50 og 51**. Húsið *Hvammur* Elliðavatnsbletti 13 árið 2024.[232]




**Myndir 52 og 53**. Samanburðardæmi um hús af gerð bandarískra úthverfa- og sumarhúsa með evrópskum áhrifum.[233]




**Myndir 54 og 55**. Húsið *Hvammur* Elliðavatnsbletti 13, ljósmynd frá 1990 og grunnteikning.[234]

---

[232] Myndir teknar í vettvangsferðum 2024, DKÞ Borgarsögusafni.

[233] Myndir teknar af: *Vef*: „Local Historic District Designation Submittal Requirements“, Yalecrest – Upper Yale 2nd Addition LHD, nóv. 2013, sótt sept. 2024, https://www.slcdocs.com/Planning/Historic%20Districts/UpperYale2.pdf; *Vef*: Doug Decker, „Style Points / The Tudor Cottage“, Alameda Old House History, 11.12.2007, sótt sept. 2024, https://alamedahistory.org/2007/12/11/style-points-the-tudor-cottage/.

[234] *Lyfjafræðisafnið*. Myndaalbúm, Elliðavatnsblettur 13. Ljósmynd merkt dags. 16. júlí 1990; *Lyfjafræðisafnið*. Skjöl Sverris Magnússonar lyfjafræðings. Óundirrituð og ódags. teikning af húsinu Hvammi, Elliðavatnsbletti 13.

- **Elliðavatnsblettur 27, *Heimaás* – b. 1919**
  *Húsið hefur hátt varðveislugildi*. Það er *elsta sumarhúsið á svæðinu, vel varðveitt og fágætt dæmi um sumarhús frá sinni tíð* og hefur mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Húsið er *friðað vegna aldurs* skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það hefur jafnframt ótvírætt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig *hverfisverndað í rauðum flokki*.
    - *Mikilvægt er að húsið fái að standa áfram á sínum stað og að því sé viðhaldið enda er það þýðingarmikill hluti af sögu svæðisins og staðaranda og umhverfi við Elliðavatn og nágrenni.*
    - *Mikilvægt er að horft sé til heildstæðs upprunalegs útlits og einkenna hússins við breytingar og endurbætur, þ.m.t. gluggasetningar, gluggagerðar, klæðningar og þakgerðar.*
    - *Vitnisburður um notkun og ræktun sumarbústaðalandsins býr einnig í öðrum mannvirkjum og trjágróðri á landinu sem ástæða er til að gæta að í skipulagi og framkvæmdum.*





**Myndir 56, 57, 58**: Húsið *Heimaás* Elliðavatnsbletti 27.[235] Í forgrunni sést útihús frá Elliðavatni og túngarður.

---

[235] Mynd í einkaeigu, tekin fyrir 1930. Ljósmyndari ókunnur. Kristinn Zimsen, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 1.5.2025; Mynd tekin í vettvangsferð 2024, DKÞ Borgarsögusafni; Mynd í einkaeigu, tekin fyrir 1934. Ljósmyndari ókunnur. Ljósmynd í einkaeigu. Kristinn Zimsen, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 1.5.2025.




**Myndir 59 og 60**. Húsið *Heimaás* og umhverfi á ljósmyndum.[236]

- **Elliðavatnsblettur 32, *Lynghóll* – b. 1927**
  Húsið hefur *hátt varðveislugildi*. Það er eitt af elstu húsunum á svæðinu, hefur *sterka tengingu við Elliðavatnsbýli* og mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns. Húsið er *umsagnarskylt vegna aldurs* skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það hefur jafnframt hátt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig *hverfisverndað í rauðum flokki*.
    - *Mikilvægt er að húsið fái að standa áfram á sínum stað og að því sé viðhaldið enda er það þýðingarmikill hluti af sögu svæðisins og staðaranda og umhverfi við Elliðavatn og nágrenni.*
    - *Mikilvægt er að horft sé til upprunalegs útlits og einkenna hússins við breytingar og endurbætur, þ.m.t. gluggasetningar, gluggagerða, klæðningar og þakgerðar.*
    - *Á landinu eru einnig vegghleðslur og leifar tófta undir húsgrunni, sem hugsanlega eru minjar eldri bæjarhúsa, og aðrar minjar um búsetu og ræktun sem mikilvægt er að gæta að í skipulagi og framkvæmdum.*




**Myndir 61 og 62**. Húsið *Lynghóll* á Elliðavatnsbletti 32.[237]

---

[236] *Borgarskjalasafn Reykjavíkur*: Rafmagnsveita Reykjavíkur I. Askja 14, ódags. ljósmynd. Ljósmyndari ókunnur; Mynd í einkaeigu, tekin 1936. Ljósmyndari ókunnur.
[237] Mynd í einkaeigu, tekin 1956. Ljósmyndari ókunnur. Guðrún Helga Stefánsdóttir, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 2.5.2025; Mynd tekin í vettvangsferð 2024, DKÞ Borgarsögusafni.



**Mynd 63**. Húsið *Lynghóll* og umhverfi á ljósmynd frá 1989. Sjá má fjárhús og smáhýsi Emils Rokstads vinstra megin fyrir miðju og bátaskýli niðri við vatnið.[238]





**Myndir 64 og 65**. Húsið *Lynghóll*, austurhlið. Dúkkuhús sem stendur innan hlaðinna veggjatófta sunnanvert á landinu.[239]

[238] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*: EIJ Elliðavatn - stangaveiði 19850520-003. Ljósmyndari: Eiríkur Jónsson.
[239] Myndir í einkaeigu. Ljósmyndari ókunnur. Unnur Þóra Jökulsdóttir, tölvupóstur til DKÞ, Borgarsögusafni, 13.3.2024.

## Húsverndarkort – Tillögur um hverfisvernd húsa á Elliðavatnsblettum[240]







[240] Kort sótt af: *Vef*. Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla: DKÞ, Borgarsögusafni.




#### 2.3.3.5 Niðurstöður og ábendingar um heildrænt gildi sumarhúsabyggðar og annarra mannvirkja og minja á Elliðavatnsblettum

***Öll þau sumarbústaðalönd sem tilheyra Elliðavatnsblettum, með húsakosti sínum og ummerkjum um notkun og ræktun landsins, búa yfir áhugaverðum og oft mikilsverðum vitnisburði um sögu svæðisins***. Um er að ræða uppistandandi hús, sumarhús, bátaskýli og geymsluskúra, en einnig ýmsar rústir og leifar annarra mannvirkja eins og útihúsa, sem og minjar sem tilheyra menningar- og búsetulandslagi eins og torf- og grjóthlaðna veggi og garðlög, húsgrunna, hlið, heimtraðir og hellulagðar stéttir, ummerki um landmótun og skjólmyndun, sólbaðslautir, hlaðna og útgrafna bekki og aðflutt grjót, matjurtabeð og trjárækt.

***Allt geymir þetta áþreifanlegan vitnisburð um sögu svæðisins, setur svip á umhverfið, ljær því sögulega dýpt og á þátt í að skapar staðaranda Elliðavatns og umhverfis.***

***Í varðveislu þessara minja eru fólgin tækifæri til að fræða*** og glæða áhuga núlifandi og komandi kynslóða á sögu sem tilheyrir Reykjavík, sögu Elliðavatnsjarðar og notkun þessa jaðarsvæðis borgarinnar, ekki einungis til neysluvatnsveitu, skógræktar og útivistar á vegum opinberra aðila og félaga, heldur einnig sem sumardvalarstaðar og griðastaðar reykvískra fjölskyldna um langa tíð.

***Borgarsögusafn telur ástæðu til að taka tillit til þessara minja og minnast þeirra húsa sem horfin eru eða þurfa að víkja af svæðinu á einhvern hátt í framtíðarskipulagi svæðisins, með menningarmerkingum í nánasta umhverfi eða á annan hátt, enda væri það í samræmi við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um að leitast verði við að minnast sögunnar í skipulagi.***[241]

[241] *Vef.* Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, Reykjavíkurborg, https://reykjavik.is/adalskipulag, B2: Borg fyrir fólk, 165.

Fyrir svæðið í heild sinni eru lögð til eftirfarandi áhersluatriði og viðmið í skipulagi og framkvæmdum:

- *Skipulag og framkvæmdir á svæðinu taki sérstaklega mið af mikilvægi og verndun þeirra húsa sem lagt er til að hverfisvernda í rauðum flokki.*
- *Sögu Elliðavatnsbýlis og sumarbústaðabyggðar við Elliðavatn og nágrenni sem býr í fornleifum og yngri minjum, menningar- og búsetulandslagi verði haldið á lofti í skipulagi svæðisins og með söguskiltum eða öðrum menningarmerkingum.*
- *Gætt verði að minjum um sumarhúsabyggð á Elliðavatnsblettum í öllum framkvæmdum á svæðinu, þannig að mikilsverður eða áhugaverður vitnisburður um sögu svæðisins tapist ekki eða fari forgörðum að óþörfu eða að óathuguðu máli* (sjá ábendingar á meðfylgjandi korti og í húsaskrá).

Um skráningu og varðveislumat á *friðlýstum og friðuðum fornleifum* og *yngri minjum* á svæðinu vísast til laga um menningarminjar nr. 80/2012 og fornleifaskráningar Borgarsögusafns fyrir Elliðavatnsbletti og Heiðmörk, sem og fyrirliggjandi fornleifaskráningar fyrir Rauðhóla.[242]

### Kort með dæmum um sýnilegar og áhugaverðar minjar um sumarhúsabyggð [243]




---

[242] *Vef*. Alþingi. Lög um menningarminjar nr. 80/2012; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Rauðhólar: Forneifaskrá* (skýrsla 217, 2021).

[243] Kort sótt af: *Vef.* Borgarvefsjá, Reykjavíkurborg http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla: DKÞ, Borgarsögusafni. Grænir hringir gefa til kynna hvar sýnilegar og áhugaverðar minjar um sumarhúsabyggð er að finna, en ekki er um að ræða tæmandi úttekt eða nákvæma skráningu. Sjá meðfylgjandi húsaskrá um nánari upplýsingar. Athuga skal að skráningu og varðveislumati fyrir fornleifar og yngri minjar á svæðinu eru gerð skil í fyrirliggjandi fornleifaskráningu fyrir Rauðhóla og væntanlegri fornleifaskráningu fyrir Heiðmörk, sjá fyrri tilvísun.


Ábendingar um sýnilegar og áhugaverðar minjar um sumarhúsabyggð
11
12
13
14
16
17
18
19
20
21
23
Heiðmerkurvegur
Þingnesvegur


Ábendingar um sýnilegar og áhugaverðar minjar um sumarhúsabyggð
23
26
27
30
32
33
35
Þingnes
Þingnesvegur

## Elliðavatnsblettir í myndum – Mannvirki, minjar og staðarandi [244]



Elliðavatnsblettur 2 - Garðlög



Elliðavatnsblettur 6 - Steypt mannvirki



Elliðavatnsblettur 10 - Hlið og heimtröð



Elliðavatnsblettur 11 - Bátaskýli og hleðslur



Elliðavatnsblettur 11 - Vetrarbústaður



Elliðavatnsblettur 11 - Skúrar og garðlög



Elliðavatnsblettur 11 - Verkstæðisskúr



Elliðavatnsblettur 11 - Stofa, krossviðarklæðning



Elliðavatnsblettur 11 - Kolaeldavél til upphitunar

[244] Myndir teknar við vettvangskannanir í mars 2024 og maí 2025, DKÞ Borgarsögusafni.


Elliðavatnsblettur 13 - Hlíð


Elliðavatnsblettur 13 - Húsið Hvammur séð frá göngustíg sunnan Helluvatns


Elliðavatnsblettur 16 - Heimtröð


Elliðavatnsblettur 20 - Kofi


Elliðavatnsblettur 21 - Skúr


Elliðavatnsblettur 23 - Bátaskýli og garðlög


Elliðavatnsblettur 26 - Stígur úr rauðamöl, gamlir rafmagnslínustaurar


Elliðavatnsblettur 26 - Skúr


Elliðavatnsblettur 27 - Hlið og heimtröð


Elliðavatnsblettur 27 - Hesthússrústir


Elliðavatnsblettur 27 - Upprunaleg innbyggð rúmstæði


Elliðavatnsblettur 27 - Panelklædd s


Elliðavatnsblettur 27 - Upprunaleg hurð innandyra


Elliðavatnsblettur 30 - Hraundrangar og heimtröð


Elliðavatnsblettur 30 - Hraundrangar á lóð


Elliðavatnsblettur 30 - Skúrgrunnur


Fjárhússrúst norðan Elliðavatnsbletts 32


Elliðavatnsblettur 32 - Vegghleðslur og dúkkuhús


Elliðavatnsblettur 32 - Tjörn


Elliðavatnsblettur 32 - Bryggja


Fjárhússrúst norðan Elliðavatnsbletts 32


Elliðavatnsblettur 33 - Rústir húss úr torfi og grjóti

### 2.3.4 Húsaskrá: Elliðavatnsblettir

**Byggingarár** **1932**

# Elliðavatnsblettur 1
## *Hólakot*

**Fyrsti eigandi** Magnús Jochumsson og Guðrún Geirsdóttir Zoëga

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Útskot
Svalir

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| 1986 | Nýtt þak og rishæð |
| | Viðbygging |
| | Gróðurskáli |
| | Kvistir |
| <2000 | Stækkun gróðurskála |
| ? | Dyra- og gluggabr. (SV-gafl) |
| 2023 | Skyggni (SV-gafl) |

**Hönnuðir breytinga**

Trausti Valsson arkitekt

## Saga

Sumarbústaðinn á Elliðavatnsbletti 1 byggði Magnús Jochumsson póstmeistari (1889-1973) um 1932. Í maí það ár samþykkti bæjarsjórn að leigja Magnúsi landið undir sumarbústað til 10 ára. Landið er staðsett sunnan Rauðhóla, austanvert við Helluvatn og er merkt inn, ásamt bústaðnum, á kort sem til er af svæðinu frá 1937. Samkvæmt fasteignaskrá er húsið byggt 1942. Bústaðurinn var fyrst virtur til brunabóta í október 1943, eins og aðrir sumarbústaðir á svæðinu. Eins og lýst er í virðingunni og sést á gömlum myndum og kortum var bústaðurinn upphaflega minna og lægra hús en nú, einlyft timburhús á steinsteypugrunni, með skáþaki, útskoti við NA-gafl og veggsvölum eða veröndum við tvær hliðar.

Húsið var í eigu Magnúsar Jochumssonar og fjölskyldu hans fram á 9. áratug 20. aldar. Kona Magnúsar var Guðrún Zoëga (1897-1978) og áttu þau fimm börn. Fjölskyldan bjó í húsinu Sjóbúð við Vesturgötu 7, sem faðir Guðrúnar, Geir Zoëga kaupmaður og útgerðarmaður, hafði byggt en dvaldi í sumarhúsinu við Helluvatn á sumrin. Fjögur af börnum Magnúsar og Guðrúnar bjuggu síðar í Bandaríkjunum en Þóra Magnúsdóttir (1937-2016) bjó hér á landi og eignaðist bústaðinn eftir lát móður sinnar.

Húsið var í eigu Þráins Bertelssonar og Sólveigar Eggertsdóttur um 1985-1986 en núverandi eigandi, Trausti Eiríksson, keypti húsið vorið 1986. Hann lét byggja á það nýja og hærri rishæð með tveimur kvistum og svölum og um leið var húsið stækkað með viðbyggingu við útskot á NA-gafli og gróðurskála við SA-hlið. Á teikningum Trausta Valssonar að breytingunni er húsið merkt sem *Hólakot* en það heiti kemur ekki fyrir í eldri heimildum. Gróðurskálinn við SA-hlið virðist hafa verið lengdur til austurs um 1987-2000 og skyggni sett yfir verönd við suðvesturgafl um 2023 (sjá loftmyndir Borgarvefsjá). Glugga- og dyrasetning á SV-gafli (sem snýr að Helluvatni) virðist að mestu upprunaleg, þó dyr og gluggi h.m. hafi verið stækkuð.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging frá 4. áratugi 20. aldar, með rishæð, stækkun og öðrum breytingum frá 9. áratugnum.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Hefur tengingu við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga og sögu Elliðavatnsjarðar. Einn af eldri bústöðunum á svæðinu.

**Umhverfisgildi:** *Hátt gildi*. Er vel sýnilegt í umhverfi sínu við austurbakka Helluvatns og frá vegi milli Elliðavatns og Helluvatns og er sem slíkt eitt af þeim mannvirkjum sem setja svip á svæðið og eru áþreifanlegur vitnisburður um sögu þess.

**Upprunaleiki:** *Lágt gildi*. Húsagerð og útliti hússins hefur verið breytt með nýju og hærra þaki og öðrum útlitsbreytingum, en neðri hæð er upprunaleg. Húsinu hefur verið vel við haldið.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.*** Það eitt af elstu húsunum á svæðinu og hefur einkum menningarsögulegt gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um þá sögu býr einnig í ***umhverfi og trjágróðri á sumarbústaðalandinu***, sem og vegi sem liggur að því, sem ástæða gæti verið til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1928**

# Elliðavatnsblettur 2
***Runnur***

**Fyrsti eigandi** Hallgrímur A. Tulinius stórkaupmaður **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Sumarbústaður





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | <1943 | Múrhúðun | |
| **Klæðning** | Timbur | Ris | >1945 | Gluggabreyting | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 1989 | Endurbætur | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | -1993 | Ný klæðning | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | Gluggabreyting | |
| | | | 1997 | Ný klæðning | |

## Saga

Bústaðinn Runn á Elliðavatnsbletti 2 byggði Hallgrímur Tulinius stórkaupmaður (1896-1963) árið 1928. Í ágúst það ár fékk hann land á leigu undir sumarbústað austanvert við Helluvatn og var með þeim fyrstu til að fá slíkan blett úr Elliðavatnslandi. Í júní sama ár hafði Hallgrímur misst eiginkonu sína, Hrefnu Tulinius, í bílslysi og var fjölskyldan þá á leið í bústaðinn, samkvæmt fréttum dagblaða. Til eru ljósmyndir af húsinu tímasettar til 1930-1939 (sjá að ofan, Ljósms. Rvk. 2000 14-C38). Af þeim sést að húsið er þá með sama lagi og útliti og í dag, með bröttu mænisþaki og tveimur einkennandi útskotum á suðvesturhlið með burstum og stórum margskiptum gluggum, allt klætt með lóðréttri borðaklæðningu. Að sögn er húsið tilsniðið norskt einingahús. Í því eru húsgögn sem hafa fylgt því um langt skeið, hugsanlega frá upphafi, m.a. innbyggður skenkur, setbekkur, borð og stólar. Á myndunum sjást einnig garðlög SA af húsinu, sem enn eru til staðar.

Karl Þorsteins (1901-1987) ræðismaður og stórkaupmaður keypti húsið af Hallgrími árið 1938. Kona Karls var Jóhanna Þorsteins (1909-2002) og áttu þau fjögur börn, Þór, Hildi, Rögnu og Karl Jóhann. Fjölskyldan dvaldi í húsinu sumarlangt hvert ár, eins og fleiri fjölskyldur sem áttu bústaði á svæðinu, og ræktaði þar upp skóg og stóran matjurtagarð sem enn má sjá ummerki um á vesturhluta landsins. Síðustu áratugi hefur húsið verið í eigu Rögnu M. Þorsteins.

Húsið er í dag mjög upprunalegt að gerð og í útliti, en hefur þó gengið í gegnum nokkrar breytingar í gegnum tíðina. Þegar það var brunavirt 1943 var búið að múrhúða það og síðar voru póstar fjarlægðir úr gluggum og þeir færðir að gluggagerð steinsteyptra húsa. Á tímabilinu 1989-1993 voru gerðar endurbætur á húsinu, forskalning fjarlægð og húsið klætt með láréttri svartri borðaklæðningu. Einnig var skipt um glugga í húsinu og útlit þeirra fært í upprunalegt horf og gólf einangruð. Árið 1997 var húsið klætt með lóðréttri grænmálaðri borðaklæðningu og klæðningin sett yfir láréttu borðaklæðninguna. Sameiginlegt bátaskýli fyrir Elliðavatnsbletti 1 og 2 var niðri við vatnið, en það fauk í óveðri (eftir 1975).

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Hátt gildi*. Reisulegt, vandað og vel varðveitt sumarhús síns tíma, með gluggagerð og öðrum algengum einkennum sumarhúsa og skála frá 3. áratugi 20. aldar, hugsanlega tilsniðið hús frá Noregi. Fá dæmi finnast í dag um sumarhús af þessar gerð í landi Reykjavíkur og hugsanlega á landsvísu.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Einn af elstu bústöðunum á svæðinu, með tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og mikið vægi í áratugalangri sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Hefur mikið gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Hátt gildi*. Er vel sýnilegt í umhverfi sínu við austurbakka Helluvatns og frá vegi milli Elliðavatns og Helluvatns og er sem slíkt eitt af kennileitum svæðisins og mikilvægur áþreifanlegur vitnisburður um sögu þess. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Húsið hefur verið fært að nýju nær upphaflegri gerð með endurbótum síðustu áratuga og er nú mjög upprunalegt í útliti. Hefur einnig haldið upprunalegri innri gerð og innréttingum.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur hátt varðveislugildi.*** Það er eitt af elstu húsunum á svæðinu, fágætt og vel varðveitt dæmi um hús af sinni gerð og hefur mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Húsið er ***umsagnarskylt vegna aldurs*** skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það hefur jafnframt ótvírætt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig ***hverfisverndað í rauðum flokki***. Ástæða er til að gæta jafnframt að ***öðrum vitnisburði um notkun og ræktun landsins***, svo sem garðlögum úr torfi og grjóti, ummerkjum um matjurtarækt og trjágróðri.

**Byggingarár** **2009**

# Elliðavatnsblettur 3 (mhl. 01)
## *Helluvík*

**Fyrsti eigandi** Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður

**Hönnun** Þorvaldur S. Þorvaldsson, Úti og inni arktektar

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinst. / timbur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Kjallari
Svalir

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1961 | Bygg. eldri bústaðar | |
| 1980 | Endurbæt. eldri búst. | |
| 1988 | Bænhús á lóð | |
| 1991 | Steypt plata undir biskupsstofu á lóð | |
| 1992 | Viðbygg. eldri búst. | Sæmundur Eiríksson Rotþró |
| 2004 | Bruni eldri bústaðar | |

## Saga

Landið Elliðavatnsblett 3 fékk Þórður Sveinsson yfirlækni á Kleppi (1874-1946) undir sumarhús árið 1927, þegar hann seldi Reykjavíkurbæ Elliðavatnsjörð ásamt meðeigendum sínum. Sú kvöð fylgdi að landið yrði fjölskyldu hans frjálst til afnota meðan hann, kona hans Ellen Sveinsson (1888-1974) og sjö börn lifðu. Þórður byggði ekki bústað á landinu í sína tíð, en þá lá vegur þar í gegn (seinna vegurinn inn í Heiðmörk). Sonur hjónanna, Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður (1919 -1998) og kona hans Herdís Þorvaldsdóttir leikkona (1923-2013) byggðu loks bústað á landinu árið 1961. Gunnlaugur mun þá hafa fært veginn sem lá þar í gegn út fyrir spilduna, en eldri vegurinn og leifar af honum liggja enn um landið. Bústaðurinn var byggður eftir teikningu Þorvaldar S. Þorvaldssonar bróður Herdísar, sem stundaði þá nám í arkitektúr í Kaupmannahöfn. Húsið var einlyft timburhús með skáþaki á steinsteyptum sökkli, með bátaskýli í kjallara. Í húsinu voru þrír verslunargluggar úr húsinu Austurstræti 18 (Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar) sem var rifið 1960. Á landinu gróðursettu eigendurnir fjölda trjáa sem flest voru flutt af framkvæmdasvæðum í borginni, m.a. úr Safamýri. Önnur mannvirki sem Gunnlaugur reisti á landinu voru burstabær handa börnum til leiks og bænhús í 12. aldar stíl, leikmynd úr kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Í skugga hrafnsins, sem stóð þar á árunum 1988-2006. Um 1991 var gerð steypt plata nálægt bústaðnum, þar sem ráðgert var að koma fyrir annarri leikmynd úr sömu kvikmynd, biskupsbaðstofu í 12. aldar stíl, en hún virðist ekki hafa verið reist. Eftir lát Gunnlaugs 1998 tók sonur hans Hrafn við bústaðnum ásamt Herdísi móður sinni.

Í febrúar 2004 eyðilagðist bústaðurinn að mestu í eldi, en kjallari (bátaskýli) og sökklar stóðu eftir. Sama ár fékkst leyfi til að byggja nýtt sumarhús á kjallara og sökklum hins eldra, að hluta úr steinsteypu (norðurhluti) og að hluta úr timbri með vatnsklæðningu (suðurhluti). Teikningar að húsinu eru undirritaðar af Þorvaldi S. Þorvaldssyni arkitekt. Það er í dag skráð sem matshluti 01 á landinu, með byggingarár 2009. Reyndarteikningar af húsinu voru samþykktar 2014.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Sumarbústaður frá 10. áratugi 20. aldar, byggður á grunni (kjallara) eldri bústaðar sem brann og var teiknaður af sama arkitekt.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Landið er eitt af þeim sem úthlutað var fyrri eigendum Elliðavatnslands þegar þeir seldu það Reykjavíkurbæ árið 1927. Núverandi hús er arftaki eldri bústaðar á landinu sem brann.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Er vel sýnilegt í umhverfi sínu við norðurbakka Helluvatns og er sem slíkt eitt af þeim mannvirkjum sem setja svip á svæðið og eru til vitnis um sögu þess. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Útliti hússins hefur verið breytt nokkuð, m.a. með háum timburstoðum, á þeirri hlið sem sýnilegust er og snýr að Helluvatni

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi,*** einkum vegna tengingar við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um þá sögu býr einnig í ***minjum um önnur mannvirki og trjágróðri á landinu***, sem ástæða væri til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1971**

# Elliðavatnsblettur 3 (mhl. 02)
*Agnarshús*

**Fyrsti eigandi** Agnar Þórðarson og Hildigunnur Hjálmarsd. **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun**




| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur | Einlyft | 2005 | Rotþró | | |
| **Klæðning** | Timbur | | | Endurbætur | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 2009 | Endurbætur / | Hróbjartur Hróbjartsson | arkitekt |
| **Þakklæðning** | Torf / Bárujárn | | | Endurgerð | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar súlur | | | Viðbygging | | |

## Saga

Á Elliðavatnsbletti 3 var annar bústaður reistur snemma á 8. áratugi aldarinnar. Þennan bústað reisti eitt af börnum Þórðar og Ellenar Sveinssonar, Agnar Þórðarson rithöfundur og bókavörður (1917-2006) ásamt konu sinni Hildigunni Hjálmarsdóttur (1920-2022). Bústaðurinn var reistur skammt vestan við bústað Gunnlaugs Þórðarsonar og Herdísar Þorvaldsdóttur (mhl. 01). Um var að ræða lítið dagveruhús úr timbri, án rafmagns, vatnslagnar og frárennslis. Þak þess virðist, af loftmyndum að dæma hafa verið torfklætt (sjá loftmyndir Borgarvefsjá 2000-2007). Árið 2005 var húsið orðið illa farið og þarfnaðist viðgerðar og tóku byggingar- og skipulagsyfirvöld þá jákvætt í fyrirspurn um að koma fyrir rotþró við húsið, leggja í það vatnslögn og rafmagn og gera á því ýmsar endurbætur. Neikvætt var hinsvegar tekið í fyrirspurn um viðbyggingu við húsið. Eftir lát Agnars Þórðarsonar 2006 var húsið í eigu Hildigunnar.

Árið 2007 fékkst leyfi fyrir endurbótum á húsinu eða endurgerð þess með lítilsháttar stækkun eða viðbyggingu við norðurgafl, eftir teikningu Hróbjarts Hróbjartssonar arkitekts. Húsið er kallað „Agnarshús“ á teikningunni. Samkvæmt umsókn eigenda var um að ræða endurbætur og viðauka við upprunalega húsið, þar sem viðbyggingin var hönnuð sem framhaldi af húsinu í hæð og gerð. Samkvæmt stærðum sem tilteknar eru á teikningu hefur húsið verið 19,9 fermetrar að flatarmáli en varð eftir breytinguna 27,7 fermetrar. Af loftmyndum að dæma hafa endurbæturnar hafist eftir júní 2008 og verið lokið í júlí 2010. Húsið mun byggt úr timbri á steyptum súlum og er klætt að utan með vatnsklæðningu úr furu en þak með bárujárni. Húsið er í dag skráð sem mhl. 02 á landinu, með byggingarár 1971. Lítið eitt NV við húsið stendur lítill kofi. Húsið hefur frá 2013 verið í eigu sona Agnars og Hildigunnar.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri, með lágu mænisþaki.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Landið er eitt af þeim sem úthlutað var fyrri eigendum Elliðavatnslands þegar þeir seldu það Reykjavíkurbæ árið 1927.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið er að mestu umlukið gróðri, lítt sýnilegt og fellur inn í gróið umhverfið. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Húsið hefur verið endurbætt/endurgert og lengt lítillega en í samræmi við upphaflega gerð.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***. einkum vegna tengingar sinnar við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um þá sögu býr einnig í ***minjum um önnur mannvirki og trjágróðri á landinu***, sem ástæða væri til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** # 1978 # Elliðavatnsblettur 5

**Fyrsti eigandi** Kristján Guðlaugsson og Bergþóra Brynjúlfsdóttir

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Áður stóð á landinu sumarhús í eigu Brynjúlfs Björnssonar tannlæknis (1879-1954). Um var að ræða lítið hús sem stóð upphaflega undir Norðlingaholti og var notað til íbúðar fyrir þá sem unnu að lögn fyrstu vatnsveitunnar fyrir Reykjavík 1908-1909, en var síðan dregið yfir Elliðavatnsengjar á ís og sett niður á tóftir gamals býlis, *Grundarkots*, við gervigíg (Hvamminn) suðvestan Rauðhóla. Brynjúlfur fékk þar land á leigu úr Elliðavatnsjörð ásamt veiðirétti í Helluvatni með samningi við þáverandi eiganda jarðarinnar og var þetta fyrsta sumarbústaðalandið sem úthlutað var úr jörðinni. Húsið var síðan notað um áratugabil sem sumarbústaður Brynjúlfs og konu hans Önnu G. Björnsson (1890-1953) og barna þeirra. Þetta var timburhús með skáþaki, útskoti og inngönguskúr og mun tvisvar mun hafa verið byggt við það. Árið 1923 varð sá sorglegi atburður að þriggja ára sonur Brynjúlfs og Önnu, Sverrir, drukknaði þegar hann var að sækja mjólk að Elliðavatni með bróður sínum og datt niður um gat á nálægri brú. Á hernámsárunum mun setuliðið, sem hafði bækistöðvar í Rauðhólum (*Camp Tinker*), hafa gengið illa um svæðið og brotið girðingu umhverfis landið og farið um það með skriðdrekum og beltavélum. Rétt sunnan landsins, við bakka Helluvatns var lítill skúr, líklega dæluskúr frá setuliðstíma. Eftir lát Brynjúlfs, var bústaðurinn í eigu sonar hans Björns Br. Björnsson tannlæknis (1910-1972) um tíma en á 7. áratug aldarinnar var hann kominn í eigu Bergþóru, dóttur Brynjúlfs (1908-1987) og manns hennar Kristjáns Guðlaugssonar (1906-1982). Þá var hafin trjárækt á landinu og gróðursettur þar mikill fjöldi trjáplantna.

Árið 1978 byggðu Bergþóra og Kristján nýtt hús (núverandi hús) nálægt austurmörkum landsins en það gamla var rifið samkvæmt brunavirðingu. Á ljósmynd sem er líklega tekin fljótlega eftir að nýja húsið var byggt má sjá að bæði húsin hafa staðið á landinu um tíma (sjá að ofan, Þjms. A - AK4b-2-32), en gamla húsið er horfið á loftmynd frá 1979. Ekki finnast teikningar að núverandi húsi. Eftir lát Bergþóru 1987 varð húsið eign barna hennar tveggja.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einföld bárujárnsklædd sumarbústaðarbygging úr timbri frá 8. áratugi 20. aldar, með lágu einhalla þaki.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs til hátt gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Bletturinn er elsta sumarbústaðaland á svæðinu og líklega á öllu höfuðborgarsvæðinu og eldri bústaður sem þar stóð tengdist sögu vatnsveitu frá Gvendarbrunnum.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið er að mestu umlukið gróðri, lítt sýnilegt og fellur inn í gróið umhverfið. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Ekki finnast teikningar að húsinu en því virðist lítið hafa verið breytt frá því að það var byggt. Því hefur verið vel við haldið.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. ***Sumarbústaðalandið er hið elsta á svæðinu*** og býr yfir ***minjum eldra býlis*** (Grundarkots) og ***menningar- og búsetulandslagi*** sem hefur margháttað gildi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns og umhverfis og ***mikilvægt er að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum***.

**Byggingarár** **1966** # Elliðavatnsblettur 6

| **Fyrsti eigandi** | **Hönnun** | **Upphafleg notkun** |
|---|---|---|
| Steingrímur Pálsson og Kristín Jónsdóttir | Sigurjón Sveinsson arkitekt | Sumarbústaður |





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur | Einlyft | 1992 | Verönd lokað með glerveggjum | Magni Baldursson arkitekt |
| **Klæðning** | Timbur | Verönd | | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | Skorsteinn | ? | Skorsteinn fjarlægður | |
| **Þakklæðning** | | | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | | |

## Saga

Sumarhúsið á Elliðavatnsbletti 6 byggði Steingrímur Pálsson (1894-1974) á árunum 1964-1966. Steingrímur hafði þá nýlega látið að störfum sem ráðsmaður vistheimilis fyrir geðsjúka sem starfrækt var að Elliðavatni. Steingrímur flutti að Elliðavatni árið 1942 ásamt konu sinni Kristínu Jónsdóttur (1895-1992) og börnum og störfuðu þau hjón þar í 22 ár. Áður höfðu þau byggt húsið *Reykhóla* við Kleppsveg, sem seinna var flutt á Árbæjarsafn.

Steingrímur er skráður eigandi landsins á korti sem til er af Elliðavatnsblettum frá 1958. Hann sótti þó ekki um leyfi fyrir húsi á landinu fyrr en í október 1963 og fékk byggingarleyfi fyrir sumarhúsi úr timbri í apríl 1964. Til er samþykkt teikning að húsinu frá sama ári eftir Sigurjón Sveinsson arkitekt. Ekki finnst brunavirðing eða aðrar heimildir um byggingarár hússins, en í fasteignaskrá Mannvirkjastofnunar er byggingarár þess skráð 1966. Bústaðurinn er lítið hús úr timbri, um 40 ferm. að stærð, klætt láréttri vatnsklæðningu, með lágu einhalla bárujárnsklæddu þaki. Á loftmynd frá 1965 (Borgarvefsjá) sést að húsið var þá risið af grunni. Þar sem húsið stendur stóðu áður braggar sem tilheyrðu braggahverfinu *Camp Tinker* í Rauðhólum, miðstöð ratsjáreftirlits bandaríska flughersins. Undir bústað Steingríms er steinsteypt plata, stærri en bústaðurinn og líklegt er að um sé að ræða grunn þeirra bragga sem þarna stóðu (sjá loftmynd Borgarvefsjá 1954). Á landinu, um 20 m suðvestur af húsinu, stendur einnig lítið mannvirki með þremur steinhlöðnum veggjum, en ókunnugt er um uppruna þess eða hlutverk.

Árið 1990 var bústaðurinn kominn í eigu Garðs Einarssonar, sem sótti árið 1992 um leyfi til að loka verönd bústaðarins með glerveggjum. Til er teikning Magna Baldurssonar arkitekts að breytingunni. Ekki er kunnugt um að aðrar breytingar hafi verið á húsinu. Orkuveita Reykjavíkur eignaðist húsið árið 2020. Húsið er ekki í notkun og stendur nú opið fyrir veðri og vindum, þar sem dyr hafa verið fjarlægðar og gler úr gluggum. Einnig hefur steyptur skorsteinn verið fjarlægður.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri frá 7. áratugi 20. aldar, með lágu einhalla þaki.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs til hátt gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga, en eigandinn, Steingrímur Pálsson bjó að Elliðavatni og starfaði þar í yfir 20 ár sem ráðsmaður vistheimilis fyrir geðsjúka og reisti bústaðinn eftir starfslok þar.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið er lágreist og hógvært í umhverfi sínu og er vegna gróðurs og landshátta lítt sýnilegt frá Heiðmerkurvegi sem liggur sunnanvert við sumarbústaðalóðina.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Seinni tíma breyting á suðurhlið með lokun verandar er í anda upphaflegrar gerðar hússins. Húsið er ekki í notkun og er í niðurníðslu.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Húsið hvílir á ***braggagrunni frá hernámsárunum*** sem telst til herminja og ***leggur Borgarsögusafn til að grunnurinn verði ekki fjarlægður, heldur varðveitur sem herminjar og minjar um yngri byggð á svæðinu.*** Athygli skal einnig vakin á steinhlöðnu mannvirki á landinu sem hefur hugsanlegt minjagildi.

**Byggingarár** **1965** 

# Elliðavatnsblettur 10

**Fyrsti eigandi** Valtýr Lúðvíksson rafvirkjameistari

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Staurar steyptir í jörðu |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Axel Herskind (1896-1948) lyfjafræðingur og framkvæmdastjóri Efnagerðar Reykjavíkur mun hafa fengið afnot af Elliðavatnsbletti 10 í kringum 1945 og dvalið þar við veiðar á sumrin ásamt ásamt konu sinni Ástu Þórarinsdóttur (1911-1971). Er hann lést 1948 voru þau hjónin að byggja bústað á landinu, sem var ófullgerður. Bústaðurinn er merktur inn á kort sem til eru af svæðinu frá 1951 og 1957. Á loftmynd frá 1954 (Borgarvefsjá) virðist sjást hús eða húsgrunnur á svipuðum eða sama stað og núverandi bústaður á landinu. Árið 1958 óskaði seinni eiginmaður Ástu, Víglundur Möller (1910-1987) skrifstofustjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, eftir að fá landið á leigu og undirritaði leigusamning árið 1960. Á korti sem fylgir samningnum er ekki merkt inn hús á landinu. Árið 1963 framseldi Víglundur samninginn til Valtýs Lúðvíkssonar rafvirkjameistara (1922-1969).

Samkvæmt fasteignaskrá var núverandi hús á landinu byggt árið 1965. Á loftmynd frá því ári (Borgarvefsjá) sést að þá stendur hús á landinu. Ekki er ljóst hvort þar er um að ræða húsið sem Axel Herskind og Ásta Þórarinsdóttir byggðu en hugsanlegt er að það hús hafi verið rifið og nýtt byggt í þess stað um 1965. Um er að ræða einfalt timburhús með einhalla þaki, um 40 fm. að stærð, klætt láréttri timburklæðningu. Af húsagerðinni að dæma virðist frekar um að ræða hús frá 7. áratugnum en hús frá 5. áratugnum. Ekki finnast brunavirðingar, teikningar eða aðrar heimildir um byggingarár hússins, upphaflega gerð þess eða breytingar á því. Eftir lát Valtýs tók eiginkona hans Kristín Lára Kristinsdóttir (1916-2006) við landinu og síðar var það í eigu dóttur þeirra, Ragnheiðar Valtýsdóttur (1949-2017). Húsið hefur frá 2019 verið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og árið 2020 veitti Byggingarfulltrúi Reykjavíkur Orkuveitunni leyfi til að rífa húsið. Húsið er ekki í notkun og er nú byrgt fyrir glugga þess og dyr.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Lágt gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri með einhalla þaki, líklega frá 7. áratugi 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið er lágreist og hógvært í umhverfi sínu. Stendur á útsýnisstað við jaðar Elliðavatns.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð hússins eða breytingar á því, en líklega hefur því lítið verið breytt. Húsið er ekki í notkun og ber þess merki að hafa ekki verið viðhaldið.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um þá sögu býr einnig í ***búsetulandslagi og trjágróðri*** á sumarbústaðalandinu, sem ástæða væri til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1930**

# Elliðavatnsblettur 11 (mhl. 01)
***Leifsstaðir***

**Fyrsti eigandi** Guðmundur Kristjánsson, Beatrice Marie Stokke **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Valmaþak |
| **Þakklæðning** | Pappi |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**
Einlyft
Útskot

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| c1943 | Viðbygging |
| -1945 | Gluggabreytingar |
| c1945 | Viðbygging |
| -1950 | Steyptur sökkull |
| | Áfastur verkfæraskúr |
| | Rafmagn lagt í húsið |
| c1945 | Bátaskýli á lóð |
| ? | Ný klæðning |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á Elliðavatnsbletti 11 standa tvö hús, sumarhús byggt árið 1930 (mhl. 01) og annað minna hús byggt 1965 (mhl. 02), auk bátaskýlis. Eldra húsið byggði Guðmundur Kristjánsson myndskeri (1901-1979) ásamt konu sinni Beatrice Marie Stokke (1908-1982). Guðmundur seldi Karli F. Jónssyni lækni (1896-1980) húsið um 1938. Karl hófst fljótlega handa við ýmsa uppbyggingu á landinu og dvaldist þar síðan sumarlangt á hverju ári með konu sinni Gudrunu Margrethe Jónsson hjúkrunarkonu (1906-1972) og tveimur sonum þeirra. Þegar húsið, þá kallað *Leifsstaðir*, var brunavirt 1943 var það líklega enn í upprunalegri mynd, minna en nú og klætt að utan með liggjandi borðaklæðningu og pappa á þaki. Í því voru anddyri, tvö herbergi og eldhús með eldavél til upphitunar. Húsið var síðan stækkað í tvígang, fyrst stofa í suðurendaenda og þá líka gluggar, en seinna var gerð viðbygging við norðurhlið með svefnherbergi og verkstæði og áfastur verkfæraskúr við austurhlið. Þá var húsinu og lyft í heilu lagi og steyptur undir það sökkull. Um svipað leyti kom rafmagn í húsið.

Meðal annarra mannvirkja sem reist voru á landinu um og eftir stríð voru bátaskýli fyrir þrjá báta og tveir hafnargarðar við vatnið, allt hlaðið úr hleðslugrjóti úr nágrenninu (í sameign með eigendum Elliðavatnsbletts 12), kartöflugeymsla og kamar. Hlaðnir voru skjólgarðar og sólbaðslaut á landinu og torfgarður við austurmörk þess. Úr grágrýtishellum úr nágrenninu var lagður stígur að húsinu, tröppur að því og stétt. Grafinn var brunnur á landinu og vatni dælt úr honum í húsið. Fljótlega var hafin ræktun matjurta á landinu og trjárækt, í fyrstu með birkitrjám en seinna trjágróðri frá Alaska. Vestar á landinu var komið upp kartöflugarði og steinsteyptri kartöflugeymslu. Það svæði var tekið undir bílastæði, náðhús og grillastöðu á vegum Skógræktarfélags Rvk. um 1995. Árið 1963 var byggt lítið hús norðanvert á landinu (mhl. 02), ætlað sem vetrarbústaður (sjá sérskráningu). Um 1976 var bátaskýli fyrir einn bát byggt við austurmörk landsins og hlaðið utan með því með grjóti úr eldra bátaskýlinu. Frá 1986 hafa húsin á landinu verið í eigu Leifs, sonar Karls og Gudrunar.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri frá 4. áratugi 20. aldar, með viðbyggingum og breytingum frá 5. áratugnum, ásamt bátaskýli frá 5. áratugnum.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Einn af eldri bústöðunum á svæðinu. Hefur gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið er lágreist og hógvært í umhverfi sínu og er nú vegna gróðurs lítið sem ekkert sýnilegt frá Heiðmerkurvegi sem liggur sunnanvert við sumarbústaðalóðina. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Húsinu hefur verið breytt með viðbyggingum, stækkun glugga og nýrri klæðningu að utan, en að innan eru veggir og loft með upprunalegum frágangi (krossviði). Óeinangrað frá upphafi, asbest í þaki.

**Varðveislugildi:** ***Húsin hafa miðlungs varðveislugildi,*** einkum vegna tengingar við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um þá sögu býr einnig í ***öðrum mannvirkjum, svo sem hleðslum, hellulögðum stígum og stéttum og öðru búsetulandslagi og trjágróðri*** á sumarbústaðalandinu, sem ástæða er til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1965**

# Elliðavatnsblettur 11 (mhl. 02)
## *Leifsstaðir*

**Fyrsti eigandi** Karl Jónsson og Gudrun Margrethe Jónsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður






| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft | c1975 | Ný milliklæðning | |
| **Klæðning** | Torf, grjót / timbur | Útskot | | Torfveggir endur-hlaðnir | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn og torf | | | | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | | |

## Saga

Á Elliðavatnsbletti 11 standa tvö hús, sumarhús byggt árið 1930 (mhl. 01) og annað minna sumarhús byggt 1965 (mhl. 02), auk bátaskýlis. Yngra húsið, sem hér er til umfjöllunar (mhl. 02), byggði Karl F. Jónsson læknir (1896-1980) ásamt fjölskyldu sinni og var það reist lítið eitt norðvestan við eldra húsið og ætlað til vetrardvalar, þar sem eldra húsið var óeinangrað og of kalt til íveru á veturna. Húsið var byggt úr holsteini eða mátsteini úr Seyðishólagjalli (rauðamöl) á steinsteyptum sökkli og þak klætt með báruáli. Útveggir voru klæddir með tjörupappa og utan með þeim hlaðnir veggir úr torfi og grjóti. Hleðslugrjótið mun hafa verið tekið úr bátaskýli sem áður stóð niðri við vatnið og var einnig notað í stétt vestan við húsið. Torf var sett á þakið til einangrunar, en gaflar og inngangsútbygging á vesturhlið voru klædd með standandi borðaklæðningu. Um 1975 var tjörupappinn orðinn fúinn og var þá sett sökkulplast utan á holsteininn og torfveggirnir endurhlaðnir. Í húsinu er forstofa og eitt 15 fm herbergi með viðarofni til upphitunar ásamt reykháf.

Um önnur hús á landinu sjá skráningu mhl. 01. Frá 1986 hafa húsin og landið verið í umsjón og eigu Leifs Karlssonar.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Sumarbústaðabygging frá 7. áratug 20. aldar, með torfþaki, ytri veggjum úr torfi og grjóti og öðrum einkennum eldri húsa, torfbæja og útivistarskála.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Hefur tengingu við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið er lágreist og hógvært, fellur vel inn í umhverfi sitt og er lítið sem ekkert sýnilegt frá Heiðmerkurvegi sem liggur sunnanvert við sumarbústaðalandið. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Húsið er upprunalegt að gerð, þó skipt hafi verið um klæðningu milli útveggja og torfveggja.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um þá sögu býr einnig í ***öðrum mannvirkjum, búsetulandslagi og trjágróðri*** á sumarbústaðalandinu, sem ástæða væri til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **2000** **Elliðavatnsblettur 12**

**Fyrsti eigandi** Sigurður G. Jónsson lyfsali

**Hönnun** Njörður Geirdal arkitekt

**Upphafleg notkun** Geymsluskúr





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steyptar súlur grafnar í jörð |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Um er að ræða geymsluhús sem stendur nyrst á Elliðavatnsbletti 12 og var byggt árið 2000. Sá hluti lóðarinnar sem húsið stendur á, lóðarræma næst Helluvatni, tilheyrði áður Elliðavatnsbletti 13, en nú skiptast lóðirnar við austurgafl þessa húss, skv. Borgarvefsjá, þó að ekki sé girðing á milli og aðkoma að húsinu sé um lóð Elliðavatnsbletts 13. Húsið er hvorki skráð undir Elliðavatnsbletti 12 eða 13 í fasteignaskrá. Fast við norðausturhorn þess stóð áður lítill skúr sem tilheyrði Elliðavatns-bletti 13, líklega bátaskýli byggt 1957 (skráð sem mhl. 02 á þeirri lóð), en það virðist hafa verið rifið fljótlega eftir að þetta hús var reist. Leyfi fékkst fyrir núverandi húsi, nýrri verkfærageymslu úr timbri á steyptum súlum, í desember 1999, með kvöð um brottflutning hússins þegar krafist yrði. Um leið fékkst leyfi til að rífa geymsluhús á lóðinni, væntanlega eldra bátaskýlið. Til er samþykkt teikning að húsinu eftir Njörð Geirdal arkitekt. Þar er það sagt byggt úr timbri á undirstöðum úr steyptum súlum, klætt skarklæðningu úr furuborðum og þak klætt bárujárni.

Á Elliðavatnsbletti 12 stóð upphaflega sumarbústaður sem Baldvin Jónsson (1905-1988) eigandi verkstæðisins Sylgju, byggði um 1937 og var einn af fyrstu bústöðunum sem risu á svæðinu (sjá mynd t.v.). Húsið er sýnt á korti frá 1937 og í bréfi dags. 23.1.1939 kemur fram að á landinu standi hús sem Baldvin hafi byggt "í fyrrasumar" með leyfi Emils Rokstað ábúanda á Elliðavatni. Landið var þá girt torfgörðum sem enn eru til staðar. Af kortum og loftmyndum að dæma hefur húsið staðið hér um bil á miðjum blettinum, en á loftmynd frá 1971 er það horfið af þeim stað og mun hafa brunnið. Hins vegar sést annað minna hús, líklega geymsluskúr, nokkru austar á blettinum sem virðist svo einnig horfinn 2000 (sjá loftmyndir Borgarvefsjá). Eftir 1964 höfðu hjónin Ingibjörg Sigurjónsdóttir lyfjafræðingur (1914-1986) og Sverrir Magnússon lyfsali (1909-1990) leigurétt á báðum blettum, nr. 12 og 13, síðan Íslenska lyfjafræðisafnið frá 1990, Sigurður G. Jónsson lyfsali (1940-2008) frá 1995 og loks Fjóla Guðleifsdóttir frá 2008, en frá 2019 hefur Orkuveita Reykjavíkur haft yfir þeim umráð.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Lágt gildi*. Nýlegt geymsluhús úr timbri.

**Menningarsögulegt gildi:** *Lágt gildi*. Bletturinn sem húsið stendur á hefur tengingu við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Lágt gildi*. Húsið er lágreist og hógvært í umhverfi sínu og lítt sýnilegt frá nálægum vegi og göngustíg vegna trjágróðurs. Á landinu eru m.a. hlaðnir torfgarðar frá 4. áratugnum sem sýna upphaflega afmörkun þess. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Virðist óbreytt að gerð.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur lágt varðveislugildi.*** Vitnisburður um eldri notkun blettsins og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga býr í ***mannvirkjum eins og hlöðnum torfgörðum og öðru búsetulandslagi og trjágróðri*** á sumarbústaðalandinu, sem ástæða er til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** 1936/1956

# Elliðavatnsblettur 13
## *Hvammur*

**Fyrsti eigandi** Ókunnur / Sverrir Magnússon lyfsali

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður




**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Skífur |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Ris
Kjallari
Kvistir

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| <1943 | Múrhúðun |
| 1956 | Viðbygging |
| | Hækkun |
| >1990 | Gluggabreytingar |
| | Grindverk við S-hlið fjarlægt |
| 2000 | Bátaskýli rifið |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Um 1936 eða nokkru fyrr var reist á landinu lítið sumarhús, en ekki er ljóst af heimildum hver byggði það hús. Árið 1937 keypti Lyffræðingafélag (nú Lyfjafræðingafélag) Íslands húsið og fékk leigt land umhverfis það, þar sem félagið hugðist gera tilraunir með ræktun jurta til lyfjagerðar. Árið 1938 keypti Sverrir Magnússon lyfsali (1909-1990) húsið af félaginu, en hann var þá formaður félagsins. Eftir heimkomu frá námi í Bandaríkjunum 1944-1947 rak Sverrir um árabil Hafnarfjarðar-apótek í húsi sínu við Standgötu 34 í Hafnarfirði, en hann og kona hans Ingibjörg Sigurjónsdóttir lyfjafræðingur (1914-1986) gáfu síðar Hafnarfjarðarbæ húsið undir menningar- og listamiðstöðina Hafnarborg.

Húsið á Elliðavatnsbletti 13 var upphaflega lítið timburhús með lágu mænisþaki og sólskála við suðurgafl. Skv. virðingu frá 1943 var það múrhúðað. Árið 1956 voru Sverrir og Ingibjörg búin að stækka húsið í núverandi mynd, sem háreist hús úr vikurholsteini með bröttu risi. Við vesturenda hússins er sérstæð útbygging með hárri burst sem snýr þvert á aðalhúsið. Utan með henni er hár steyptur skorsteinn með bergflögum í múrnum, hvítmálaður. Í þessum hluta hússins er hátimbruð stofa öll klædd furuborðum, með háum bogadregnum gaflglugga og arinn klæddur hellugrjóti. Austurendi hússins ásamt „solarium“ er byggður úr léttara efni, skv. ómerktri teikningu sem til er af stækkuninni og er þar líklega um að ræða eldra húsið, sem hefur staðið áfram sem austurhluti nýja hússins, ásamt sólskála við suðurhlið. Að utan er húsið slétthúðað og málað með strikuðu múrsteinsmynstri á norðurhlið, en suðurhlið og austurgafl með lóðréttri borðaklæðningu. Sökkull og steypt stétt við suðurhlið eru klædd hellugrjóti. Allur frágangur hússins að utan og innan er vandaður og virðist mikið til upprunalegur. Bátaskýli var byggt á lóðinni árið 1957, en rifið um 2000. Sverrir og Ingibjörg dvöldu flest sumur í bústaðnum og plöntuðu þar trjágrjóðri. Sverrir ánafnaði Lyfjafræðisafninu húsið áður en hann lést árið 1990 en félagið seldi það Sigurði Guðna Jónssyni lyfsala (1940-2008) sama ár. Það er nú í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Hátt gildi*. Sérstætt, reisulegt og vandað sumarhús með svipmiklum burstum og skorsteini, byggt í núverandi mynd á 6. áratugi 20. aldar, en að stofni til eldra. Húsagerðin er fágæt hér á landi og ber með sér erlend áhrif og sérkenni sem eru m.a. algeng í bandarískum úthverfa- og sumarhúsum.frá 3. og 4. ártugnum (cottages).

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Elsti hluti hússins var einn af fyrstu bústöðunum á svæðinu. Hefur gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Hátt gildi*. Húsið er umlukið gróðri en þó vel sýnilegt frá göngustíg meðfram suðurbakka Helluvatns og er sem slíkt sýnilegur og áþreifanlegur vitnisburður í umhverfi sínu um sögu svæðisins. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Húsið í þeirri mynd sem það hefur staðið frá 1956 er mjög upprunalegt að gerð, en gluggum sem áður voru margrúðugluggar hefur þó verið breytt og grindverk umhverfis verönd við suðurhlið fjarlægt.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur hátt varðveislugildi.*** Það er fágætt og vel varðveitt dæmi um hús af sinni gerð, bæði að ytri og innri gerð, og hefur mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Húsið er ***umsagnarskylt vegna aldurs*** skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það hefur jafnframt ótvírætt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig ***hverfisverndað í rauðum flokki***. Ástæða er til að gæta jafnframt að ***öðrum vitnisburði um notkun og ræktun landsins*** í skipulagi og framkvæmdum, eins og ***hliði, heimtröð, hlöðnum torfveggjum og trjágróðri***.

**Byggingarár** **1998** 

# Elliðavatnsblettur 14

**Fyrsti eigandi** Birgir Reynisson

**Hönnun** Þorsteinn Friðþjófsson bygg.tæknifr.

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| <1951 | Geymsluskúr á lóð |
| <1951 | Bátaskýli á lóð |
| 1976 | Bátaskýli á lóð |
| 1997 | Eldra hús rifið |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Núverandi sumarhús á landinu (mhl. 01) var byggt árið 1998 í stað eldra húss sem var þá rifið. Eldra húsið byggði Benedikt Eyþórsson húsgagna- og skíðasmiður (1902-1992) árið 1939. Það var timburhús á steyptum grunni með liggjandi borðaklæðningu og stóð á sama stað og núverandi hús, en var nokkuð minna að flatarmáli. Benedikt, eða Skíða-Bensi eins og var gjarnan nefndur, og kona hans Astrid Eyþórsson (1903-1993), áttu húsið til um 1951 og dvöldu þar yfir sumartímann ásamt fjölskyldu sinni og ræktuðu upp landið. Eftir 1951 var húsið í eigu Óskars Thorberg Jónssonar bakara (1900-1957) og konu hans Edith Thorberg Jónsson (1901-1987) í um áratug, en seinni eigendur voru Ingþór Haraldsson, Sigríður O. Brien, Haraldur Jensson og John Joseph Frantz.

Árið 1996 eignaðist Birgir Reynisson húsið, sem þá mun hafa verið illa farið, og fékk hann árið 1997 leyfi til að rífa það og byggja nýtt og nokkuð stærra sumarhús á blettinum eftir teikningum Þorsteins Friðþjófssonar byggingatæknifræðings (Teiknistofunni Torginu). Skilyrði var að húsið yrði fjarlægt borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist yrði. Húsið var fullbyggt í árslok 1998. Það er byggt úr timbri, á steyptum undirstöðum og er klætt að utan með lóðréttri panilklæðningu og járni á þaki. Timburverönd er við suður-, vestur- og norðurhlið hússins.

Á landinu standa tvö önnur hús, annars vegar geymsluskúr sem stendur austanvert við sumarhúsið og virðast samkvæmt kortum og loftmyndum hafa verið byggður fyrir 1951, og hins vegar bátaskýli sem stendur norðar og nær vatninu (merkt mhl. 02 skv. Borgarvefsjá). Í fasteignaskrá er bátaskýlið skráð sem sumarhús (mhl. 02), byggt 1976. Á loftmyndum og ljósmyndum frá því fyrir 1951 sést bátaskýli á svipuðum stað eða lítið eitt norðvestar.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Dæmigerð sumarbústaðarbygging úr timbri frá 10. áratugi 20. aldar. Á landinu standa einnig eldri geymsluskúr og bátaskýli sem hlaðið er kringum með torfi og grjóti.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið og landið sem það stendur á hafa gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið og bátaskýlið sjást vel frá göngustíg meðfram suðurbakka Helluvatns og eru vitnisburður í umhverfi sínu um sögu svæðisins. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Núverandi hús og bátaskýli á landinu virðast óbreytt og hefur verið vel við haldið. Eldri geymsluskúr virðist í niðurníðslu.

**Varðveislugildi:** ***Húsin hafa miðlungs varðveislugildi.*** Vitnisburður um eldri búsetu á blettinum og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga býr í ***öðrum mannvirkjum, hleðslum, búsetulandslagi og trjágróðri*** á landinu, sem ástæða er til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1973** **Elliðavatnsblettur 16**

**Fyrsti eigandi** Reynir Eyjólfsson kaupmaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | | |
| **Klæðning** | Timbur | | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Á landinu stendur sumarbústaður úr timbri byggður á árunum 1970-1973 og lítill verkfæraskúr (mhl. 02) byggður árið 1972. Sigurður Ólafsson (1901-1970) verkfræðingur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, fékk landið upphaflega á leigu sem sumarbústaðaland árið 1960, en hann mun ekki hafa byggt þar hús. Eftir lát hans mun ekkja hans Rebekka Ágústsdóttir (1899-1981) hafa fengið landinu skipt í tvo hluta og hélt hún öðrum hlutanum en Reynir Eyjólfsson (1916-1987) kaupmaður fékk hinn hlutann. Á þeim hluta hóf Reynir byggingu bústaðar árið 1970 og var húsið tryggt í smíðum í september það ár. Veturinn 1970-1971 var hafin vinna við lagningu nýrrar aðalæðar frá Gvendarbrunnum, m.a. sunnan með Helluvatni og um þetta sumarbústaðaland, og vegna sprenginga á klöpp í nágrenninu skekktist bústaðurinn svo að það þurfti að endurbyggja hann að miklu leyti og laga undirstöðurnar. Um tíma stóð skúr vestar á landinu, sem hugsanlega hefur verið reistur sem vinnuskúr vegna lagnaframkvæmdanna. Um 1979 er Reynir einn tilgreindur sem leigjandi landsins.

Reynir Eyjólfsson starfaði sem kaupmaður í Reykjavík. Hann stofnaði matvöruverslunina Reynisbúð árið 1955 og rak í 30 ár á horni Ásvallagötu og Bræðraborgarstígs. Fyrri kona hans var Guðrún E. Guðmundsdóttir (1915-1948) og áttu þau þrjá syni, Árna, Eyjólf og Jóhann. Eftir lát hennar kvæntist hann Ragnheiði Friðriksdóttur (1916-2004) og áttu þau einn son, Jóhannes Valgeir. Í dag er húsið í eigu þriggja sonanna, en stærstan hlut á Jóhann Reynisson.

Við bústaðinn stendur neðsti hluti flaggstangar sem áður mun hafa staðið við Gúttó í Vonarstræti og var að sögn notuð þegar bláhvíti fáninn var dreginn þar að húni, líklega í kringum mótmælin 1913. Á landinu er jafnframt hlaðinn garðveggur í tvennu lagi, samtals um 80 m langur, sem er að sögn frá í tíð kotbúskapar á Elliðavatnsjörð.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri með einhalla þaki, frá 8. áratugi 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið stendur á jaðri sumarbústaðabyggðar við Helluvatn og er lágreist og hógvært í umhverfi sínu.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Húsið virðst óbreytt að gerð og hefur verið vel við haldið.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga**.** Á landinu eru ***hlaðin garðlög*** og annar ***vitnisburður um notkun og ræktun landsins***, svo sem ***heimtröð og trjágróður***, sem ástæða er til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1957** **Elliðavatnsblettur 17**

**Fyrsti eigandi** Halldóra Jónsdóttir og Sveinn Lýðsson rafvirki

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Útskot

**Helstu breytingar**

1957 Bátaskýli

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á landinu stendur sumarbústaður (mhl. 01) sem líklega var byggður um 1957-1958 og bátaskýli (mhl. 02) frá svipuðum tíma. Hjónin Halldóra Jónsdóttir (1918-1979) og Sveinn V. Lýðsson rafvirki (1919-2005) sóttu um að fá leigt sumarbústaðaland á þessum stað árið 1956. Árið 1957 voru gerðar tillögur um sumarbústaðalönd fyrir nokkra umsækjendur við suðaustanvert Helluvatn og gert ráð fyrir 0,35 ha landi fyrir Svein Lýðsson austast, nálægt árkvísl Kirkjuhólmaár. Í ágúst 1959 samþykkti bæjarráð svo loks ráðstöfun á sumarbústaðalandi til hjónanna. Sveinn var á þessum tíma nýráðinn eftirlitsmaður hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur þar sem hann starfaði í um 40 ár. Hann kvæntist Halldóru Jónsdóttur árið 1940 (1918-1979) en þau skildu síðar. Þau áttu tvö börn, Guðrúnu og Jón Kristinn.

Samkvæmt korti Rafmagnsveitunnar af svæðinu frá 1958 stóð þá eitt hús á landinu, nokkurn veginn á þeim stað þar sem núverandi hús er. Það var þó ekki fyrr en 1965 sem Sveinn sótti um leyfi til að byggja sumarbústað á landinu. Ekki finnst önnur umfjöllun eða samþykkt byggingarleyfis fyrir húsinu í skjölum Rafmagnsveitunnar eða byggingarnefndar á Borgarskjalasafni. Samkvæmt fasteignaskrá er byggingarár hússins 1940, en það stenst ekki miðað við heimildir. Ekkert hús sést á blettinum á loftmyndum frá 1951 og 1954 eða á kortum, fyrr en á kortinu frá 1958. Húsið sést hins vegar á loftmynd sem til er frá 1971 og einnig bátaskýlið sem stendur lítið eitt norðar, en það er skráð með byggingarár 1957 í fasteignaskrá. Álykta má að húsið og bátaskýlið hafi verið reist um það leyti sem Sveinn og Halldóra voru búin að fá vilyrði fyrir landinu eða um 1957-1958. Sveinn virðist hafa átt húsið til um 1980 en þá var húsið ásamt leigurétti framselt til Guðmundar J. Richter sem átti það til 2006, þegar það komst í eigu núverandi eiganda, Dagnýjar Elsu Einarsdóttur.

Við vesturmörk landsins er niðurgrafið dæluhús sem tengist aðalæð vatnsveitu frá Gvendarbrunnum.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri með lágu mænisþaki, frá 6. áratugi 20. aldar. Á landinu stendur einnig bátaskýli frá svipuðm tíma.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið ásamt bátaskýlinu hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsin standa á jaðri sumarbústaðabyggðar við Helluvatn og eru lágreist og hógvær í umhverfi sínu

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð húsanna eða breytingar á þeim, en líklega hefur þeim lítið verið breytt. Bátaskýlið stendur opið fyrir veðri og vindum.

**Varðveislugildi:** ***Húsin hafa miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins sem sumarbústaðalands býr einnig í ***vegslóða og öðru búsetulandslagi og trjágróðri***, sem ástæða gæti verið til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** 1958

# Elliðavatnsblettur 18

**Fyrsti eigandi** Jónas Guðlaugsson rafvirkjameistari

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Flatt þak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Timburstaurar grafnir í jörð |

**Upphaflegt útlit**
Einlyft

**Helstu breytingar**
1963 Geymsluskúr

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á seinni hluta 6. áratugar 20. aldar var úthlutað nokkrum sumarbústaðalóðum suðaustan Helluvatns og þá bættust nokkrir bústaðir við sumarhúsabyggðina sem þegar var risin í kringum Helluvatn og Elliðavatn. Meðal þeirra sem sóttu um lóðirnar voru nokkrir starfsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem þá hafði umsjón með svæðinu. Einn þeirra var Jónas Guðlaugsson rafvirkjameistari (1915-1973) og fulltrúi hjá Rafmagnsveitunni, sem var úthlutað Elliðavatnsbletti 18 í kringum 1957.

Hús er sýnt á lóðinni á korti Rafmagnsveitunnar frá 1958. Hús virðist standa á sama stað á kortum og loftmyndum frá um 1970-1971 og síðar og virðist vera með sama grunnfleti og núverandi hús á lóðinni. Ekki finnast aðrar heimildir um aldur hússins, upphaflega gerð þess eða breytingar á því, en af þessum kortum og loftmyndum virðist mega álykta að núverandi hús sé það hús sem var byggt um 1958. Í fasteignaskrá er húsið (mhl. 01), hins vegar skráð með byggingarárið 1970, en ekki er ljóst hvaða heimildir eru fyrir því. Um er að ræða einfalt bárujárnsklætt timburhús, um 47 fm að stærð, með útbyggingu til austurs og járnklæddu flötu eða lítt hallandi þaki. Á lóðinni er einnig skráð geymsla (mhl. 02), með byggingarárið 1963. Hugsanlega er þar um að ræða skúr sem samkvæmt loftmyndum (Borgavefsjá) stendur austan lóðamarka Elliðavatnsbletts 18, en af eldri kortum að dæma hafa eystri lóðamörk blettsins áður miðast við ána sem rennur milli Helluvatns og Kirkjuhólmstjarnar. Eftir lát Jónasar Guðlaugssonar var húsið í eigu Karítasar Kristbjörnsdóttur ekkju hans (1913-1998) og seinna sonar þeirra, Gunnars Jónassonar og um tíma Jónasar Más Gunnarssonar, en á árunum 2014-2019 var það í eigu Björns Sigurðssonar og eftir það í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Árið 2020 veitti Byggingarfulltrúi Reykjavíkur Orkuveitunni leyfi til að rífa húsið ásamt skúr. Húsið er ekki í notkun og er nú byrgt fyrir glugga þess og dyr.

## Varðveislumat

| | |
|---|---|
| **Byggingarlistalegt gildi:** | *Lágt gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri með flötu eða einhalla þaki, líklega frá 6. áratugi 20. aldar. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | *Miðlungs gildi*. Húsið hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. |
| **Umhverfisgildi:** | *Lágt gildi*. Húsið er lágreist og hógvært í umhverfi sínu og lítt sýnilegt frá nálægum vegi og göngustíg vegna trjágróðurs. |
| **Upprunaleiki:** | *Miðlungs gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð hússins eða breytingar á því, en líklega er það að mestu óbreytt að gerð. Því hefur ekki verið haldið við og virðist illa farið. |
| **Varðveislugildi:** | ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins sem sumarbústaðalands býr einnig í ***hleðslum, öðru búsetulandslagi og trjágróðri***, sem ástæða gæti verið til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum. |

**Byggingarár** **1980-1990** **Elliðavatnsblettur 19**

**Fyrsti eigandi** Ókunnur **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Geymsluskúr





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Flatt þak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á landinu stendur geymsluskúr en sumarbústaður frá um 1960 hefur verið fjarlægður og stendur grunnur hans eftir vestanvert á landinu. Í fasteignaskrá eru skráðar tvær litlar geymslur á landinu, mhl. 01 (6 ferm.) og mhl. 02 (8 ferm.), báðar með byggingarár 1951. Sú skráning stenst ekki ef marka má aðrar heimildir um hús á landinu.

Landinu var fyrst úthlutað árið 1960 til Böðvars Péturssonar kennara og þá stóð á því sumarbústaður sem Böðvar hefur þá líklega verið nýbúinn að reisa, en hann sótti fyrst um land á leigu á þessum slóðum árið 1957. Ekki sést hús á landinu á loftmynd sem til er frá 1954 eða á korti af svæðinu frá 1958. Ekki finnast skjöl um byggingarleyfi fyrir bústaðnum, brunavirðing eða önnur lýsing á honum eða núverandi skúr á landinu. Böðvar seldi bústaðinn Gunnari Jóhannssyni strax árið 1960 og framseldi honum um leið nýfenginn lóðaleigusamning. Árið 1967 var sumarbústaðnum og leigusamningi fyrir landinu afsalað til Guðnýjar Guðjónsdóttur. Um 1979 var Svanhildur Halldórsdóttir (1918-1993) orðin leigjandi landsins. Maður hennar var Símon Guðjónsson mjólkurfræðingur (1918-2002), sem starfaði lengst af við veitingarekstur og rak söluturninn Simmasjoppu við Suðurgötu í Reykjavík. Svanhildur var húsmóðir, menntuð frá Askov í Danmörku. Þau áttu eina dóttur, Þórunni (1952-2020). Hjónin stunduðu trjárækt á landinu og ræktuðu þar upp lítinn skóg. Húsið var í eigu fjölskyldunnar til 2021, en síðan hefur Orkuveita Reykjavíkur verið umráðandi fasteigna á landinu.

Bústaðurinn virðist af loftmyndum að dæma hafa verið fjarlægður eftir júlí 2022. Geymsluskúrinn, sem stendur suðaustanvert á landinu, sést á loftmynd og korti frá 1990, en ekki á eldri loftmyndum og kortum frá um 1970-1979. Ekki finnast frekari upplýsingar um hvenær hann var byggður.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Lágt gildi*. Einföld skúrbygging sem eftir stendur á landinu.

**Menningarsögulegt gildi:** *Lágt gildi*. Bletturinn sem skúrinn stendur á hefur tengingu við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Bústaður sem þar stóð er nú horfinn, en eftir stendur grunnur hans

**Umhverfisgildi:** *Lágt gildi*. Skúrinn stendur innarlega á landinu og er lítt sýnilegur frá nálægum vegi og göngustíg vegna trjágróðurs.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð skúrsins eða breytingar á honum, en líklega er hann að mestu óbreyttur að gerð og hefur verið vel viðhaldið.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur lágt varðveislugildi.*** Vitnisburður um notkun og ræktun landsins sem sumarbústaðalands býr í ***öðrum mannvirkjum, húsgrunni, stígum og öðru búsetulandslagi og trjágróðri*** á landinu, sem ástæða gæti verið til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1958** 

# Elliðavatnsblettur 20

## *Brjánsholt*

**Fyrsti eigandi** Brian Holt
ræðismaður Breta

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar** >1987 Ný klæðning
Torfklæðning á þaki

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á seinni hluta 6. áratugar 20. aldar var úthlutað nokkrum sumarbústaðalóðum suðaustan Helluvatns og þá bættust nokkrir bústaðir við sumarhúsabyggðina sem þegar var risin í kringum Helluvatn og Elliðavatn. Meðal þeirra sem sóttu þá um lóð var Brian D. Holt, fulltrúi í breska sendiráðinu og samþykkti bæjarráð í júlí 1958 að gefa honum kost á landi við Helluvatn. Brian virðist strax hafa byggt bústað á landinu og er hann merktur inn á kort af svæðinu frá 1958. Ekki finnast skjöl um byggingarleyfi fyrir bústaðnum, brunavirðing, teikningar, myndir eða önnur gögn sem lýsa húsinu. Samkvæmt fasteignaskrá er hann byggður 1957.

Brian Desmond Holt (1921-2000) var írskur en gekk í breska flugherinn í seinni heimsstyrjöld og kom fyrst til Íslands með breska herliðinu árið 1944. Hann kvæntist íslenskri konu, Guðrúnu Friðriksdóttur Holt (1926-2006) og var ráðinn til starfa hjá breska sendiráðinu á Íslandi árið 1951, fyrst sem prókonsúll, síðan vararæðismaður og loks ræðismaður 1968 og gegndi því starfi til 1982. Brian og Guðrún áttu tvo syni, Patrick og Anton, og bjó fjölskyldan m.a. á Suðurgötu 6, þar sem þau ræktuðu upp garð sem vakti athygli og aðdáun samborgaranna. Skv. viðtali við Brian frá 1966, eyddi fjölskyldan miklum hluta af tómstundum sínum í sumarbústaðnum við Helluvatn og þar lagði Brian einnig stund á garðyrkju og ræktun. Bústaðurinn var nefndur "Brjánsholt" og mun Ásgeir Ásgeirsson forseti vera höfundur nafnsins. Bústaðurinn virðist hafa verið í eigu Brians Holt til 1987, en á árunum 1987-2005 var hann í eigu Svölu Pitt Lárusdóttur. Frá 2005 hefur hann verið eign Önnu Ólafsdóttur.

Ekki er ljóst hvort miklar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í gegnum tíðina en af rafmagnsteikningu frá 1987 að dæma er stærð hússins og gluggasetning óbreytt síðan þá. Bústaðnum er vel viðhaldið og hann er nú klæddur lárettum borðum að utan, með torfi á þaki. Á landinu eru einnig tveir litlir kofar, óskráðir í fasteignaskrá, sem sjást á loftmynd 2000.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Sumarbústaðarbygging úr timbri með einhalla þaki, frá 6. áratugi 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið stendur á útsýnisstað í jaðri sumarbústaðabyggðar við Helluvatn og er lágreist og hógvært í umhverfi sínu, umlukið trjágróðri að mestu og lítt sýnilegt frá nálægum vegi.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð hússins eða breytingar á því, en líklega er það að mestu óbreytt að gerð og hefur verið vel viðhaldið. Torfþak er ólíklega hluti af upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins sem sumarbústaðalands býr einnig í ***heimtröð og öðru búsetulandslagi og trjágróðri*** á landinu, sem ástæða gæti verið til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1959** 

# Elliðavatnsblettur 21

**Fyrsti eigandi** Kristján Oddsson línumaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Timbur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar** 1970 Geymsluskúr á lóð

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Í fasteignaskrá eru skráðar tvær byggingar á lóðinni, sumarbústaður (mhl. 01) með byggingarár 1950 og geymsla (mhl. 02) með byggingarár 1970. Á seinni hluta 6. áratugar 20. aldar var úthlutað nokkrum sumarbústaðalóðum suðaustan Helluvatns og bættust þá nokkrir bústaðir við sumarhúsabyggðina sem þegar var risin í kringum Helluvatn og Elliðavatn. Meðal þeirra sem sóttu þá um lóð voru nokkrir starfsmenn Rafmagnsveitunnar, þar á meðal Kristján Oddsson, sem lagði fram umsókn 1958. Bæjarráð samþykkti ráðstöfun sumarbústaðalands til hans í ágúst 1959. Ekki er fullljóst hvenær Kristján byggði bústaðinn sem enn stendur á landinu, en ljóst er að byggingarár í fasteignaskrá stenst ekki. Húsið sést ekki á loftmynd af svæðinu frá 1954 og er ekki merkt inn á kort af svæðinu frá 1958. Gert er ráð fyrir því hér að húsið hafi verið byggt fljótlega eftir að landinu var úthlutað. Ekki finnast skjöl um byggingarleyfi fyrir húsinu, brunavirðing, teikningar, myndir eða önnur gögn sem varpa ljósi á byggingarárið. Húsið sést fyrst á loftmyndum sem til eru af svæðinu árið 1971 og hefur verið teiknað inn á uppfært kort Rafmagnsveitunnar af Elliðavatnsblettum frá 1979. Við norðurmörk landsins stendur geymsluskúr með A-lagi (mhl. 02) sem virðist sjást á loftmyndum sem til eru af svæðinu frá 1971, 1975, 1990 og síðar.

Kristján Franklín Oddsson (1912-1989) starfaði hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur í rúm 40 ár, frá 1931-1972, lengst af sem línumaður. Árið 1939 kvæntist hann Sigrúnu Kristjánsdóttur tannsmið (1916-1991). Þau áttu tvær dætur, Ingibjörgu og Kristjönu. Í minningargrein um Kristján segir frá því hvernig þau hjónin hafi grætt upp sumarbústaðaland sitt og gróðursett þar hundruð trjáplantna svo að á nokkrum árum breyttist landið í fallegan gróðurreit. Frá 1989 hefur bústaðurinn verið í eigu Ísaks Þóris Þorkelssonar plötu- og ketilsmíðameistara.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Sumarbústaðarbygging úr timbri frá 6. áratugi 20. aldar, með mænisþaki og lóðréttri borðaklæðningu Á landinu stendur einnig yngri geymsluskúr.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið stendur í jaðri sumarbústaðabyggðar við Helluvatn og er lágreist og hógvært í grónu umhverfi sínu, en vel sýnilegt frá nálægum vegi.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð hússins eða breytingar á því, en líklega er það að mestu óbreytt að gerð. Því hefur ekki verið haldið við, utan þess að gluggar virðast nýlegir.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins sem sumarbústaðalands býr einnig í ***búsetulandslagi og trjágróðri*** á landinu, sem ástæða gæti verið til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1959** 

# Elliðavatnsblettur 23

**Fyrsti eigandi** Elín Jónasdóttir **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Sumarbústaður og bátaskýli





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1963 | Bátaskýli á lóð | |
| **Klæðning** | Timbur | | <1971 | Geymsluskúr á lóð | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | 2008 | Viðbygging | Ókunnur |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | | Tengibygging | |
| **Undirstöður** | | | <2012 | Gróðurhús á lóð | |

## Saga

Upphaflega stóð á landinu sumarbústaður sem hjónin Mínerva Jósteinsdóttir (1896-1971) og Jónas Jónasson skósmiður (1897-1964) byggðu árið 1937. Byggð var viðbygging við hann á tímabilinu 1960-1970 og er það vesturhluti núverandi húss á landinu. Á árunum 2005-2008 var byggð ný viðbygging í stað upphaflega hússins, sem er austurhluti núverandi húss.

Jónas og Mínerva reistu gamla bústaðinn með leyfi Emils Rokstað þáverandi ábúanda Elliðavatnsjarðar og girtu landið af með háum torfgörðum, sem enn umkringja það. Húsið var borða- og pappaklætt timburhús á hlöðnum grjótgrunni, um 28 fermetrar að stærð. Jónas og Mínerva áttu fimm börn og dvaldi fjölskyldan löngum stundum í bústaðnum. Árið 1958 seldi Mínerva elstu dóttur þeirra, Elínu Júlíönu (1914-2005), bústaðinn. Í hennar tíð var byggt nýtt hús vestan við og líklega samtengt við eldra húsið og er það vesturhluti núverandi húss, eins og áður segir. Ekki finnast nákvæmar heimildir um hvenær þetta hús var byggt. Það sést ekki á loftmynd af svæðinu frá 1954, en sést á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá).

Sunnanvert á landinu stendur bátaskýli, sem líklega var flutt þangað um 1963, en í heimild frá því ári kemur fram að Elín hafi mátt flytja á land sitt bátaskýli sem hún fékk ekki leyfi til að hafa við Elliðavatn. Líklega er þar um að ræða 16 ferm. hús sem skráð er sem matshluti 02 í fasteignaskrá, með byggingarár 1959. Skýlið stendur á landhluta sem var lengst af utan afmörkunar landsins samkvæmt kortum. Suðvestan bústaðarins er einnig lítill geymsluskúr sem sést á loftmyndum frá og með 1971 og stærri skúr eða gróðurhús sem sést frá 2012 (Borgavefsjá).

Árið 1989 urðu Sigurður Sigfússon og Erna Hermannsdóttir eigendur bústaðarins. Þau fengu á árunum 2004-2005 leyfi til að rífa eldri bústaðinn, sem mun þá hafa verið orðinn illa farinn, og byggja í stað hans nýja viðbyggingu svipaða að flatarmáli en hærri, með léttri tengibyggingu og um 29 fermetra pall. Bústaðurinn var í eigu Sigurðar til 2024, en þá varð Orkuveita Reykjavíkur eigandi hans.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Sumarbústaðarbygging úr timbri með einhalla þaki,, líklega frá 7. áratugi 20. aldar, ásamt nútímaviðbyggingu og bátaskýli frá 6. áratugnum.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið ásamt bátaskýlinu hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsin falla vel inn í umhverfi sitt og eru lítið sem ekkert sýnileg frá Heiðmerkurvegi sem liggur norðanvert við sumarbústaðalandið. Landið er umgirt háum hlöðnum torfgörðum frá 4. áratugnum. Trjágróður sem ræktaður hefur verið á landinu hefur mikið gildi fyrir umhverfið og gróna ásýnd þess.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð núverandi sumarhúss, en líklega er það að mestu óbreytt, utan nýrrar viðbyggingar við austurhlið. Bátaskýli virðist upprunalegt að gerð.

**Varðveislugildi:** ***Húsin hafa miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins sem sumarbústaðalands býr einnig í ***hlöðnum torfgörðum***, ***vegslóða og öðru búsetulandslagi og trjágróðri***, sem ástæða er til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

# Elliðavatnsblettur 26
## *Elliðabrekka*

**Fyrsti eigandi** Fanný Benónýsdóttir og Georg Thordal Finnsson

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Pappi |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | Pappi |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Kjallari

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| ? | Viðbygging? |
| ? | Ný klæðning |
| ? | Gluggabreytingar? |
| <2000 | Skúr á lóð |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Sumarbústaðinn *Elliðabrekku* á Elliðavatnsbletti 26 byggðu hjónin Fanný Benónýsdóttir (1896-1975) og Georg Thordal Finnsson (1884-1936), líklega um 1935 eða fyrr. Í fasteignaskrá er bústaðurinn skráður með byggingarárið 1936 en samkvæmt öðrum heimildum var hann byggður áður en Georg lést í ársbyrjun 1936. Eftir lát Georgs, sem var kaupmaður í Vörubúðinni í Reykjavík, starfrækti Fanný verslunina áfram um skeið en árið 1940 stofnaði hún Sængurfatagerðina sem hún rak síðan um árabil í húsi sínu við Hverfisgötu 57a. Fanný var þekkt fyrir dugnað og margvíslegan stuðning við ýmis málefni og góðgerðarmál.

Bústaðurinn var brunavirtur árið 1943 eins og aðrir bústaðir á svæðinu og var þá skv. lýsingu 5,4 x 4 metrar að stærð, byggður úr timbri á steinsteypukjallara (6 x 4,5 m), með skáþaki og klæddur að utan með borðum og pappa á veggjum og þaki. Ekki finnast heimildir um hvort breytingar hafi verið gerðar á húsinu, en af loftmyndum að dæma virðist hugsanlegt að það hafi verið stækkað lítillega frá því sem upphaflega var. Í dag (2025) það klætt að utan með láréttri borðaklæðningu og kjallari með tréplötum. Gluggagerð og gluggasetning virðast tilheyra yngri húsagerð. Vestantil á landinu stendur smáskúr sem sést á loftmyndum frá um 2000 og síðar. Að húsinu liggur vegslóði sem í er borin rauðamöl.

Bústaðurinn var í eigu fjölskyldu Fannýjar og Georgs allt þar til nýlega. Rétt fyrir andlát sitt 1975 seldi Fanný syni sínum Óla Ragnari Georgssyni (1919-1979) bústaðinn, en Óli Ragnar lést árið 1979 og eftir það var bústaðurinn í eigu systur hans Hjördísar Georgsdóttur (1928-2013) um áratugabil. Í minningargreinum kemur fram að bústaðurinn hafi verið byggður af föður Hjördísar og að frá 1935 hafi fjölskyldan flutt þangað á hverju vori og dvalið þar fram á haust. Fjölskyldan dvaldi mikið í *Elliðabrekku*, bæði í tíð Fannýjar og Hjördísar, og börn og barnabörn í fjölskyldunni mynduðu sterka tengingu við staðinn. Frá 2023 hefur húsið verið eign Orkuveitu Reykjavíkur.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Lágt gildi*. Einföld sumarbústaðarbygging úr timbri með einhalla þaki, frá 4. áratugi 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Einn af eldri bústöðunum á svæðinu. Hefur gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Landið liggur lítið eitt utan við meginhluta sumarhúsabyggðarinnar við Helluvatn. Húsið stendur innarlega á landinu í hlíðarhalla norðvestanvert í Heimaási og fellur vel inn í landslagið og gróið umhverfið.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Líklega hefur húsinu verið breytt nokkuð frá upphaflegri gerð, til dæmis hvað klæðningu og gluggagerð varðar, þó að form og þakgerð virðist að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga og vægis fyrir staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins sem sumarbústaðalands býr einnig í ***vegslóða og öðru búsetulandslagi og trjágróðri***, sem ástæða gæti verið til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1919**

# Elliðavatnsblettur 27
## *Heimaás*

**Fyrsti eigandi** Christen Zimsen konsúll **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Sumarbústaður





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | 1924 | Inngöngu - og geymsluskúr a-hlið | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | <1934 | Geymsluskúr n-hlið | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | | 1936 | Hesthús á lóð | |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti | | 1970 | Viðbygging a-hlið Endurbætur | |
| | | | ? | Gluggabreyting | |

## Saga

Á Elliðavatnsbletti 27 stendur elsti sumarbústaðurinn af þeim sem enn standa á svæðinu sem tilheyrði Elliðavatnsjörð. Hann var reistur árið 1919 af Christen Zimsen konsúl (1882-1932) vestan í Heimaási suðaustan Elliðavatnsbæjarins, en Christen hafði árið 1916 keypt 1/4 hluta Elliðavatnsjarðar. Árið 1927 seldu hann og meðeigendur hans Reykjavíkurbæ jörðina og var þá áskilið í afsali að hann og fjölskylda hans fengju að halda því svæði sem hann hafði umgirt og byggt á sumarhús. Kona Christens var Johanne Henriette Zimsen (1883-1957) og áttu þau tvö börn, Ellen og Christian. Fjölskyldan dvaldi í húsinu á sumrin og kallaði það *Heimaás*. Húsið varð síðan eign sonarins, Christians Zimsens lyfsala (1910-1991). Christian bjó í Stykkishólmi á árunum 1948-1963 og rak þar Stykkishólmsapótek, en flutti síðan til Reykjavíkur og stofnaði og starfrækti Laugarnesapótek á árunum 1964-1985. Christian var mikill áhugamaður um skógrækt og hóf trjárækt á landinu fljótlega eftir 1963 og dvaldi þar síðan flest sumur með konu sinni Grethe Zimsen lyfjafræðingi (1912-1973) og fjórum börnum. Húsið er enn í eigu fjölskyldunnar, en síðustu ár hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur haft af því afnot.

Húsið er byggt úr timbri og stendur á grjóthlöðnum undirstöðum. Veggir eru klæddir upprunalegu þykku bárujárni, en þakjárn hefur verið endurnýjað. Inngöngu-, geymslu- og salerniskúr með skáþaki er við austurhlið hússins og var elsti hluti hans byggður 1924, en 1970 var hann stækkaður og einangraður. Lítill geymsluskúr var byggður norðan hans fyrir 1934. Gluggasetning er upprunaleg á húsinu en upphaflega voru þriggja rúðu rammar í gluggunum. Norðaustan við húsið standa rústir hesthúss úr torfi og grjóti sem byggt var um 1936, en í fasteignaskrá er það skráð sem geymsla (mhl. 02), með byggingarár 1949. Af því standa nú hlaðnir og að hluta steyptir veggir, en þekjan er fallin. NV við rústina er steyptur grunnur fyrirhugaðrar hlöðu, sem aldrei var reist. Í hlíðinni SSA af bústaðnum er sólbaðslaut og útgrafinn bekkur. Lítið eitt vestar er dys hestsins Bleiks, sem var reiðskjóti Christens Zimsen í ferðum milli Reykjavíkur og Elliðavatns.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Hátt gildi*. Vandað og vel varðveitt sumarhús af gerð einfaldra lágreistra bárujárnshúsa frá 2. áratugi 20. aldar. Fá dæmi finnast í dag um svo gömul sumarhús í landi Reykjavíkur og líklega á landsvísu.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Elsti bústaðurinn á svæðinu og landið eitt af þeim sem var úthlutað fyrri eigendum Elliðavatnsjarðar. Hefur því sterka tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og mikið vægi í langri sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Hefur mikið gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Hátt gildi*. Húsið stendur í hlíðarhalla vestanvert í Heimaási og var áður vel sýnilegt frá Elliðavatni og Þingnesvegi, en er nú að mestu umlukið skógi og lítt sýnilegt. Húsið ásamt öðrum mannvirkjum og trjágróðri á landinu stendur þó sem mikilvægur áþreifanlegur vitnisburður í umhverfinu um sögu svæðisins.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Húsið er mjög upprunalegt að ytri og innri gerð og er vel við haldið, en gluggar voru upphaflega með þriggja rúðu römmum. Upprunaleg innbyggð rúmstæði og kojur eru m.a. í húsinu.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur hátt varðveislugildi.*** Það er elsta sumarhúsið á svæðinu, vel varðveitt og fágætt dæmi um sumarhús frá sinni tíð og hefur mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Húsið er ***friðað vegna aldurs*** skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það hefur jafnframt ótvírætt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig ***hverfisverndað í rauðum flokki***. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins býr einnig í ***öðrum mannvirkjum og trjágróðri*** sem ástæða er til að gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1937**

# Elliðavatnsblettur 30
## *Grænahlíð*

**Fyrsti eigandi** Hjalti Lýðsson kaupmaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Hlaðnar úr grjóti |

**Upphaflegt útlit**

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| <1943 | Viðbygging |
| 1950 | Garðskáli |
| 1950 | Kartöflugeymsla |
| 1955 | Geymsla á lóð |
| <1956 | Viðbyggingar |
| <1959 | Útsýnisturn á lóð |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á landinu stendur sumarbústaðurinn *Grænahlíð*, sem samkvæmt fasteignaskrá var byggður 1937. Húsið byggði Hjalti Lýðsson kaupmaður (1900-1976), en samkvæmt heimild frá 1938 hafði hann þá fengið leyfi Emils Rokstads ábúanda Elliðavatns til að reisa húsið og girða kringum það. Hús Hjalta var brunavirt árið 1943 og var þá 6 x 5,4 m að stærð, byggt úr bindingi á hlöðnum steingrunni, með lágu risi og klætt að utan með járni. Við húsið stóð þá lítil timburviðbygging með skáþaki, 6,3 x 2,3 m að stærð. Húsinu virðist hafa verið breytt í núverandi mynd fyrir 1956, af loftmynd að dæma. Skv. virðingu frá 1974 var einn hluti þess þá 6,5 x 5,3 m að stærð, sennilega vesturhluti núverandi húss, og annar hluti 14 x 5,25 m, með lágum kjallara, sennilega austurhluti núverandi húss. Hugsanlega er vesturhlutinn upprunalega húsið, en þakgerð og gluggum hefur þá verið breytt. Útsýnisturn stóð NA-vert og efst á landinu og sést á loftmyndum eftir 1956. Skv. fasteignaskrá er á landinu garðskáli byggður 1950 (mhl. 02), kartöflugeymsla byggð 1950 (mhl. 04) og geymsla byggð 1955 (mhl. 03). Önnur mannvirki en bústaðurinn virðast horfin eftir 2019, en eftir standa grunnar NA-vert á landinu.

Hjalti Lýðsson hóf starfsferil sinn árið 1916 sem vinnumaður hjá Emil Rokstad, sem keypti það ár helming Elliðavatnsjarðar og rak Elliðavatnsbú fram yfir 1940. Hjalti hélt til Noregs 1921 til að kynna sér niðursuðu og reykingu matvæla og kynntist þar konu sinni, Elvíru (1906-2005) sem hann kvænist 1927, en þau hjónin eignuðust þrjú börn. Hjalti varð umsvifamikill kjötkaupmaður eftir 1930 og rak um árabil kjötverslanir á nokkrum stöðum í Reykjavík. Árið 1949 var hann meðal stofnenda Stjörnubíós og forstjóri þess þar til skömmu áður en hann lést. Í minningargreinum um hjónin Hjalta og Elvíru kemur fram að *Grænahlíð* hafi verið sælureitur þeirra og þar hafi þau ræktað trjágróður og aðrar plöntur, auk þess sem Hjalti flutt á landið stóra hraungrýtisdranga úr Rauðhólum, sem standa þar enn og setja mikinn svip á umhverfið. Húsið er nú í eigu Unnar eftirlifandi dóttur þeirra og dánarbús systkina hennar.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Bárujárnsklætt sumarhús úr timbri, samsett úr framhúsi með skáþaki og bakhúsi með tvíhalla ósamhverfu þaki, upphaflega byggt á 4. áratug 20. aldar en með síðari tíma viðbyggingum og breytingum.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Einn af eldri bústöðunum á svæðinu. Hefur gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Hátt gildi*. Húsið stendur í hlíðarhalla suðvestanvert í Heimaási og var áður vel sýnilegt frá Elliðavatni og Þingnesvegi, en er nú að mestu umlukið skógi og lítt sýnilegt. Á landinu hefur verið komið fyrir stórum hraungrýtisdröngum sem munu komnir úr Rauðhólum og setja mikinn og sérstæðan svip á umhverfið.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Óljóst er hvaða hluti hússins er elstur og hvað eru seinni tíma viðbyggingar. Gluggagerð á framhúsinu er yngri en á bakhúsinu og hefur hugsanlega verið breytt, sem og þakgerð.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga og vægis fyrir staðaranda Elliðavatns og umhverfis.
Vitnisburður um notkun og ræktun landsins býr einnig í umhverfi hússins, svo sem ***stórum hraungrýtisdröngum*** sem komið hefur verið fyrir á landinu, ***vegslóða, leifum annarra mannvirkja og trjágróðri***, sem ástæða er til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** 1927

# Elliðavatnsblettur 32

## *Lynghóll*

**Fyrsti eigandi** Emil Rokstad athafnamaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun** Sumarbústaður





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | |
| **Klæðning** | Bárujárn | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Ris
Kjallari

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| 1942 | Endurbætur | | |
| | Viðbygging | | |
| 1951 | Inngönguskúrar | | |
| | Stækkun kjallara | | |
| 1962 | Viðbygging | Kjartan Sveinsson | bygg.tæ |
| 1968 | Endurbætur | | |
| >1970 | Ný klæðning | | |
| 2010 | Ný klæðning viðb. | | |

## Saga

Á blettinum stendur sumarbústaðurinn *Lynghóll* sem upphaflega var byggður af Emil Rokstad athafnamanni, einum af þremur eigendum Elliðavatnsjarðar sem seldu Reykjavíkurbæ jörðina árið 1927. Rokstad fékk þá skv. afsali 2 hektara land með fresti til 5 ára til að byggja þar sumarhús. Í fasteignaskrá er húsið sagt byggt 1925, en skv. heimildum hefur það ekki verið byggt fyrr en eftir sölu jarðarinnar. Árið 1940 seldi Rokstad Ólafi Ófeigssyni skipstjóra (1900-1987) húsið og lét fylgja því 3000 fermetra lóð úr landinu. Ólafur seldi síðan Hilmari Stefánssyni bankastjóra (1891-1965) húsið árið 1942. Hilmar endurbætti og stækkaði húsið og endurbyggði að hluta. Í brunavirðingu frá 1943 er húsið sagt byggt úr bindingi á steyptum kjallara, með tveimur útskotum, öðru með sólstofu, og bárujárnsklætt á veggjum og þaki. Árið 1944 seldi Hilmar Arinbjarni Óskarssyni kaupmanni (1914-1998) húsið en 1951 var það aftur komið í eigu Hilmars og var þá búið að byggja inngönguskúr við norðurgafl þess og stækka kjallarann. Lítill inngönguskúr við austurgafl er líklega frá svipuðum tíma.

Um 1956 var húsið komið í eigu Karls Lúðvíkssonar apótekara (1908-1997) og var síðan í eigu hans og fjölskyldu hans til 1998. Á árunum 1959-1962 var byggð viðbygging úr holsteini norðanvert við húsið og inngönguskúr sameinaður eldra húsinu undir samfelldu þaki. Bátaskýli (mhl. 02) var byggt niðri við vatnið 1962. Árið 1968 voru gerðar endurbætur á eldra húsinu og seinna var það klætt með lóðréttri borðaklæðningu. Einnig hefur sólstofa við vesturhlið verið stækkuð. Geymsluskúr (mhl. 03) var byggður austan við húsið 1970. Unnur Jökulsdóttir rithöfundur, keypti húsið árið 1998 og hefur gert ýmsar breytingar innandyra, byggt nýja verönd, skipt um glugga og klætt viðbygginguna, sem áður var múruð, með lóðréttri borðaklæðningu. Á lóðinni eru ýmis önnur mannvirki, m.a. dúkkuhús frá 1966, hellulögð tjörn, hlaðinn bekkur og vegghleðsla frá 2007-8. Suðaustanvert á lóðinni er hlaðið mannvirki sem er að sögn rústir gamals bæjar. Í örnefnaskrá Elliðavatns segir að grafið hafi verið niður í tóftir þar sem sumarbústaðurinn er nú og efni úr þeim verið notað í undirstöður hans.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Vel varðveitt sumarhús af gerð einfaldra lágreistra bárujárnshúsa frá 3. áratugi 20. aldar með yngri viðbyggingu teiknaðri af Kjartani Sveinssyni. Á landinu standa einnig bátaskýli og dúkkuhús frá 7. áratugnum og yngri geymsluskúr.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Einn af elstu bústöðunum á svæðinu og bletturinn einn af þeim sem fyrri eigendum Elliðavatnsjarðar var úthlutað. Hefur sterka tengingu við sögu Elliðavatnsbýlis og mikið vægi í áratugalangri sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Hefur mikið gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Hátt gildi*. Húsið stendur við Elliðavatn, skammt suðaustan Elliðavatnsbæjarins og er sýnilegt og vel aðgengilegt frá Þingnesvegi. Húsið ásamt öðrum mannvirkjum og trjágróðri á landinu stendur sem mikilvægur áþreifanlegur vitnisburður í umhverfinu um sögu svæðisins.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Húsið er nokkuð upprunalegt að ytri gerð þó að aukið hafi verið við það og viðbygging reist úr öðru efni og í öðrum stíl. Samræmd breytt klæðning er á báðum hlutum. Húsinu hefur verið vel við haldið.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur hátt varðveislugildi.*** Það er eitt af elstu húsunum á svæðinu, hefur sterka tengingu við Elliðavatnsbýli og mikið vægi fyrir sögu og staðaranda Elliðavatns. Húsið er ***umsagnarskylt vegna aldurs*** skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það hefur jafnframt hátt gildi út frá öllum fjórum þáttum varðveislumats og því er lagt er til að það verði einnig ***hverfisverndað í rauðum flokki.*** Á landinu eru einnig ***vegghleðslur og leifar tófta*** undir húsgrunni, sem hugsanlega eru minjar eldri bæjarhúsa, og aðrar ***minjar um búsetu og ræktun*** sem ***mikilvægt er að gæta að í skipulagi og framkvæmdum***.

**Byggingarár** **1938**

# Elliðavatnsblettur 33
## *Lækjamót*

**Fyrsti eigandi** Sigurjón Jónsson **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Sumarbústaður





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timbur, bindingur | Einlyft | <1941 | Torfhús á lóð | |
| **Klæðning** | Bárujárn | Kjallari | <1943 | Viðbygging | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Ris | 1960-1975 | Viðbygging við v-gafl | |
| **Þakklæðning** | Bárujárn | Inng.skúr | ? | Ný klæðning | |
| **Undirstöður** | Steinsteyptar | | | | |

## Saga

Á landinu stendur sumarbústaðurinn *Lækjamót* sem byggður var árið 1938. Í fasteignaskrá er húsið sagt byggt 1935, en samkvæmt bréfi Sigurjóns Jónssonar til bæjarráðs dags. 31.10.1938, þar sem hann sækir um leyfi til afnota á landspildu kringum bústaðinn, reisti hann húsið sumarið 1938 með leyfi Emils Rokstads staðarhaldara á Elliðavatni. Húsið var þá 4,5 x 3,5 m að stærð. Það þjónaði sem heilsársbústaður Sigurjóns og var skráð við Suðurlandsbraut. Hugsanlega er um að ræða Sigurjón Jónsson fyrrverandi héraðslækni á Dalvík (1872-1955), sem flutti ásamt konu sinni Sigríði Ólafsdóttur (1875-1952) til Reykjavíkur árið 1938, en þau bjuggu eftir 1946 á heimili dóttur sinnar Elínar að Reykjavegi 24 í Laugardal. Önnur dóttir þeirra, Ingibjörg Sigurjónsdóttir lyfjafræðingur (1914-1986), átti seinna sumarbústaðinn *Hvamm* á Elliðavatnsbletti 13. Í brunavirðingu frá 1943 er húsið sagt byggt úr timbri á steinsteypukjallara, allt járnvarið utan og með inngönguskúr. Það mældist þá 5,9 x 3,9 m og hefur því verið stækkað frá því sem upphaflega var.

Um 1946 eignuðust húsið hjónin Gunnlaugur Eggertsson Briem ráðuneytisstjóri (1903-1999) og Þóra Garðarsdóttir Briem (1905-1999) og er það í dag (2025) í eigu sonar þeirra Garðars Briem. Í tíð þeirra var gerð viðbygging við húsið. Ljóst er af loftmyndum að upprunalega húsið frá 1938 er sá hluti sem stendur austar (nær Þingnesvegi), en viðbyggingin er sá hluti sem stendur vestar og snýr norðvesturhlið að Elliðavatni. Ekki er fullljóst hvenær hún var reist, en hún sést ekki á loftmynd sem til er frá 1959, en sést hins vegar á loftmynd frá 1975. Hún hefur verið byggð í sama formi og eldra húsið, en hlaðið utan með kjallara hennar með torfi. Í dag eru báðir hlutar hússins klæddir með láréttri borðaklæðningu.

Norðar á lóðinni standa stein- og torfhlaðnir veggir húss, sem af kortum að dæma hefur verið byggt á svipuðum tíma og bústaðurinn (fyrir 1941), og er skráð sem mhl. 02 (geymsla) í fasteignaskrá. Af loftmyndum má sjá að torfþak hefur verið á því fram yfir 2008. Gunnlaugur og Þóra unnu mikið starf við trjárækt og uppgræðslu á landinu sem nú er skógi vaxið.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Vel varðveitt sumarhús af gerð einfaldra lágreistra bárujárnshúsa frá 4. áratugi 20. aldar með nýrri klæðningu og viðbyggingu með sama byggingarlagi.

**Menningarsögulegt gildi:** *Hátt gildi*. Hefur tengingu við sögu Elliðavatnsjarðar og áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Einn af eldri bústöðunum á svæðinu. Hefur gildi fyrir sögulega dýpt og anda staðarins.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið stendur við Elliðavatn og var áður vel sýnilegt frá vatninu og Þingnesvegi, en er nú að mestu umlukið skógi og lítt sýnilegt. Húsið ásamt öðrum mannvirkjum og trjágróðri á landinu stendur sem áþreifanlegur vitnisburður í umhverfinu um sögu svæðisins.

**Upprunaleiki:** *Hátt gildi*. Húsið virðist nokkuð upprunalegt að ytri gerð og viðbygging er í samræmi við upprunalegt byggingarlag. Samræmd breytt klæðning er á báðum hlutum. Húsinu hefur verið vel við haldið

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga og vægis fyrir staðaranda Elliðavatns og umhverfis. Vitnisburður um notkun og ræktun landsins býr einnig í ***rústum torfhúss og öðru búsetulandslagi og trjágróðri*** á landinu, sem ástæða er til að varðveita og gæta að í skipulagi og framkvæmdum.

**Byggingarár** **1945** 

# Elliðavatnsblettur 35 (mhl. 02)
***Þingnes***

**Fyrsti eigandi** Haukur Vigfússon **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Bátaskýli





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | Steyptar |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Um er að ræða 16 fm bátaskýli úr timbri sem eftir stendur á lóðinni Elliðavatnsbletti 35, en þar stóð áður sumarbústaður sem brann í janúarbyrjun 2022. Samkvæmt fasteignaskrá er skýlið (mhl. 02 á lóðinni), byggt árið 1945. Ekki finnast heimildir um byggingarár skýlisins eða hvort breytingar hafi verið gerðar á því í gegnum tíðina.

Lóðin Elliðavatnsblettur 35 liggur vestanvert á svonefndu Þingnesi sem gengur inn í Elliðavatn sunnanvert. Elstu heimildir sem finnast um sumarbústaðaland á þessum stað eru skjöl frá 1932, þar sem Haukur Vigfússon bankaritari (1910-1981), seinna forstöðumaður veðdeildar Landsbankans, sækir um 1 ha land undir sumarbústað skammt frá landamerkjum Elliðavatns og Vatnsenda að sunnanverðu við vatnið og bæjarstjórn samþykkir að leigja honum um 1/2 ha land. Haukur virðist fljótlega hafa byggt bústaðinn og er tiltekinn sem leigutaki leigulands í Elliðavatnslandi í skjölum frá um 1939-1950. Bústaður er sýndur á landinu á korti sem til er af svæðinu frá 1941. Um 1951 seldi Haukur bústaðinn Gunnari Hall kaupmanni (1909-1970), en um 1954 virðist hann hafa verið kominn í eigu Einars Kristjánssonar heildsala (1907-1980). Um 1993 eignuðust bústaðinn þeir Þorbjörn Broddason, Björn Marteinsson og Sigurður Jakobsson og seinna fyrirtækið AMI ehf., en húsið brann í ársbyrjun 2022, eins og áður segir og eftir standa nú einungis leifar af steyptum undirstöðum og timburpalli. Í dag (2024) er Orkuveita Reykjavíkur skráð umráðandi landsins í fasteignaskrá.

Á Þingnesi er þyrping fornra rústa sem taldar eru hugsanlegar leifar Kjalarnesþingstaðar og voru friðaðar árið 1938 með þinglýstu friðlýsingarskjali.

## Varðveislumat

**Byggingarlistalegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Einfalt bátaskýli úr timbri frá 5. áratug 20. aldar.

**Menningarsögulegt gildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið hefur gildi vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga.

**Umhverfisgildi:** *Miðlungs gildi*. Húsið er lágreist og hógvært í umhverfi sínu. Stendur á útsýnisstað við jaðar Elliðavatns.

**Upprunaleiki:** *Miðlungs gildi*. Ekki finnast heimildir um upprunalega gerð hússins eða breytingar á því.

**Varðveislugildi:** ***Húsið hefur miðlungs varðveislugildi***, einkum vegna tengingar við áratugalanga sögu svæðisins sem sumarbústaðalands Reykvíkinga. Annar vitnisburður um þá sögu býr m.a. í grunni sumarhúss sem stóð á landinu en er nú brunnið.

# Heimildaskrá

## Óprentaðar / Óútgefnar heimildir


Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

Borgarverkfræðingur.

Askja 95.

Askja 239

Brunabótavirðingar.

Aðf. 749. Brunabótavirðingar. Bók 01-07-1943 til 10-05-1945.

Aðf. 4339. Brunabótavirðingar. Bók 09-06-1945 til 28-08-1947.

Aðf. 4341. Brunabótavirðingar. Bók 30-06-1950 til 30-12-1953.

Lýsingabók nr. 17: Sóleyjargata – Suðurlandsbraut/Selás.

Byggingarnefnd (B-skjöl).

Elliðavatnsblettur 3, B/15837.

Elliðavatnsblettur 4, B/15712.

Elliðavatnsblettur 12, B/14871.

Elliðavatnsblettur 14, B/14152.

Elliðavatnsvegur 101 (Elliðavatnsblettur 3), B/7504.

Málasafn borgarstjóra.

Askja 667.

Rafmagnsveita Reykjavíkur I.

Öskjur 13–15 og 389.

Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Elliðavatnsblettir 1–35, sjá meðfylgjandi húsaskrá.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdrættir.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Skjala- og gagnasafn, húsvernd.

Elliðavatnsblettir 1–35. Ýmis skjöl, sjá tilvísanir.

Ljósmyndir teknar við vettvangskannanir.

Lyfjafræðisafnið.

Myndaalbúm. Elliðavatnsblettur 13. Ljósmynd tekin 16. júlí 1990;

Skjöl Sverris Magnússonar lyfjafræðings.

Óundirrituð og ódags. teikning af húsinu Hvammi, Elliðavatnsbletti 13.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnasafn.

„Elliðavatn“. Örnefnaskrá Elliðavatns eftir Ara Gíslason með athugasemdum skráðum eftir Christian Zimsen, 1984. Sjá *Vef*. Nafnið.is, https://nafnid.is/ornefnaskra/25486/pdf.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur.

Landupplýsingar.

Kortasafn (fyrrum landupplýsingadeildar).

Rafmagnsveita Reykjavíkur. „Sumarbústaðalönd við Elliðavatn“, kort dags. 22.12.1958, safnnr. II-15-5-20. Hér notað stafrænt afrit á Borgarsögusafni Reykjavíkur.

## Prentaðar / útgefnar heimildir

„Agnar Þórðarson“. *Morgunblaðið*, 25.8.2006, 44–45.

„Andlát: Brian D. Holt“. *Morgunblaðið*, 5.10.2000, 6.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Rauðhólar: Fornleifaskrá*. Skýrsla 217. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2021.

Auður og Sif [án kenninafna]. „Hjónaminning: Astrid Eyþórsson og Benedikt Eyþórsson“. *Morgunblaðið*, 10.8.1993, 36

Axel Sigurðsson, ritstj. *Lyfjafræðingatal: Lyfjafræðingar á Íslandi 1760–2002*. Seltjarnarnes: Lyfjafræðingafélag Íslands, 2004.

Árni Gunnarsson. „Hér ef ég verið í 17 ár og hér mun ég verða: Árni Gunnarsson fréttamaður ræðir við Brian Holt ræðismann Breta á Íslandi“. *Vikan* 28, nr. 7. (1966), 24–27, 40–41.

Árni Hjartarson og Helgi M. Sigurðsson. *Elliðaárdalur: Perla Reykjavíkur*. Reykjavík: Nýhöfn, 2016.

Árni Óla. „Elliðaármálin“. Í *Elliðaárnar: Paradís Reykjavíkur*, ritstj. Guðmundur Daníelsson, 27–68. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1968.

„Barn drukknar“. *Alþýðublaðið*, 19.7.1923, 1.

Benedikt Gröndal. „Elliða-ár frá upptökum og að árósum 1880“. Í *Elliðaárnar: Paradís Reykjavíkur*, ritstj. Guðmundur Daníelsson, kort aftast. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1968.

„Brynjúlfur Björnsson tannlæknir – minning“. *Morgunblaðið*, 30.11.1954, 2, 12.

„Búnaðarfélag Íslands 1910“, *Búnaðarrit* 24, nr. 1 (1910), 333–356.

„Búnaðarfélag Íslands 1914“, *Búnaðarrit* 28, nr. 1 (1914), 303–333.

„Bústaður Hrafns brann“. *DV*, 17.2.2004, 6.

„Bæjarfréttir: Elliðavatn“. *Vísir*, 16.7.1926, 3.

„Christen Zimsen konsúll“. *Óðinn* 28, nr. 1-6 (1932), 41.

„Christen Zimsen ræðismaður“. *Vísir*, 27.5.1932, 2 .

„Christian Zimsen apótekari – Minning“. *Morgunblaðið,* 13.9.1991, 12.

„Dagbók: Jökulferð“. *Morgunblaðið*, 9.4.1936, 8.

„Dagbók“. *Morgunblaðið,* 21.3.1933, 4.

„Dagbókin“. *Morgunblaðið*, 18.3.1915, 2.

„Dánarfregnir“. *Vísir*, 19.6.1979, 20.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir. *Byggðakönnun: Borgarhluti 7 – Árbær*. Skýrsla 183. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.

Drífa Kristín Þrastardóttir. *Húsakönnun: Grandavegur – Eiðagrandi – Hringbraut – Framnesvegur*. Skýrsla 114. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2004.

Egill Ólafsson. „Gert að fjarlægja 20 sumarhús“. *Morgunblaðið,* 15.12.2012, 26.

Einar S. Arnalds. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1989.

E[lín] Pá[lmadóttir], „Litli kofinn varð að fallegum sumarbústað“. *Morgunblaðið*, 30.7.1961, 16.

„Elliðaárnar keyptar handa Reykjavík“. *Ísafold*, 4.8.1906, 199.

„Elliðaárnar keyptar“. *Lögrétta* 1, nr. 38 (1906), 150.

„Elliðavatn“. *Vísir*, 6.5.1927, 3.

„Elvira Pauline Lýðsson“. *Morgunblaðið,* 2.11.2005, 39.

Emil Strand. „Eggert á Hólmi“. *Vísir*, 25.7.1913, 4.

Emil Strand. „Hagaganga“. *Vísir,* 29.7.1913, 2.

Emil Strand og Páll Stefánsson. „Bann“. *Vísir*, 5.7.1912, 16.

Eysteinn G. Gíslason. „Um brautryðjendur og dúnframleiðslu“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 16.4.1994, 4–5.

Finnbogi Rútur Haraldsson. „Kveðjuorð: Christian Zimsen“. *Morgunblaðið,* 26.9.1991, 41.

„Forstöðumannsstarf“. *Morgunblaðið,* 28.4.1942, 4.

„Fréttir frá Íslandi 1900“. *Skírnir* 75 (1900), 1–18.

Friðþór Eydal: *Kampar í Kópavogi. Herbúðir bandamanna í landi Kópavogsbæjar og næsta nágrenni í síðari heimsstyrjöld*. Gunnar Marel Hinriksson bjó til prentunar. Smárit Sögufélags Kópavogs og Héraðskjalasafns Kópavogs II. Kópavogur: Sögufélag Kópavogs og Héraðskjalasafn Kópavogs, 2013.

Garðar Svavarsson. „Jóhanna Rokstad – Minningarorð“. *Morgunblaðið*, 2.8.1977, 19, 21.

Generalstabens topografiske Afdeling (Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn). „Reykjavík“ 1908, 1:50000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling, 1909. Sjá *Vef*. Landmælingar Íslands, „Kortasafn LMÍ“ (eldri vefur LMÍ), sótt 7.2.2023, https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/?map=1627.

Geodetic Institute, „Uppdráttur Íslands: 27 Reykjavík N.A.“ 1935, 1:50000. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Geodetic Institute, 1936. Sjá *Vef*. Landmælingar Íslands, „Kortasafn LMÍ“ (eldri vefur LMÍ), sótt 7.2.2023, https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/?map=1628.

Gísli Kristjánsson. „Frú Sigríður Ólafsdóttir – Minningarorð“. *Morgunblaðið*, 10.1.1952, 8.

Gísli Sigurðsson. „Skin og skúrir á Elliðavatni“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 12.2.2000, 10–12.

Gísli Sigurðsson. „Skin og skúrir á Elliðavatni – síðari hluti: Draumalandið – og einn draumur sem rættist“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 19.2.2000, 10–12.

„Grjótið bjargaði trjánum“. 16, *Morgunblaðið*, 23.8.1964, 21.

Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar: 1870–1940*. Síðari hluti. Reykjavík: Iðunn, 1994.

Guðlaugur Jónsson. *Saga Strætisvagna Reykjavíkur 1931-1967*. Reykjavík: [Útgefanda ekki getið], 1971.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. „Erlend nöfn á Innnesjum: Arfur seinni heimsstyrjaldar í örnefnum á höfuðborgarsvæðinu“. *Orð og tunga* 19 (2017), 196–217, sótt 3.6.2025, https://timarit.is/page/6872176, DOI: 10.33112/ordogtunga.19.8.

Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir. *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Leiðbeiningar 2. Reykjavík: Minjastofnun Íslands, 2019.

Guðmundur Daníelsson, ritstj. *Elliðaárnar: Paradís Reykjavíkur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1968.

„Hagur hinna verst settu stórum bættur“. *Morgunblaðið*. 11.1.1946, 2, 15.

„Hallgrímur A. Tulinius, stórkaupmaður – Minningarorð“. *Morgunblaðið* 16.3.1963, 8.

Hallur L. Hallsson. „Dánarminning Brynjúlfs Björnssonar“. *Árbók Tannlæknafélags Íslands* 7, nr. 1 (1960), 27.

Hannes Þorsteinsson. „Æviágrip Benedikts sýslumanns Sveinssonar“. *Andvari* 25, nr. 1 (1900), 1–35.

„Heiðmerkurgirðingin stækkuð“. *Vísir*, 12.6.1964, 4.

*Heiðmörk: Friðland Reykvíkinga ofan Elliðavatns*. Reykjavík: Skógræktarfélag Íslands, 1941.

„Heiðmörk“. *Vísir*, 5.5.1941, 2.

Hilmar Garðarsson. *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909–1999*. Reykjavík: Orkuveita Reykjavíkur, 2007.

„Hjalti Lýðsson forstjóri látinn“. *Morgunblaðið*, 17.7.1976, 2.

„Hjalti Lýðsson forstjóri – Minning“. *Morgunblaðið* 22.7.1976, 27.

„Hjördís Georgsdóttir“. *Morgunblaðið*, 10.5.2013, 28.

„Hörmulegt bifreiðarslys“. *Alþýðublaðið*, 26.6.1928, 2.

Ingiberg J. Hannesson. „Guðmundur Kristjánsson Hörðubóli“. *Íslendingaþættir Tímans*, 1.9.1979, 1–2.

„Innlendir viðburðir: Landsvæði í nágrenni Reykjavíkur friðlýst“. *Morgunblaðið,* 24.12.1961, Jólablað III, 54–55.

„Í dag“. *Morgunblaðið,* 3.2.1961, 5.

J. [án kenninafns]. „Emil Rokstad“. *Morgunblaðið,* 19.6.1925, 6.

„Jónas Guðlaugsson fulltrúi – Kveðja“. *Morgunblaðið,* 8.3.1973, 25.

„Kaup á Elliðavatni“. *Morgunblaðið,* 7.5.1926, 4.

„Kaupin á Elliðavatni“. *Morgunblaðið,* 7.5.1927, 4.

„Kristinn Guðjónsson forstjóri – Minning“. *Morgunblaðið,* 9.10.1990, 50–51.

Kristín Heiða Kristinsdóttir. „Skrifandi veiðivörður í skóginum“. *Morgunblaðið,* 8.9.2007, 30–31.

„Landnám Templara“. *Boðberinn* 1, nr. 1 (1938), 5–6.

Leifur Jónsson. „Minningar úr sumarbústað“. *Sumarhúsahandbókin* 24, nr. 1 (2017), 62–72.

Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg: Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Reykjavík: Helgafell, 1952.

Maggi Júl. Magnús. „Sumarland Reykvíkinga: Síðari grein“. *Morgunblaðið,* 21.3.1941, 5–6.

Magnús Oddsson. „Kristján Franklín Oddsson – Minning“. *Morgunblaðið,* C-hluti, 23.4.1989, 24.

„Minning: Kjartan Hjaltested fv. afgreiðslustjóri“. *Morgunblaðið,* 8.11.1983, 39.

„Minning: Svavar Hjaltested skrifstofustjóri“. *Morgunblaðið,* 20.9.1991, 33.

Oddur Guðjónsson. „Hjalti Lýðsson“. *Íslendingaþættir Tímans,* 4.9.1976, 4–5.

Ólafur Ó. Johnson. „Magnús Andrésson forstjóri: Minning“. *Morgunblaðið,* 20.12.1966, 14.

Ólafur Skúlason. „Fanný Benónýs“. *Íslendingaþættir Tímans,* 3.4.1976, 6–7.

Páll Líndal. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A–G). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1991.

P.S. „Minningarorð um Axel Herkind“. *Alþýðublaðið,* 27.4.1948, 7.

„Rafmagnsveitan“. *Morgunblaðið,* 16.3.1923, 4.

Ragna M. Þorsteins. „Þóra Magnúsdóttir“. *Morgunblaðið,* 26.2.2016, 24–25.

Ragnhildur Gísladóttir. „„Betur farið en heima setið““. *Ísafold,* 24.2.1900, 39.

„Rauðhólarnir friðlýstir og bann lagt við jarðraski þar“. *Morgunblaðið,* 1.2.1961, 24.

Reykjavíkurborg. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Reykjavík, 2021.

Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur). *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar*. Þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016. Reykjavík, 1998.

„Reynir Eyjólfsson kaupmaður“. *Morgunblaðið,* 12.2.1987, 48–49.

Sigurbjörn A. Gíslason. „Sigurjón Jónsson fyrrv. héraðslæknir – minning“. *Morgunblaðið,* 24.9.1955, 2.

Sigurður Ágústsson. „Minning: Christian Zimsen apótekari og skógræktarmaður 26. sept 1910 – 7. sept. 1991“. *Skógræktarritið* 2, nr. 1 (1992), 126.

Sigurlaug Bjarnadóttir. „Minning: Baldvin Jónsson“. *Morgunblaðið,* 12.2.1988, 41.

Siv [H. Franksdóttir]. „Benedikt Eyþórsson – Minning“. *Morgunblaðið,* 23.6.1992, 30.

„Skíðaverkstæði Benedikts Eyþórssonar á Vatnsstíg 3“. *Þjóðviljinn,* 9.12.1937, 4.

„Skjöl innfærð í afsals- og veðmálabækur Reykjavíkur“. *Kaupsýslutíðindi* 33, nr. 18 (1963), 7.

„Sláturfélag Suðurlands“. *Fjallkonan* 24, nr. 16 (1907), 63.

„Slysfarir“, *Ísafold,* 6.6.1900, 139.

„Sorglegt slys“. *Ísland,* 30.6.1928, 4.

„Stefán G. Björnsson formaður Skíðafjelagsins“. *Morgunblaðið,* 26.11.1947, 8.

Stefán Jónsson. „Kópavogur og Heiðmörk“. *Heima er bezt* 16, nr. 9. (1966), 320–325.

Steingrímur Jónsson: „Laxveiði og fiskirækt í Elliðaánum“. Í *Elliðaárnar: Paradís Reykjavíkur,* ritstj. Guðmundur Daníelsson, 102–125. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1968.

„Styrktarsjóður Kristjáns konungs hins níunda“. *Búnaðarrit* 15, nr. 1 (1901), 186–212.

„Stöð Skógræktarfélagsins við Rauðavatn breytt í lystigarð“. *Þjóðviljinn,* 22.6.1966, 5.

„Sumarbústaður brann til grunna: Mikill erill hjá lögreglu um helgina“. *Morgunblaðið,* 7.5.2018, 11.

„Sumarbústaður brennur til kaldra kola“. *Vísir,* 4.2.1913, 16.

Sumarliði Ísleifsson. *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921–1998.* Reykjavík: Orkuveita Reykjavíkur, 2007.

„Sveinn Valdimar Lýðsson“. *Morgunblaðið,* 7.3.2005, 24.

„Sverrir Magnússon lyfsali – Minning“. *Morgunblaðið,* 1.7.1990, C-hluti, 14–15.

„Templarar hafa í hyggju að byggja stórhýsi í Reykjavík og koma upp fegursta skemtistað utan bæjarins“. *Vísir,* 7.9.1938, 4.

„Til lands og sjávar: Þrír ungir Reykvíkingar“. *Norðlingur* 1, nr. 16. (1928–1929), 4.

„Um láð og lög“. *Norðurland,* 8.2.1913, 10.

„Verður framtíðar skemtistaður Reykvíkinga í landi Elliðavatns? Tillögur stjórnar Skógræktarfélagsins“. *Vísir,* 6.10.1938, 3.

„Vilborg Hjaltested“. *Morgunblaðið,* 11.11.2004, 43.

„Vistheimilið að Elliðavatni hætt störfum“. *Alþýðublaðið,* 30.8.1963, 16.

Þ. Guðmundsson. „Betur farið en heima setið". *Ísafold*, 20.1.1900, 15.

Þorgrímur Gestsson. *Mannlíf við Sund: Býlið, byggðin og borgin*. Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan ehf., 1998.

„Þorkell Valdimarsson". *Morgunblaðið*, 8.2.2014, 44.

Þorsteinn J. Sigurðsson. „85 ára: Emil Rokstad". *Vísir*, 20.6.1960, 6.

Þorvaldur S. Þorvaldsson. „Gunnlaugur Þórðarson". *Morgunblaðið*, 29.5.1998, 48.

Þór Whitehead. *Ísland í hers höndum: Myndir úr stríði 1940–1945*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2002.

„Þingeyskur hugvitsmaður fann upp dúnhreinsivélina: Rætt við Baldvin Jónsson". *Dagur*, 15.8.1956, 8.

*Þjóðólfur*, 25.7.1860.

## Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Alþingi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (Umsagnarskylda húsa og mannvirkja), 226. mál, 156. löggjafarþing 2025, https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/156/226/?ltg=156&mnr=226.

Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022, https://www.althingi.is/altext/stjt/2022.126.html.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012, https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html.

Skipulagslög nr. 123/2010, https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 52/1943, https://www.althingi.is/lagas/156a/1943052.html.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur.

„Brunavirðingar 1811–1981". https://www.borgarskjalasafn.is/is/midlun/brunavirdingar-husa-i-reykjavik-1811-1981.

„Brunavirðingar 1811–1953". https://www.borgarskjalasafn.is/is/midlun/brunavirdingar-husa-i-reykjavik-1811-1981/brunavirdingar-1811-1953.

„Brunavirðingar lýsingabækur 1954–1981". https://www.borgarskjalasafn.is/is/midlun/brunavirdingar-husa-i-reykjavik-1811-1981/brunavirdingar-lysingabaekur-1954-1981.

Borgarsögusafn Reykjavíkur.

„Skýrslur". https://borgarsogusafn.is/skyrslur.

Ýmsar skýrslur, sjá undir Prentaðar / útgefnar heimildir.

Doug Decker, „Style Points / The Tudor Cottage“. Alameda Old House History. Birt 11.12.2007. Sótt sept. 2024. https://alamedahistory.org/2007/12/11/style-points-the-tudor-cottage/.

Geni.com.
„Emil Robert Isaksen Strand“. Sótt 13.6.2025. https://www.geni.com/people/Emil-Robert-Strand/6000000030966264883.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
Vefuppfletti fasteignskrár. https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit.

Ísland.is.
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013.
Stjórnartíðindi.
Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. https://island.is/stjornartidindi/nr/b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b.
Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015. https://island.is/stjornartidindi/nr/85ea6132-ad45-4dab-88ec-b0621e493ff4.

Landmælingar Íslands (nú Náttúrufræðistofnun).
„Kortasafn LMÍ“ (eldri vefur LMÍ). Sótt 7.2.2023. https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.
Tímarit.is, https://timarit.is/.
Ýmsar greinar, sjá undir Prentaðar / útgefnar heimildir.

„Local Historic District Designation Submittal Requirements“, Yalecrest – Upper Yale 2nd Addition LHD. Birt nóv. 2013. Sótt sept. 2024. https://www.slcdocs.com/Planning/Historic%20Districts/UpperYale2.pdf

Mbl.is, https://www.mbl.is/frettir/.
„Bústaður við Elliðavatn brann til grunna“. Birt 6.5.2018. Sótt 3.6.2024. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/05/06/sumarbustadur_brann_til_grunna/.
„Hildigunnur Hjálmarsdóttir“. Birt 30.3.2022. Sótt 4.2.2025. https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1805529/.
„Þurfa að fjarlægja húsin fyrir áramót“. Birt 15.12.2012. Sótt 3.6.2024. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/12/15/thurfa_ad_fjarlaegja_husin_3/.

Minjastofnun Íslands.
„Friðlýst hús og mannvirki“. https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki.

„Skráning vegna skipulags – húsakönnun – Huginn“. Sótt 10.7.2025. https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/skraning-husa-og-mannvirkja.

Náttúrufræðistofnun.
Loftmyndasjá. https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja.
„Sögulegar loftmyndir 1990–1999“.
„Fluglínur 1956–1961“. „Reykjanes, 1956“. DMA03-00623. Sótt 2.5.2025. https://atlas.lmi.is/loftmyndir/scanned/DMA/DMA03-00623.tif.

Reykjavíkurborg.
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. https://reykjavik.is/adalskipulag.
Greinargerð. Sótt 5.6.2025. https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-05/AR2040_utgafa_screen_0.pdf.
Viðaukar („Viðauki 8. Skilgreining verndarflokka vegna borgarverndar“). Sótt 5.6.2025. https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-05/vidauki-ar2040-jan2022-loka.pdf.
B2: Borg fyrir fólk – forsendur og skýringar. Sótt 5.6.2025, https://reykjavik.is/sites/default/files/borg_fyrir_folk-b2.pdf.
B2: Græna borgin – forsendur og skýringar. Sótt 5.6.2025. https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-01/graena_borgin_b2.pdf.
Borgarvefsjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/.
Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/.
Skjalasafn Reykjavíkur, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/.
Aðaluppdrættir, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-.Aðaluppdrættir/.
Elliðavatnsblettur 3. Fræðslustofa Skógræktarfélags Reykjavíkur. Yfirlitsmynd gerð af Arkþing, BN004398, dags. nóv. 1991. Sótt 5.7.2025. https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-A%C3%B0aluppdr%C3%A6ttir/A%C3%B0aluppdr%C3%A6ttir/2009/10/2009-10-07_009_3.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5000-A%25C3%25B0aluppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3DBN004398
Elliðavatnsblettur 3. Teikningar undirritaðar af Þorvaldi S. Þorvaldssyni, BN029876, sþ. 21.9.2004. Sótt 5.7.2025. https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-A%C3%B0aluppdr%C3%A6ttir/?q=BN029876.
Borgarsögusafn Reykjavíkur, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5001-Borgarsögusafn-Reykjavíkur/.
„Reykjavík 1932 – Leiðir strætisvagna – bakhlið“. Sótt 7.7.2025. https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5001-Borgars%C3%B6gusafn-Reykjav%C3%ADkur/%C3%81rb%C3%A6jarsafn/2011/03/1133_.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5001-Borgars%25C3%25B6gusafn-Reykjav%25C3%25ADkur%2F%3Fq%3D1932.

Skógræktarfélag Reykjavíkur.
„Elliðavatnsbær“. Sótt 6.5.1925. https://heidmork.is/svaedin-okkar/ellidavatnsbaer/.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Nafnið.is, https://nafnid.is/.
„Elliðavatn. Christian Zimsen. Guðrún Þóra Guðmundsdóttir (1984)“. Sótt 1.3.2024. https://nafnid.is/ornefnaskra/25486/pdf.

Visir.is.
Garðar Örn Úlfarsson. „Eigandi sumarhúss segir Orkuveituna sýna vígtennurnar“. Birt 27.10.2015. Sótt 3.6.2024. https://www.visir.is/g/20151058236d/eigandi-sumarhuss-segir-orkuveituna-syna-vigtennurnar
Garðar Örn Úlfarsson. „Eigendur bústaða ætla ekki að víkja“. Birt 28.12.2015. Sótt 3.6.2024. https://www.visir.is/g/20151286289d/eigendur-bustada-aetla-ekki-ad-vikja.
Garðar Örn Úlfarsson, „Vonast eftir sátt við Elliðavatn“. Birt 6.1.2016. Sótt 3.6.2024. https://www.visir.is/g/2016160109525/vonast-eftir-satt-vid-ellidavatn-.
Margrét Björk Jónsdóttir, „Ég get ekki séð að við séum fyrir neinum“. Birt 4.12.2023. Sótt 3.6.2024. https://www.visir.is/g/20232498436d/-eg-get-ekki-sed-ad-vid-seum-fyrir-neinum-.

**Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur**

190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.

191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.

192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.

193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.

194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.

195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.

196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.

198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.

200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019

201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.

202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.

203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.

204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.

205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.

210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.

211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

212 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir*: Ártúnshöfði. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020*. Rvk. 2021.

214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.

215 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.

216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.

217 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

218 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarmi Geirsson, Torbjörn Brorsson*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Rvk. 2022.

220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.

221 Alma Sigurðardóttir: *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun*. Rvk. 2022.

222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.

223 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

224 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Rvk. 2023.

226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir: *Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.

227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.

228 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning fyrir skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi*. Rvk. 2023.

229 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Klöpp – Skúlagata. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.

230 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna Borgarlínu – Lotu 1. Ártúnshöfði – Fossvogur*. Rvk. 2023.

231 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Þjóðarhöll. Fornleifaskrá*. Rvk. 2024.

232 Steinunn Guðmundsdóttir: *Laugardalur – Þjóðarhöll. Húsakönnun*. Rvk. 2024.

233 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Gufunes – Samgöngutengingar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

234 Sólrún Inga Traustadóttir, Erla Arnardóttir, Eva Bryndís Ágústsdóttir, Heiðar Berg Hjartarson, Lovísa A. Jónsdóttir, Margrét Helgadóttir, Rósa Stefánsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2023*. Rvk. 2024.

235 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Reykjanesbraut – Bústaðavegur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2024.

236 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Hólmsheiði – Athafnasvæði áfangi 2. Fornleifaskráning og húsakönnun vegna deiliskipulags*. Rvk. 2024.

237 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á landsvæðum innan jarðanna Keldna, Grafar, Korpúlfsstaða og Lambhaga*. Rvk. 2024.

238 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar*. Rvk. 2025.

239 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2024*. Rvk. 2025.